allt

Heiðar Þorleifsson:

*Heillaður af hestöflunum*

• bílar



Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Valur Snær Hilmarsson:

*Má ekki segja ljótt í umferðinni*

• kennir fullorðnum mannasiði



SÍÐA 54 ▶

Loftbrú Reykjavík:

*Stutt við þá sem hjálpa sér sjálfir*

• samningurinn rennur út næsta vor



SÍÐA 32 ▶

Handboltakappinn Einar Örn Jónsson:

*Hefur ekki fengið laun borguð á þessu ári*

• slæm staða hjá wallau-liðinu



SÍÐA 36 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. apríl 2005 – 101. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## LAUGARDAGUR



**HAMRABORGARMÁL FYRIR DÓM** Magnús Einarsson sagði fyrir héraðsdómi að það hefði ekki verið ásetningur sinn að bana eiginkonu sinni og barnsmóður. Gæsluvarðhald yfir honum var framlengt til 22. júní. Börn Magnúsar og Sæunnar hitta föður sinn reglulega. **Sjá síðu 2**

**LÖGBROT Á SÓLBAKI** Félagsdómur segir Útgerðarfélagið Sólbak brjóta gegn kjarasamningi við Vélstjórafélagið með því að tryggja tveimur vélstjórum ekki 30 tíma hafnarfrí. Vélstjórarnir tveir og forstjóri útgerðarfélagsins eru ósáttir. Formaður Vélstjórafélagsins er kátur. **Sjá síðu 4**

**TUTTUGU FÓRUST** Tuttugu manns týndu lífi í eldsvoða á hóteli í París í fyrrinótt og rúmlega fimmtíu slösuðust. Hópur flóttamanna frá Afríku bjó á hótelinu svo og ferðamenn víðs vegar að úr heiminum. **Sjá síðu 2**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMUR SUNNAN OG VESTANLANDS Í DAG** en annars allhvasst eða hvasst. Rigning um allt sunnanvert landið. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**RÆTT UM FJÖLMIÐLA** Skýrsla fjölmiðlanefndar og frumvarp um Ríkisútvarpið verða rædd á opnum fundi í Reykjavíkurakademíunni sem hefst klukkan 12 í dag. Fjöldi einstaklinga úr röðum fjölmiðlafólks og stjórnmálamanna tekur til máls.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |


# Ræða uppsagnir vegna vinnuálags

**Mikið og langvarandi vinnuálag á starfsfólk Landspítalans hefur orðið til þess að hreyfing er komin á hjúkrunarfræðinga. Kvartanir streyma til Sjúkraliðafélagsins og ljósmæður mæta jafnvel hálflasnar í vinnuna.**

**ATVINNUMÁL** Mikið vinnuálag í kjölfar sparnaðaraðgerða á Landspítalanum hefur leitt til þess að hreyfing er á hjúkrunarfræðingum og sumir hverjir ræða uppsagnir, að sögn Elsu B. Friðfinnsdóttur formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

„Ég heyri á hjúkrunarfræðingum að mikið og langvarandi álag valdi því að fólk sé farið að hugsa sér til hreyfings,“ segir Elsa. „Vakt eftir vakt, viku eftir viku, fer fólk úr vinnunni með það á tilfinningunni að það geti ekki sinnt nema því allra nauðsynlegasta. Slíkt álag og mikil ábyrgð í minnkandi hópi fagmanna býður hættunni heim. Það vekur upp spurningu um hvar öryggi sjúklinganna sé í öllum þessum aðgerðum og hvernig faglegu öryggi okkar félagsmanna sé háttað.“

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir mikið leitað til félagsins vegna „gríðarlegs vinnuálags“.

„Sumir segjast vera að sligast undan álagi,“ segir Kristín og segir erfitt að fá formleg erindi frá félagsmönnum sem hræðist að þeir myndu gjalda þess á vinnustað.

Ólafía Margrét Guðmundsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, sem vinnur á spítalanum segir því ekki að neita að álagið á ljósmæður væri mikið.

„Við finnum fyrir þessu aðhaldi og sparnaðaraðgerðum sem stöðugt eru í gangi,“ sagði hún. „Nú þarf sami fjöldi að sinna fleiri og flóknari verkefnum. Það er ekkert bætt við. Tilteknar deildir mega ekki við því að einn einasti starfsmaður veikist. Fólk er jafnvel að mæta hálflasið í vinnuna svo álagið lendi ekki á hinum. Þá er stöðugt verið að kvabba á fólki í vaktafríum og kalla það út.“

Ekki náðist í Ernu Einarsdóttur sviðsstjóra starfsmannamála á LSH.

- jss

Páfakjörið:

## Skorsteinn settur upp

**PÁFAGARÐUR, AP** Verkamenn í Páfagarði settu í gær upp reykháf á Sixtínsku kapelluna en upp úr honum mun hvítur eða svartur reykur streyma á mánudaginn. Þá verður haldinn kardinálafundur í kapellunni þar sem nýr páfi verður valinn.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**UNNIÐ AÐ UPPSETNINGU** Þessi reykháfur er eflaust sá frægasti í heiminum um þessar mundir.

Aldagömul hefð er fyrir því að kardinálarnir brenni kjörseðla sína að atkvæðagreiðslu lokinni. Með sérstökum efnum er hægt að lita reykinn. Svartur mökkur mun streyma upp úr strompinum ef klerkarnir eru ósammála um hver verði páfi en hvítur hafi þeir náð sátt um valið. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PB

**VIGDÍSI ÁRNAÐ HEILLA** Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Dorrit Moussaieff forsetafrú voru meðal þeirra sem samfögnuðu Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrum forseta, í afmælisveislu hennar sem haldin var í Perlunni í gærkvöld.

Vigdís 75 ára:

## Annasamur afmælisdagur

**TÍMAMÓT** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fagnaði 75 ára afmæli sínu í gær og hafði í nógu að snúast.

Í gærmorgun heimsótti hún börn í Melaskóla sem söfnuðu fé fyrir ABC hjálparstarf og lét að sjálfsögðu fé af hendi rakna.

Ráðstefnan „Samræður menningarheima“ sem haldin var til heiðurs Vigdísi hélt áfram í gærdag og þar flutti meðal annarra Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands, erindi.

Leikfélag Reykjavíkur hélt Vigdísi síðdegissamsæti í Borgarleikhúsinu og gaf henni óperuflutning í afmælisgjöf en deginum lauk á glæsilegum hátíðarkvöldverði í Perlunni.

- shg

ESB-ríkin ekki sammála um vopnasölu til Kínverja:

## Vopnasölubann áfram í gildi

**LÚXEMBORG, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna náðu ekki samkomulagi um að aflétta vopnasölubanni til Kína á fundi sínum í Lúxemborg í gær. Málinu hefur því verið frestað um sinn og líklegast verður það ekki tekið upp á ný fyrr en árið 2006.

Eftir fjöldamorðin á Torgi hins himneska friðar í Peking árið 1989 ákváðu ríki Evrópusambandsins að hætta allri vopnasölu til Kínverja um óákveðinn tíma. Nokkur ríki sambandsins með Frakka og Þjóðverja í broddi fylkingar hafa hins vegar verið áhugasöm um að aflétta banninu en gegn því hafa Bretar og Norðurlandaþjóðirnar lagst.

Bandaríkjamenn eru jafnframt andsnúnir vopnasölu til Kína og þegar Kínverjar samþykktu lög á dögunum sem heimiluðu hernað gegn Taívönum ef þeir lýstu yfir sjálfstæði settu stjórnvöld í Washington enn meiri þrýsting á ESB-ríkin í þessum efnum. Nú hefur málinu verið stungið undir stól í bili.

Jafnframt samþykkti Evrópuþingið ályktun á fimmtudaginn þar sem hvatt var til að vopnasölubannið yrði áfram í gildi vegna mannréttindabrota kínverskra yfirvalda. ■






*Ítalski sjúkdómurinn*

**Ítölsk stjórnvöld verða að bregðast við hörmulegum atburðum eins og áttu sér stað á þriðjudag.**



**SÍÐA 26 ▶**

*Riðlast samfylking jafnaðarmanna?*

**Formannskjör í Samfylkingunni er í algleymi. Formannsslagur hefur áður leitt til sundrungar og klofnings.**



**SÍÐA 30 ▶**






## SPURNING DAGSINS

*Soffía, blómstrar ástin í Bolungarvík?*

**Já, fólkið er ástríkt en árangurinn í frjóseminni hefur aðeins látið á sér standa.**

Soffía Vagnsdóttir er forsprakki ástarvikunnar í Bolungarvík. Uppskera síðustu ástarviku er þó rýr og einungis er von á einu barni í vor.

Úrræða þörf gagnvart þeim sem dæmdir eru fyrir sitt fyrsta brot:

# Afleiðingar skilorðsdóma engar

**LÖGREGLUMÁL** „Mitt mat er að gera þarf greinarmun á þeim sem brjóta af sér í fyrsta skipti og svo aftur síbrotafólki,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Athygli hefur vakið að talsverður fjöldi síbrotamanna hlýtur ítrekað skilorðsbundna dóma en Geir Jón segir það ekki hlutverk lögreglu að gagnrýna dómstólana.

„Síbrotamenn þurfa auðvitað að finna að síendurtekin afbrot þýða mikla þyngingu refsingar en það sem vegur meira að mínu viti eru þeir sem dæmdir eru fyrir sín fyrstu brot. Það er ekki nóg að opna dyrnar að Litla hrauni fyrir því fólki, heldur þarf að koma þessu fólki til hjálpar áður en það er um seinan. Þetta á sérstaklega við um það fólk sem hefur verið í neyslu og er að líkindum að hefja sinn brotaferil. Afleiðingar skilorðsdóms til handa þeim sem brjóta af sér í fyrsta sinn eru engar.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FANGELSI EKKI LAUSNIN**
Tilraunaverkefni gagnvart ungum ósakhæfum einstaklingum er nýhafið í Reykjavík og lofar árangurinn góðu.

Jón segir tilraunaverkefni þegar hafið gagnvart ungum og ósakhæfum einstaklingum í Grafarvogi og Breiðholti. „Þar hefur þessu unga fólki sem brýtur af sér verið gert að setjast niður með brotaþolunum og málin krufin á þann hátt að viðkomandi bætir fyrir brot sitt með einhverjum hætti. Árangurinn af þessu lofar góðu.“ **- aöe**

Norsk-íslensk síld:

# Íslendingar hækka kvóta

**SÍLD** Aflaheimildir íslenskra skipa í norsk-íslenskri síld verða 14 prósentum hærri í ár en þegar samningar voru í gildi um stjórn veiða úr stofninum. Ástæðan er sú að Norðmenn hafa ekki viljað fallast á skiptingu heildarmagnsins og krafist þess að fá stærri hlut en þeir hafa haft. Því settu þeir kvóta fyrir árið 2005 sem er 14 prósentum hærri en áður.

Þar sem ekkert bendir til þess að Norðmenn muni endurskoða ákvörðun sína um aflaheimildir í norsk-íslenskri síld hafa Íslendingar einnig hækkað kvóta sinn til jafns við hækkun Norðmanna. **- sgi**

# Ætlaði ekki að bana Sæunni

**Magnús Einarsson sagði fyrir héraðsdómi að það hefði ekki verið ásetningur sinn að bana eiginkonu sinni og barnsmóður. Gæsluvarðhald yfir honum var framlengt til 22. júní. Börn Magnúsar og Sæunnar hitta föður sinn reglulega.**

**DÓMSMÁL** Magnús Einarsson sem ákærður er fyrir að hafa orðið eiginkonu sinni og barnsmóður, Sæunni Pálsdóttur, að bana með því að kyrkja hana mætti fyrir Héraðsdóm Reykjaness í gærmorgun þegar málið var þingfest. Magnús játaði að hafa orðið eiginkonu sinni að bana en sagði það ekki hafa verið ásetning sinn.

Magnús ætlaði í fyrstu ekki að tjá sig um efni ákærunnar og hugðist þannig nýta rétt sinn til að tjá sig ekki um ákæruna fyrr en við aðalmálsferð. Hann sagði eftir stutt samtal við Kristin Bjarnason, verjanda sinn, að hann hefði ekki getað kynnt sér málsgögnin nógu vel. Þegar dómari spurði síðar hvort Magnús væri sáttur við ákæruna kom fram að hann viðurkenndi að hafa orðið Sæunni að bana en að það hefði ekki verið ásetningur hans.

Að sögn Kristins Bjarnasonar verður látið á það reyna hvort hann verði dæmdur fyrir morð af gáleysi.

Héraðsdómur framlengdi gæsluvarðhaldið yfir honum til 22. júní.

Magnús myrti konu sína í nóvember á síðasta ári, á heimili hennar í Hamraborg þar sem Sæunn bjó ásamt fjögurra ára dóttur og eins árs gömlum syni þeirra. Eftir að hafa banað Sæunni, með því að þrengja að öndunarvegi hennar með þvottasnúru, hringdi Magnús í lögreglu, prest og tengdaforeldra. Hann var handtekinn í íbúðinni og tekinn til yfirheyslu þar sem hann viðurkenndi verknaðinn. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn í Kópavogi, sagði í samtali við Fréttablaðið skömmu síðar að lát Sæunnar virtist ekki hafa verið óviljaverk heldur að um ásetning hefði verið að ræða.

Eftir lát Sæunnar afsalaði Magnús sér forræði barnanna til foreldra hennar fram að dómslokum. Að sögn Páls Einarssonar, föður Sæunnar, líður börnunum tveim mjög vel og heimsækja þau föður sinn einu sinni í mánuði á Litla-Hraun. Einnig er samkomulagið á milli foreldra Sæunnar og Magnúsar gott.

jse@frettabladid.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Magnús sem er ákærður fyrir að hafa banað eiginkonu sinni kom fyrir Héraðsdóm Reykjaness í gær þegar mál á hendur honum var þingfest. Hann neitaði fyrst að tjá sig um ákæruna en játti svo á sig verknaðinn en kvað það ekki hafa verið framið af ásetningi.

Hæstiréttur þyngir dóm:

# Tornæmir í tukthús

**DÓMSMÁL** Tvítugur fangi á Litla-Hrauni situr hálfu ári lengur inni en fyrir lá þar sem Hæstiréttur þyngdi dóm héraðsdóms.

Fanginn var dæmdur í eins og hálfs árs fangelsi þrátt fyrir að sálfræðingur telji greind mannsins „á sviði tornæmis“ og að hann hafi veruleg frávik í þroska. Athyglisbrestur og hvatvísi skýri að að einhverju marki ofvirkni hans. Dómarar töldu manninn eiga aðgang að sambærilegri heilbrigðisþjónustu innan múra sem utan og skilorðsbundu dóminn því ekki.

Maðurinn er dæmdur fyrir marga tugi brota, skjalafölsun, auðgunar- og umferðarlagabrot. **- gag**

## PÁFAGARÐUR

**VEÐJAÐ UM PÁFA** Veðmöngurum víða um heim er fátt heilagt. Þeir taka nú við veðmálum um hver verði næsti páfi eftir kardinálafundinn á mánudaginn. Flestir veðbankar telja Þjóðverjann Joseph Ratzinger sigurstranglegastan í kjörinu en hann var hægri hönd Jóhannesar Páls II páfa.

## ÍSRAEL

**NAUÐGAÐI SYSTUR SINNI** Lögreglan í Tel Aviv handtók í vikunni 16 ára gamlan pilt sem er grunaður um að hafa nauðgað 14 ára gamalli systur sinni. Að sögn dagblaðsins Haaretz leikur grunur á að um ítrekaða misnotkun hafi verið að ræða.

**GRÖF RABIN VANHELGUÐ** Á dögunum voru nöfn Yitzhak Rabin og konu hans þurrkuð af legsteini þeirra og í staðinn var ritað „morðhundar“ á steininn. Lögreglan í Jerúsalem birti í gær mynd af manni sem er grunaður um verknaðinn en hann er talinn hægriöfgamaður.

Bótagreiðslur:

# Fær ellefu milljónir

**DÓMUR** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Tryggingamiðstöðina hf. til að greiða 25 ára gamalli konu tæpar ellefu milljónir króna. Sambýlismaður konunnar lést af slysförum á ferðalagi á Spáni í byrjun árs 2000. Hafði hann greitt ferðina með gullkorti Vísa og var þar með ferðatryggður fyrir 150 þúsund dali vegna andláts af slysförum.

Tryggingamiðstöðin neitaði að borga bæturnar þar sem konan og unnusti hennar höfðu ekki sama skráða lögheimili. Hins vegar var ljóst að þau höfðu átt sameiginlegt heimili í átta mánuði. **- sgi**

Vegagerðin:

# Ákvörðun ólögmæt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að ákvörðun Vegagerðarinnar um að hafna öllum tilboðum í Héðinsfjarðargöng hefði verið ólögmæt. Hins vegar var Vegagerðin sýknuð af bótakröfum Íslenskra aðalverktaka hf. og NCC International AB sem áttu lægsta boð í göngin. Ekki hafði tekist að sýna fram á hagnaðarmissi.

Vegagerðin bauð Héðinsfjarðargöng út í mars 2003, en í júlí var ákveðið að fresta verkinu vegna þensluástands og öllum tilboðum hafnað. **- sgi**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FLYKKJAST Á SÖNGKEPPNI** Gríðarleg umferð var á leiðinni norður í gær. Mikið af ungu fólki var að flýta sér á söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri í gærkvöld að sögn lögreglunnar á Blönduósi. Tæplega 30 voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur, og óku á allt að 140 kílómetra hraða.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR
Gerðu fyrst gæðasamanburð. Svo skaltu gera verðsamanburð.

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð nú 2.460.000
Verð á mán 29.447,-*

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
*Bílasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Formaður kjörstjórnar Samfylkingarinnar:

# Landburður af nýjum félögum

**STJÓRNMÁL** Talið er að allt að 4.000 nýir félagar hafi skráð sig í Samfylkinguna, en frestur til skráningar fyrir formannskjörið rann út klukkan sex í gærkvöld. „Það er landburður af nýjum félögum,“ segir Flosi Eiríksson formaður kjörstjórnar Samfylkingarinnar. „Við förum yfir gögnin í dag og á morgun og búast má við að endanlegar tölur um fjölda nýrra félaga liggi fyrir annað kvöld.“

Talsverðrar spennu hefur gætt milli stuðningsmanna Össurar Skarphéðinssonar og stuðningsmanna Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur vegna smölunar. Fylgismenn Ingibjargar fullyrtu til dæmis að stuðningsmenn Össurar hefðu smalað úr röðum sjálfstæðismanna inn í flokkinn. Flosi segir að ekki sé unnt að ganga úr skugga um slíkt. „Ég fagna því ef einhverjir sjálfstæðismenn hafa skipt um skoðun og gengið í Samfylkinguna.“ **- jh**



**FLOSI EIRÍKSSON FYLGIST MEÐ TÍMANUM**
Skráningu nýrra félaga í Samfylkinguna lauk klukkan sex í gær. Með Flosa á myndinni eru Sandra Franksdóttir og Helena Mjöll Jóhannesdóttir í höfuðstöðvum flokksins.




# Sumardagar

## í Kringlunni alla helgina

Sýning á því nýjasta í tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum. Kynning á sólarrafhlöðum.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28038 04/2005

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 15.04.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,89 | 63,19 |
| Sterlingspund | GBP | 118,45 | 119,03 |
| Evra | EUR | 80,72 | 81,18 |
| Dönsk króna | DKK | 10,83 | 10,89 |
| Norsk króna | NOK | 9,80 | 9,86 |
| Sænsk króna | SEK | 8,79 | 8,85 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 94,49 | 95,05 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,47 -0,30%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins:

# Sniðganga lögin

**VINNUMARKAÐURINN** Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að niðurstaða málþings verkalýðshreyfingarinnar um ólöglegt erlent vinnuafl hafi verið sú að samstarf verkalýðshreyfingarinnar og samtaka á almennum vinnumarkaði við stjórnvöld sé afar mikilvægt.

„Það þarf samstillt átak til að taka á þessum vanda sem er að verða hér í sambandi við ólöglega atvinnustarfsemi og þátttöku útlendinga í því sambandi. Það er lykilatriðið í niðurstöðunni,“ sagði Skúli eftir málþingið sem haldið var á Selfossi.

„Þetta var merkileg og góð ráðstefna að því leytinu til að hér var fulltrúi Skattrannsóknarstjóra, Vinnumálastofnunar og lögregluyfirvalda. Við fórum yfir veruleikann eins og hann er og það er kannski í fyrsta skipti sem menn gera það með þessum hætti.“

Á málþinginu kom fram að skerpa þarf á regluverkinu, sérstaklega í sambandi við starfsmannaleigur. „Menn eru í vandræðum hvað varðar skattalega meðferð og vinnu þessara útlendinga. Þar reyna menn að sniðganga lögin með öllum tiltækum ráðum.“

**- ghs**



**SKÚLI THORODDSEN**
Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að menn reyni að sniðganga lögin og skattana með öllum tiltækum ráðum.



**REYKUR Í AUGUM**
Kona og lítill drengur skýla sér fyrir reyknum sem myndaðist eftir bílsprengjuárás í Bagdad í gær.

Múslimaklerkur:

# Vill uppreisnarmenn úr haldi

**ÍRAK** Háttsettur klerkur úr hópi súnnía hyatti í gær Jalal Talabani, forseta Íraks, að beygja sig ekki undir þrýsting Bandaríkjamanna heldur láta íraska uppreisnarmenn lausa úr fangelsum. 10.500 meintir uppreisnarmenn eru í haldi í landinu.

Þegar Talabani sór embættiseið ýjaði hann að því að íraskir uppreisnarmenn gætu fengið sakaruppgjöf þótt erlendir vígamenn yrðu áfram fangelsaðir.

Nokkrar sprengjur voru sprengdar í landinu í gær, einn Íraki beið bana í tilræðunum og tveir bandarískir hermenn.

Áhangendur eldklerksins Muqtada al-Sadr mótmæltu hernáminu í Bagdad í gær. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SLAGSMÁL OG VANDRÆÐI** Lögreglan var tvisvar sinnum kölluð út að veitingastöðum á Hafnargötu í Keflavík í fyrrinótt. Slagsmál höfðu brotist út milli ölvaðra manna á öðrum veitingastaðnum en allt hafði þar fallið í ljúfa löð þegar lögreglan kom á staðinn. Síðan þurfti lögreglan að hafa afskipti af ölvaðri konu sem var til vandræða. Þeim afskiptum lauk með því að lögreglan fylgdi henni heim.

# Brotið gegn samningi

**Félagsdómur segir Sólbak brjóta gegn kjarasamningi við Vélstjórafélagið með því að tryggja vélstjórum ekki 30 tíma hafnarfrí. Vélstjórarnir tveir og forstjóri útgerðarfélagsins eru ósáttir. Formaður Vélstjórafélagsins er kátur.**

**FÉLAGSDÓMUR** „Við teljum það kjaraskerðingu að hafa 30 stunda stopp.“ Þetta voru viðbrögð Guðmundar Steingrímssonar, vélstjóra á Sólbaki EA, við niðurstöðu Félagsdóms sem segir að Útgerðarfélagið Sólbakur hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings milli LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands með því að tryggja þeim Guðmundi og Kristjáni Erlingssyni ekki 30 stunda hafnarfrí þegar Sólbakur lagðist að bryggju á Eskifirði í fyrra. Útgerðarfélagið Sólbakur var dæmt til að greiða Vélstjórafélaginu 250.000 krónur í málskostnað.

„Það er í góðu lagi að Vélstjórafélagið kanni hvað sé rétt og rangt í þessu máli. En ég vil ekki sjá þetta 30 stunda hafnarfrí,“ segir Guðmundur. Samkvæmt samningi við áhöfnina á Sólbaki er hafnarfríið ein af hverjum þrem veiðiferðum í stað 30 stunda eftir hverja ferð.

Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins, segir að með dómnum sé það staðfest að með kjarasamningum á Sólbaki EA hafi landslög verið brotin. „Það liggur skýrt fyrir að Guðmundur Kristjánsson hafi ekki farið eftir kjarasamningum og íslenskum landslögum. Við viljum bara tryggja að þeir fari eftir okkar kjarasamningum.“

Spurður hvort það skjóti ekki skökku við ef vélstjórarnir á Sólbaki eru ósáttir við niðurstöðu Félagsdóms, sagði Helgi að málið væri ekki höfðað fyrir þeirra hönd, heldur fyrir hönd Vélstjórafélagsins til að tryggja að farið sé eftir samningum. Hann er ekki sammála því að 30 tíma hafnarfrí sé kjaraskerðing miðað við núverandi stöðu. „Ég er búinn að reikna þetta út og þeir fá 40 prósentum meira ef farið er eftir okkar samningum.“

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir niðurstöðu Félagsdóms óskiljanlega og að Brim muni skoða sín mál í framhaldinu, þar á meðal hvað gerist ef ekki verður farið eftir dómnum. Fyrir dómi hélt Útgerðarfélagið Sólbakur því fram að Vélstjórafélagið væri ekki aðili að málinu, þar sem útgerðarfélagið sé ekki aðili að LÍÚ og því ekki að kjarasamningi LÍÚ og Vélstjórafélagsins. Þetta samþykkti Félagsdómur ekki. Þá hélt útgerðarfélagið því fram að ekki væri um kjaraskerðingu að ræða. Það samþykkti Félagsdómur ekki heldur.

**svanborg@frettabladid.is**



**SÓLBAKUR EA-7**
Frá stofnun Útgerðarfélagsins Sólbaks ehf. hafa hvorki útgerðarmenn né áhöfn átt aðild að hagsmunasamtökum og telja því sig ekki bundin af kjarasamningum. Hefur það valdið miklum deilum, sérstaklega meðal samtaka sjómanna og vélstjóra.



**BORINN TIL GRAFAR**
Hallarvörðurinn bar kistu furstans en hún var vafin í fána borgríkisins skreyttum skjaldarmerki Grimaldi-ættarinnar.

Útför furstans:

# Rainier III jarðsunginn

**MÓNAKÓ, AP** Rainier III Mónakófursti var jarðsunginn í gær og fór útförin fram í sömu kirkju og hann gekk að eiga Grace Kelly á sínum tíma. Þau hvíla nú hlið við hlið í grafhýsi fjölskyldunnar.

Fjöldi fólks fylgdi furstanum til grafar og voru tólf þjóðhöfðingjar þar á meðal, til dæmis Chirac Frakklandsforseti og Jóhann Karl Spánarkonungur.

Augu allra beindust þó að börnum Rainiers, þeim Karólínu, Stefaníu og Albert ríkisarfa. Þau voru að vonum afar sorgmædd við útförina.

Einkaathöfn fyrir nánustu ættingja furstans var svo haldin í gærkvöld. ■

Með 60 grömm fíkniefna:

# Tveir teknir í Kópavogi

**FÍKNIEFNAMÁL** Tveir menn voru handteknir í Kópavogi í fyrrinótt eftir að lögreglan hafði fundið talsvert magn af e-töflum, meintu amfetamíni og hassi. Fíkniefnin eru samtals um 60 grömm.

Lögreglan stöðvaði bifreið tvímenninganna um klukkan eitt við venjulegt eftirlit en vegna gruns var í framhaldinu gerð húsleit þar sem fíkniefnin fundust.

Málið telst upplýst og var mönnunum sleppt af skýrslutökum loknum.

**– jse**


Vornámskeið í Kramhúsinu

Nýtt Jóga og leikfimi tímabil hefst 18.apríl

Morguntímar–Hádegistímar–Síðdegistímar

Leikfimi:
Hafdís / Halla Margrét / Ólöf

Jóga:
Auður B - Kripalu
Ásta A - Kripalu
Áslaug - Kripalu
Ingibjörg S - Astanga frh
Einar - Kripalu/Astanga
Soffía - Kripalu
Ásta B - Kripalu

Workshop:
Yuri - Jógaworkshop í júní

Velkomin í fjörið!

KRAMHÚSIÐ

www.kramhusid.is · sími 551-5103


## Veðrið

**Stormur sunnan- og vestanlands í dag.** Góðu fréttirnar: Það er stöðugt hlýnandi veður! Slæmu fréttirnar: Næstu dagar verða nokkuð vindasamir. Það má reikna með stormi í dag víða suðvestan- og vestanlands en annars verður allhvasst eða hvasst. Næstu dagar eru á svipuðum nótum og heitir það víst á góðu máli rok og rigning sunnan heiða en þurrt nyrðra þótt einnig blási þar. Hitinn er á bilinu 3-10 stig þessa næstu daga.



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Allhvöss suðaustanátt og rigning um allt sunnanvert landið.

### Mánudagur




Allhvöss suðaustanátt og rigning um allt sunnanvert landið.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C | léttskýjað | Edinborg | 8°C | rigning | Osló | 9°C | léttskýjað |
| London | 14°C | léttskýjað | Stokkhólmur | 11°C | sk.m.köflum | Prag | 19°C | sk.m.köflum |
| París | 11°C | sk.m.köflum | Barcelona | 15°C | sk.m.köflum | Milano | 14°C | rigning |
| Budapest | 19°C | sk.m.köflum | Helsinki | 11°C | léttskýjað | Las Palmas | 22°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Vaxtalaus verðsprengja

## í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

### *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*

**United 27" LCD Sjónvarp með móttakara**

- 27" LCD Skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan
- Skerpa:500:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið: 170°
- 2x7w SRS Surround Hljóðkerfi með 2 Hátölurum
- 2 Scart tengi, Component (YPbPr) og DVI tengi
- Tölvutengi
- AV og Heyrnartólstengi að framan
- Mynd í mynd (2 Tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd): 81x44,5x11




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **8.332**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

**United 20" LCD Sjónvarp með móttakara**

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið: 160°
- 12 og 220V
- Textavarp og Stereó hljóðkerfi
- Inngangar: 2 Scart með RGB, AV og SVHS
- Útgangar: 2 Scart, og Heyrnartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.988,-
Verð áður 89.990,-

**Dantax 15" LCD Sjónvarp með móttakara**

- 15" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 1024x768 punktar
- 12 og 220 volt
- Textavarp og Stereó hljóðkerfi
- Inngangar: Scart með RGB, SVHS, AV
- Útgangar: Scart, RCA og Heyrnartól
- PC-inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38x35x7




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **3.330**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 39.960,-
Verð áður 59.990,-




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **13.999**kr* á mán. í 20 mánuði
Verð nú 279.980,-
Verð áður 319.990,-




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **9.999**kr* á mán. í 20 mánuði
Verð nú 199.980,-
Verð áður 249.990,-

**Philips 32" LCD Sjónvarp með móttakara**

• 32" HD LCD Skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) • Pixel Plus Myndtækni • Digital Natural Motion og Digital Crystal Clear • Ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa • 2 x 30w Nicam Stereó Hljóðkerfi • 6 Breiðtjaldsstillingar: 4:3, Zoom 14:9, Zoom 16:9, Zoom Texti, Super Zoom og Widescreen • AutoFormat og Auto Screen Size • 2 Scart tengi og DVI-i Tengi (styður Digital Stream, RGB-HV og HDMI) • Textavarp með 1200 síðna minni • Vekjari, Svefnrofi, Barnalæsing og Fjarstýring • Mál (bxhxd): 87.5x61x10.7cm • Borðstandur og veggfesting fylgir

**United 42" Plasma Sjónvarp með móttakara**

• 42" HD Plasma Skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með Skerpu 1000:1 • Birta: 640 cd/m2 • Progressive Scan • 2x10w Nicam Stereó Hljóðkerfi með 2 Hátölurum • Sjónsvið: 160° • 2 Scart tengi, DVI og PC Tölvutengi • Mynd í Mynd (2 Tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.) • Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680** sími **568 2255**



## KJÖRKASSINN

*Var rétt hjá Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, að víta Lúðvík Bergvinsson þingmann?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 38,7% |
| Nei | 61,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði átt að vísa Inter Milan úr Evrópukeppnum næsta árs vegna óláta í leik liðsins við AC Milan?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ágúst Ólafur Ágústsson býður sig fram til varaformanns Samfylkingarinnar:

# Þörf á ungliðum í forystusveitina

**STJÓRNMÁL** Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður býður sig fram til varaformanns Samfylkingarinnar. Ákvörðun sína tilkynnti hann opinberlega í gær og tók þar með áskorun framkvæmdastjórnar Ungra jafnaðarmanna. „Ég tel rétt að ný kynslóð eignist fulltrúa í forystusveit Samfylkingarinnar, enda er meira en helmingur Íslendinga undir 35 ára aldri. Mér finnst mikilvægt að þessi kynslóð eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í fremstu röð.“

Ágúst kveðst ekki taka afstöðu til frambjóðendanna tveggja í formannsslag Samfylkingarinnar. „Ég met Össur Skarphéðinsson og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur bæði mjög mikils, en býð mig fram á eigin forsendum. Barátta þeirra getur hleypt lífi í flokkinn og styrkt hann. En stuðningsmenn þeirra mega ekki tala flokkinn niður. Þeir verða að virða hverjir aðra og flokkinn sjálfan.

Fleiri hafa ekki boðið sig fram til varaformanns Samfylkingarinnar enn sem komið er. Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján Möller, Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Lúðvík Geirsson hafa þó öll verið orðuð við varaformannsembættið. ■



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**
Annast Kristrúnu, dóttur sína, í feðraorlofinu. Hún er aðeins nokkurra vikna gömul.

Kærunefndin ályktar:

# Svanhildur var fyllilega hæf

**JAFNRÉTTI** Kærunefnd jafnréttismála telur ekki efni til að líta svo á að Reykjavíkurborg hafi brotið jafnréttislög þegar borgin réð Svanhildi Konráðsdóttur í starf sviðstjóra menningar- og ferðamálasviðs.

Karlmaður sem sótti ásamt Svanhildi um starfið óskaði eftir álitinu. Hann taldi sig hafa meiri menntun og fjölþættari starfsreynslu, yfirgripsmeiri og lengri en Svanhildur.

Kærunefndin ályktar að þar sem Svanhildur hafi þekkt betur til stjórnkerfisins sem kröfur voru um í umsókninni hafi ráðningin verið í lagi.

- gag

Spillingarmál:

# Kofi Annan slær frá sér

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sneri vörn í sókn í gær þegar hann sagði að Bandaríkin og Bretar bæru talsverða ábyrgð á að Saddam Hussein hagnaðist um milljarða króna á olíusmygli á meðan viðskiptaþvinganir SÞ voru í gildi.

Í fyrradag voru þrír menn ákærðir fyrir mútugreiðslur í tengslum við olíusöluáætlun SÞ á árunum 1996-2003 og hefur Annan sjálfum gengið illa að hreinsa nafn sitt af áburði um spillingu. Í gær sagði hann hins vegar að Saddam hefði grætt mest á olíusmygli sem voldug ríki litu framhjá en ekki á mútum í tengslum við áætlun SÞ. ■

## GRIKKLAND

**ATKVÆÐAGREIÐSLU FRESTAÐ** Grískir þingmenn hugðust í gær greiða atkvæði um stjórnarskrá Evrópusambandsins en því hefur verið frestað til þriðjudagsins af tæknilegum ástæðum. Þingmenn vilja nafnakall í stað hefðbundinnar afgreiðslu. Engu að síður er búist við að stjórnarskráin verði samþykkt með öruggum meirihluta.

**STÓR HASSFUNDUR** Gríska lögreglan gerði í gær 62 kíló af hassi upptæk á albönsku landamærunum og handtók þrjá Albani í tengslum við málið. Á hverju ári er miklu af fíkniefnum smyglað til Grikklands frá Albaníu en eftirlit er erfitt á fjöllóttum landamærunum.


# Hvar eru peningarnir þínir?

Einstök bók um hvernig hægt er að endurskipuleggja fjámálin og eignast fé án þess að breyta um lífsstíl.

Bók sem borgar sig að eignast!




1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir

Almenna bókafélagið
edda.is



Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

# SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!



OPIÐ UM HELGINA

**OPIÐ:**
laugardag kl.12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
*Verslaðu við traustan aðila!*

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is




MYND AP

**UNNIÐ VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR**
Slökkviliðsmenn lögðu sig í stórhættu við að bjarga þeim sem fastir voru á efri hæðum hótelsins. Sumir gestanna létu sig þó hafa það að stökkva út um glugga.

# Tuttugu fórust

**Tuttugu manns týndu lífi í eldsvoða á hóteli í París í fyrrinótt og rúmlega fimmtíu slösuðust. Hópur flóttamanna frá Afríku bjó á hótelinu svo og ferðamenn víðs vegar að úr heiminum.**

**ELDSVOÐI** Tuttugu manns fórust í eldsvoða í París þegar hótel brann til kaldra kola í fyrrinótt. Ríflega fimmtíu manns slösuðust í eldsvoðanum sem er einn sá versti í sögu borgarinnar á síðari tímum.

Hotel Paris-Opera er einnar stjörnu hótel í níunda hverfi höfuðborgarinnar. Það er á sex hæðum og höfðu borgaryfirvöld leigt nokkur herbergi fyrir flóttamenn frá Afríku sem biðu þess að komast í betri húsakynni.

Laust eftir klukkan tvö í fyrrinótt kom upp eldur á fyrstu hæð hótelsins og er talið að hann hafi kviknað í eldhúsi þar sem framreiða átti morgunverð. Logarnir breiddust út á svipstundu og vöknuðu margir gestanna upp við vondan draum þegar þeir urðu reyks og hitans varir. Mikil skelfing greip um sig og gripu margir til þess ráðs að stökkva út um glugga en einhverjir flúðu upp á þak.

Maður sem býr í næsta húsi við hótelið sagðist hafa vaknað við hróp og síðan sá hann þrjá stökkva út um glugga, þar á meðal konu og barn. „Þau lágu bara á gangstéttinni og hreyfðu sig ekki. Allir voru að æpa og fólk lá í götunni.“

Slökkvilið kom fljótlega á vettvang og tók það rúma klukkustund að ná tökum á eldinum. 250 slökkviliðsmenn voru á staðnum þegar mest var og höfðu þeir í nógu að snúast. Einn þeirra vann hetjudáð þegar hann óð inn í eldhafið og bjargaði ungabarni sem grét þar fyrir innan.

Í dögun var ljóst að tuttugu manns hefðu beðið bana í brunanum og rúmlega fimmtíu hefðu slasast, þar af ellefu alvarlega. Ekki er vitað um þjóðerni hinna látnu en mörg börn eru þeirra á meðal. Í hópi hinna slösuðu eru Frakkar, Bandaríkjamenn, Senegalar, Túnisar og Úkraínumenn.

Að sögn fréttaritara BBC í París hafa spurningar þegar vaknað um öryggismál hótelsins. Aðeins einn útgangur er á byggingunni og þar er engan brunastiga að finna enda er slíkur búnaður ekki skylda í gömlum húsum.

Jacques Chirac, Frakklandsforseti og fyrrverandi borgarstjóri í París, sagðist harmi sleginn vegna atburðarins og Dominique de Villepin innaríkisráðherra heimsótti brunastaðinn í gærmorgun.

sveinng@frettabladid.is




**Hjólbörur**
85 Ltr.
5080041




**Garðvagn**
**Gardena,** m/loki
5083532
Verð áður 5.995
**3.995**




**Keðjusög, Rafmagn 1600W**
**Black & Decker** GK1635T, 35 sm blað
5083608
**11.955**



**Greinaklippa**
**Bando**
5084661
**1.145**




**Hekkklippa**
Texas, bensín 22.6 CC
60 sm blað
5083584



**Hekkklippa**
**Bando**
5084664
**1.495**




**Hekkklippa, Rafmagn**
**Black & Decker** 400W,
50 sm blað, GT350S
5083597

Fjölbreytt úrval

**50% afsláttur**
**af reiðhjólahjálmum með hverju keyptu hjóli**

**Reiðhjól, 24"**
Shimano TY 21 gíra,
dempari að framan
og aftan. Álstell með
diskabremsum að
framan, V bremsur
að aftan
3899941







**Gasgrill, Omega 200 EX**

Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw,
tvískiptur brennari, emeleruð
grillgrind, hitagrind,
hliðarborð neistakveikja,
þrýstijafnari, hraunsteinar.
3000235

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði
Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Emeleruð grillgrind og hitagrind

# Vertu klár
## ...fyrir vorverkin



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu gömul er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti?*

2 *Hversu margir einstaklingar með lögheimili hér eru ríkisfangslausir?*

3 *Hvað heitir Íslendingurinn sem var í stjörnuleik Evrópudeildarinnar í körfubolta?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks:

# Falla á frá hækkun leikskólagjalda

**LEIKSKÓLAGJÖLD** Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja falla frá hækkunum á leikskólagjöldum sem samþykktar voru af R-listanum fyrir fjórum mánuðum. Þetta kom fram í bókun sem lögð var fram í borgarráði á fimmtudag vegna umræðu um gjaldskrá leikskóla á fundinum.

Þar kemur meðal annars fram að tillögurnar sem R-listinn kjósi ranglega að kalla gjaldfrjálsan leikskóla séu bæði illa ígrundaðar og framsettar með þeim hætti að Reykvíkingar geti ekki áttað sig á því sem þær raunverulega boði. Þetta sé ódýr kosningabrella sem ekki sé hægt að samþykkja.

Þá sé lækkun leikskólagjalda alls ekki yfirvofandi í Reykjavík. Einungis hafi verið tímasett hvenær eigi að bjóða fimm ára börnum slíka þjónustu, en með öllu óljóst hvenær slík þjónusta muni standa öllum reykvískum leikskólabörnum til boða.

Þá er bent á að leikskólabörnum hafi fækkað um 536 á tíu árum en á sama tíma hafi þeim fjölgað um 536 í Kópavogi. Ljóst sé að fjöldi barnafjölskyldna hafi kosið að flytja úr borginni.



**LEIKSKÓLI**
Leikskólabörn að leik.

– Sgi

Iðnaðarráðherra:

# Frumvarp dregið til baka

**ALÞINGI** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur dregið til baka frumvarp um að leggja niður tryggingadeild útflutningslána sem hún hafði áður mælt fyrir.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins ákváðu árið 2002 að skrifa undir samning um endurskipulagningu tryggingadeildarinnar til þriggja ára. Valgerður sagði mikinn áhuga á að halda samstarfinu áfram. Því yrði samstarfssamningurinn endurnýjaður. – ss



**BERLUSCONI Í KLEMMU**
Þrátt fyrir stjórnarkreppuna var forsætisráðherrann með bros á vör í gær.

Ólga á Ítalíu:

# Tveir flokkar úr ríkisstjórn

**ÍTALÍA** Smáflokkar kristilegra jafnaðarmanna og sósíalista hafa sagt skilið við ríkisstjórn Silvio Berlusconi.

Þetta veikir ríkisstjórnina verulega en ekki er talið að Berlusconi þurfi þó að boða til kosninga strax, því þingmenn jafnaðarmanna munu enn um sinn styðja stjórnina. Hrikaleg útreið stjórnarflokkanna í sveitarstjórnarkosningum á dögunum er tilefni þess að flokkarnir ákváðu að yfirgefa ríkisstjórnina. Forystumenn þeirra kröfðust þess að Berlusconi gerði breytingar á stjórninni í kjölfarið en við því var ekki orðið. ■

# Við vorum bænheyrð

**Fjölskyldufaðir fimm manna fjölskyldu segir mannréttindi hafa verið brotin á börnum sínum þar sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar neitaði að viðurkenna sumarbústað fjölskyldunnar sem lögheimili hennar. Hæstiréttur dæmdi fjölskyldunni í vil.**

**DÓMSMÁL** Sveitarfélög vilja viðræður við ríkið um skýrari lög um búseturétt eftir að Hæstiréttur úrskurðaði að fimm manna fjölskylda mætti skrá lögheimili sitt í sumarhúsi í Bláskógabyggð.

> **„Börnin eru samtals búin að missa úr heila önn úr skóla. Krakkarnir þurfa stuðning í skólanum og þetta hefur því verið mjög slæmt.**

Fjölskyldufaðirinn Guðlaugur Hilmarsson segir fjölskylduna hafa verið bænheyrða: „Það er þakkarvert að dómurinn hafi fallið okkur í vil.“

Fjölskyldan flutti í húsið í febrúar í fyrra í óþökk sveitarfélagsins þar sem forsvarsmönnum þess þótti of kostnaðarsamt að veita þeim sem það kysu lögbundna þjónustu.

Guðlaugur segir að málið hafi ekki þurft að fara í hart. Þau hafi ekki beðið um aukna þjónustu og hafi til að mynda ætlað að keyra börnin sjálf í skólann. Þau hafi jafnvel fengið lánað lögheimili til að tryggja börnunum skólavist en ekki gengið.

„Börnin eru samtals búin að missa úr heila önn úr skóla. Krakkarnir þurfa stuðning í skólanum og þetta hefur því verið mjög slæmt,“ segir Guðlaugur en börnin höfu öll skólagöngu eftir að dómur féll í héraðsdómi. Sá elsti í tíunda bekk, næstelsti sem er tíu ára og einhverfur í fimmta bekk og sú yngsta í fyrsta. Guðlaugur segir mannréttindi barnanna hafa verið gróflega brotin.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórður Skúlason, segir dóminn koma á óvart. Hagur sveitarfélaganna sé ekki aðeins tryggður með því að bústaðir séu ekki lögheimili fólks heldur einnig annarra sumarhúsaeigenda sem vilji eiga athvarf frá heilsársbyggð.

„Við teljum að niðurstaða Hæstaréttar sé sú að löggjöfin um búseturéttinn sé ekki næganlega skýr,“ segir Þórður: „Við veltum fyrir okkur að taka upp viðræður við ríkisvaldið um setningu skýrari laga sem kveða á um það hvar menn hafa rétt til að staðsetja sig.“

Einn dómaranna fimm í Hæstarétti skilaði séráliti. Fjölskyldan óskaði eftir að byggja sumarhús en ekki heimili. Málið snerist því ekki um hvort fólk mætti ráða hvar það byggi eins og meirihluti dómara taldi.

gag@frettabladid.is



**FJÖLSKYLDAN ÁN ELSTA SONARINS**
Hér má sjá fjölskylduna á verönd heilsárshúss síns í Bláskógabyggð við byggingu þess fyrir þremur árum. Fjölskyldan uppfyllti draum sinn og flutti í húsið í febrúar í fyrra. Á myndinni eru Guðlaugur, Ásta Sóllilja, Gunnar Ingi og Guðbjörg.


Ókeypis hemla- og höggdeyfaskoðun fyrir



eigendur.

ASKJA býður Mercedes-Benz eigendum upp á ókeypis prófun á hemlabúnaði og höggdeyfum alla laugardaga í apríl og maí. Í nýjum og glæsilegum húsakynnum ÖSKJU er meðal annars fullkomin skoðunarstöð þar sem á skömmum tíma er hægt að meta ástand bifreiða. Þannig má bregðast fljótt við sé þörf á viðgerð eða viðhaldi.

**Tilboð á smurþjónustu og hemlaviðgerðum. Opið í dag frá kl. 9–13.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is


Stjórnarskráin í brennidepli í Frakklandi:

# Chirac rær pólitískan lífróður

**PARÍS, AP** Jacques Chirac, forseti Frakklands, rær nú öllum árum að því að sannfæra landa sína um að leggja blessun sína yfir stjórnarskrá Evrópusambandsins. Í fyrrakvöld rökræddi hann við 83 unga andstæðinga stjórnarskrárinnar í sjónvarpssal. Hann þótti standa sig ágætlega en var þó í nokkurri vörn.

Hver skoðanakönnunin á fætur annarri bendir til þess að Frakkar muni hafna plagginu í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram 29. maí. Verði sú niðurstaðan er afar ólíklegt að stjórnarskráin verði nokkurn tímann að veruleika.

Það er hins vegar ekki inntak stjórnarskrárinnar sem stendur í Frökkum heldur óskyld mál á borð við þjónustutilskipun sambandsins og mögulega aðild Tyrklands að sambandinu.

Stjórnmálaskýrendur telja að pólitísk framtíð Chiracs sé einnig í húfi. Charles de Gaulle, forveri hans á forsetisstóli, sagði af sér embætti árið 1968 við svipaðar aðstæður. Chirac hefur þó lýst því yfir að hann muni ekki segja af sér hafni Frakkar stjórnarskránni. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**EINN Á MÓTI 83**
Chirac tókst á við 83 unga andstæðinga stjórnarskrárinnar í sjónvarpssal á fimmtudagskvöld og þótti standa sig bærilega.

# Sýpris 100 sm

# 799 kr.

**Aldrei betra verð!**



## Tilboð



**Vorlaukar**

**40% afsláttur**



**Fræ**

**40% afsláttur**

**Gróðurmold 10 l**

**199 kr.**




# VORDAGAR



## Garðálfar

| | |
|---|---|
| 9 sm | 99 kr. |
| 15 sm | 319 kr. |
| 25 sm | 799 kr. |
| 35 sm | 1.699 kr. |

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 28025 4/2005

360 gráður

SÉRFRÆÐINGAR SEGJA:

# Gæludýr í lundaholum

Kanínur eru orðnar alvarlegt vandamál í Vestmannaeyjum þar sem þeim hefur fjölgað ört að undanförnu. Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands, hefur sagt að vandamálið sér orðið það mikið að grípa verði nú til róttækari aðgerða en verið hefur hingað til. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa sent umhverfisráðuneytinu bréf, þar sem óskað er eftir frekari aðstoð við að halda fjölda þeirra í skefjum, en kanínurnar eru það margar að lundanum stendur hætta af. Eyðileggja kanínurnar oft lundaholur til að grafa eigin göng. Þá hefur sést til kanínanna nálægt Ystakletti, þar sem eitt mesta svöluvarp landsins er að finna. Ólafur Karl Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands segir að kanínur séu hvergi á landinu jafn áberandi og í Vestmannaeyjum.

**Hvernig komust kanínur í vistkerfi Vestmannaeyja?** Þetta eru gæludýr sem menn sleppa. Í Eyjum lifa þær ágætlega. Þar fer saman hagstætt veðurfar, nóg af grasi að éta og fullt af holum til að leynast í. Kanínurnar eru oftast í grónum fellum sem eru öll sundurgrafin eftir lundann sem þær nýta sér. Þær leynast í þessum holum og koma svo upp til að bíta á nóttunni.

**Eru þær víðar á landinu?** Þær eru hvergi jafn áberandi og í Vestmannaeyjum en þær má finna víðar, í nágrenni Reykjavíkur, í Öskjuhlíðinni, við Rauðavatn og Elliðavatn, suður með sjó og miklu víðar. Þúsundir af kanínum eru í haldi sem gæludýr og menn virðast stunda þó nokkuð oft að losa sig við kanínur með því að sleppa þeim út í náttúruna. Annaðhvort eru menn orðnir leiðir á þeim eða þær hafa fjölgað sér of hratt og menn kunna ekki við að lóga þeim.

**Er þetta plága?** Það þykir almennt ekki góð latína að flytja dýr á svæði þar sem þau eiga ekki heima. Eitt dæmi um þetta er minkurinn.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á HARÐASTÖKKI** Þetta fallega folald er klónað afsprengi folans fræga Pieraz sem var tvöfaldur heimsmeistari í langhlaupum á tíunda áratugnum. Ítalskt fyrirtæki klónaði hestinn en með því er hægt að varðveita arfleifð Pieraz.

Opið í dag
10-14.30

Glænýr, stór
og fallegur
humar

medium humar
3.900,-

Risarækjur
2.000,- kr.kg

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Vonarstjarna hins almenna flokksmanns

**Helle Thorning-Schmidt er fyrsta konan til að leiða danska jafnaðarmannaflokkinn og um leið fyrsta konan í sögu danskra stjórnmála sem á raunhæfan kost á að verða forsætisráðherra. Hún hyggst færa stefnu flokksins nær miðju.**

Danskir jafnaðarmenn brutu blað í 134 ára sögu flokksins í vikunni þegar þeir kusu hina 38 ára gömlu Helle Thorning-Schmidt sem nýjan leiðtoga sinn í stað Mogens Lykketoft. Er hún fyrsta konan til að gegna þessu valdamikla embætti og um leið fyrsta konan sem á raunhæfa möguleika á að verða forsætisráðherra í Danmörku.



**FRÉTTASKÝRING**
NÝR LEIÐTOGI DANSKRA JAFNAÐARMANNA

**SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Óhætt er að segja að kjör Helle Thorning-Schmidt hafi komið talsvert á óvart því samanborið við keppinaut hennar um formannsembættið, Frank Jensen, er hún tiltölulega óskrifað blað í dönskum stjórnmálum. Jensen á hins vegar áralangan feril að baki í Jafnaðarmannaflokknum, var ráðherra í ríkisstjórnum jafnaðarmanna samfleytt frá 1994 til 2000 og hefur verið einn helsti talsmaður flokksins um árabil. Hann naut aukinheldur stuðnings þungavigtarmanna innan flokksins svo sem Anker Jørgensen og Svend Auken.

Flokkurinn hefur hins vegar átt erfitt uppdráttar síðustu ár; fylgið dalað og æ háværari raddir innan flokksins um að breytinga væri þörf.

**Rafræn kosning í fyrsta sinn**

Í því sambandi er vert að veita því athygli að í þessu formannskjöri jafnaðarmanna fékk hinn almenni flokksmaður í fyrsta sinn að koma beint að kosningu formanns, en kosið var með rafrænum hætti gegnum netið, líkt og Samfylkingin hyggst gera í formannskjöri sínu hér heima.

Sigur Helle Thorning-Schmidt má þannig að sumu leyti túlka sem sigur hins almenna flokksmanns yfir innsta valdakjarna flokksins sem fram til þessa hefur valið formann, og þá yfirleitt einn úr sínum röðum.

Sigurinn var þó langt því frá að vera afgerandi; Helle Thorning-Schmidt hlaut 53 prósent greiddra atkvæða, Frank Jensen 47 af hundraði en um 90 prósent hinna 52 þúsund félagsmanna flokksins tóku þátt í kosingunni.



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Hyggst færa stefnu danskra jafnaðarmanna nær miðju og leiða þá til valda á ný í Danmörku.

Þrátt fyrir að allir séu sammála um að kosningafyrirkomulag sem þetta sé það langlýðræðislegasta eru menn ekki á eitt sáttir um ágæti þess. Spænskir jafnaðarmenn hafa kjörið sér formann með þessum hætti um árabil og þykir það hafa gefist misvel og sama má segja um breska Íhaldsflokkinn sem búið hefur við viðvarandi forystukreppu undanfarin ár þrátt fyrir þetta lýðræðislega val á formönnum.

**Jómfrúrræðan í þinginu eftir**

En hver er þessi Helle Thorning-Schmidt sem danskir jafnaðarmenn hafa kjörið til að leiða flokkinn til áhrifa á ný í dönskum stjórnmálum?

Hún er stjórnmálafræðingur að mennt, fædd í desember 1966 í Rødøvre en ólst að mestu leyti upp í Ishøj rétt sunnan við Kaupmannahöfn. Hún hóf afskipti af stjórnmálum á skólaárum og aðhylltist þá nokkuð róttæka vinstri stefnu en kynni hennar af Ritt Bjerregaard sem lengi var í forystu Jafnaðarmannaflokksins, gerðu að verkum að hún gekk til liðs við flokkinn. Og reyndar er litið svo á að Ritt Bjerregaard sé nokkurs konar lærimeistari Helle Thorning-Schmidt í stjórnmálum.

Opinberan stjórnmálaferil sinn hóf Helle Thorning-Schmidt árið 1999 er hún bauð sig fram til Evrópuþingsins og náði nokkuð óvænt kjöri. Hún bauð sig hins vegar ekki fram til þings í Danmörku fyrr en í kosningunum í febrúar á þessu ári og það er eftir því tekið að þessi nýi leiðtogi jafnaðarmanna hefur enn ekki haldið jómfrúrræðu sína í danska þinginu.

Helle Thorning-Schmidt er tengd inn í rótgróna breska valdaætt innan Verkamannaflokksins; er gift Stephen Kinnock en faðir hans er Neil Kinnock, sem var formaður Verkamannaflokksins um skeið á valdaárum Margrétar Thatcher í Bretlandi.

**Hyggst sækja inn á miðjuna**

Þar sem enn er skammt um liðið síðan Helle Thorning-Schmidt tók við forystuhlutverki jafnaðarmanna í Danmörku er full snemmt að spá fyrir um það hvort henni takist að leiða jafnaðarmenn til valda á ný í landsstjórninni. Hún er talin tilheyra hægri armi flokksins og hefur lýst því yfir að hún hyggist sækja meira inn á miðju danskra stjórnmála en jafnaðarmenn hafa gert hingað til.

Þar getur hún þó átt við ramman reip að draga því margt bendir til þess að ýmsir innan gamla valdakjarna flokksins og stuðningsmenn þeirra muni leggjast gegn öllum tilraunum til að færa stefnu flokksins lengra til hægri.

Þannig eru þegar sprottnar upp deilur um hugmyndir Helle Thorning-Schmidt um breytingar á lögum um eftirlaun fyrir þá sem eru undir 40 ára aldri. Eins hafa nokkrir harðir stuðningsmenn Franks Jensen sagt sig úr flokknum í mótmælaskyni við kosningu Helle Thorning-Schmidt.

Á hinn bóginn er ýmislegt sem bendir til þess að Helle Thorning-Schmidt gæti tekist að leiða danska jafnaðarmenn til valda á ný í dönskum stjórnmálum því kannanir sýna að margir þeir sem kosið hafa borgaraflokkana í undanförnum kosningum geta nú vel hugsað sér að kjósa Jafnaðarmannaflokkinn með Helle Thorning-Schmidt í forystu. ■


Enginn aðgangseyrir
Opið alla helgina
VORBOÐINN
2005
Skipuleggjum,
framkvæmum
og upplifum
FRÆÐSLUERINDI Á VORBOÐANUM 2005
Steinn Kárason sérfræðingur hjá Garðyrkjumeistaranum flytur fræðsluerindi um garðrækt og skógrækt, laugardag og sunnudag.
Kl. 13:00 GARÐVERKIN – bókarkynning
- 14:00 Vorverkin í garðinum
- 15:00 Trjá og runna klippingar
- 16:00 Sjálfbær landgræðsla og sumarhúsalandið
- 16:30 Garðskálaplöntur, epli, perur, tómatar ofl.
- 17:00 Endurheimt Brimnesskóga
- 17:30 Lífræn ræktun

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Hundruð útlendinga eru nú við störf hér vegna stóriðju og húsbygginga.

## Erlendir verkamenn lúti lögum og reglum

Vegna stórframvæmda á Austurlandi og mikillar þenslu í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu hefur erlent vinnuafl streymt til landsins á síðustu mánuðum. Stækkun Evrópusambandsins til austurs hefur líka haft áhrif í þessum efnum þótt enn séu í gildi reglur um takmarkanir á vinnuafli frá hinum nýju ESB-löndum. Þær reglur falla úr gildi innan tíðar, og þá má búast við enn fleira fólki þaðan til starfa innan hins Evrópska efnahagssvæðis þar sem kjörin eru mun betri og aðbúnaður væntanlega líka.

**„Það vekur athygli að ágreiningsmál um vinnuréttindi útlendinga hafa í marga mánuði verið til meðferðar hjá sýslumanninum á Seyðisfirði, en þegar svipað mál kom upp á Suðurlandi var þetta afgreitt með hraði hjá embættinu á Selfossi. Þessi mál voru að vísu ekki alveg eins, en engu að síður vekur þessi mismunandi afgreiðsluhraði embættanna athygli.**

Fulltrúar atvinnulífsins í landinu hafa með réttu bent á að vegna stóriðjuframkvæmda og mikillar þenslu á íbúðarhúsamarkaði sé nauðsynlegt að flytja inn vinnuafl, þótt ekki væri nema til þess að koma í veg fyrir ofþenslu efnahagslífsins. Við undirbúning álversins á Reyðarfirði og stórvirkjunarinnar við Kárahnjúka var á það bent að þessar framkvæmdir gætu haft í för með sér mikla þenslu á vinnumarkaði, því mikil samkeppni myndi ríkja um vinnuaflið hér á landi. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, því Íslendingar hafa fram til þessa ekki haft mikinn áhuga á að vinna við virkjunina á hálendinu. Kemur þar eflaust margt til, en einkum bera menn fyrir sig að vinnutarnir þar séu mjög langar og menn séu einangraðir frá fjölskyldum sínum svo vikum skiptir. Þetta er önnur vinnutilhögun en viðhöfð var við virkjanirnar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem menn unnu oft í 10 daga í einu, en áttu svo frí í nokkra daga. Íslendingar margir hverjir eru ekki óvanir að dvelja langdvölum frá fjölskyldum sínum og er þar nærtækast að nefna sjómenn bæði á farskipum og fiskiskipum sem oft eru margar vikur að heiman, en eiga svo reyndar yfirleitt góð frí þess á milli.

Þótt fulltrúar atvinnulífsins telji það nauðsynlegt að fá hingað til lands erlent vinnuafl í miklum mæli hafa fultrúar verkalýðshreyfingarinnar ýmislegt við það að athuga. Það er grundvallaratriði við innflutning þessa vinnuafls, ef svo má að orði komast, að allar leikreglur séu virtar. Fram undir þetta hafa reyndar ekki verið til skýrar reglur um þessi mál og margt óljóst í þessum efnum. Það virðist sem dómstólar þurfi að skera úr þeim ágreiningi sem uppi er milli verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda og er brýnt að það gerist sem allra allra fyrst, svo hreinar línur fáist í þessi mál. Það vekur athygli að ágreiningsmál um vinnuréttindi útlendinga hafa í marga mánuði verið til meðferðar hjá sýslumanninum á Seyðisfirði, en þegar svipað mál kom upp á Suðurlandi var þetta afgreitt með hraði hjá embættinu á Selfossi. Þessi mál voru að vísu ekki alveg eins, en engu að síður vekur þessi mismunandi afgreiðsluhraði embættanna athygli. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Helgi skoðar Politiken

Helgi Hjörvar alþingismaður skemmtir sér á heimasíðu sinni og gerir að umræðuefni umfjöllun Politiken um Íslendinga og fjárfestingar þeirra í útlöndum. Þar er sagt frá þessari brjáluðu þjóð sem veiti landflótta gyðingahöturum skjól en taki ekki á móti flóttamönnum, kaupi allt sem hreyfist þó ekki séu nema fimmtán ár síðan þeir fóru á hausinn á Lálandi og baði sig að hætti nýríkra í aðdáun á eigin peningum og veisluhöldum. Sagt er frá veislu Jóns Ásgeirs í Royal Albert Hall og hljómsveitinni „Stuðmanna", sem er svar Íslands við Shu-bi-dua. Þá er talað við ýmsa framámenn og sitthvað haft eftir þeim sem athyglisvert er.



### Milljarður og öfundin

Helgi Hjörvar heldur áfram að skemmta sér yfir Politiken. Hann segir: „Þannig segir Bjarni Benediktsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins frá því að vinur hans segi að þeir Íslendingar sem eigi undir milljarði íslenskra króna á bankabók séu taparar. Þegar þetta er haft í huga gengur mér betur að skilja hvers vegna við Bjarni deilum svo hart um skattapólitík, uppbyggingu velferðarkerfis og bætur til örorku- og ellilífeyrishafa. Við komum greinilega úr ólíkum reynsluheimi. Þá er haft eftir Jóhannesi í Bónus að ef öfundsýki væri banvæn væru Íslendingar aðeins 5.000 talsins."

### Viðkvæmur forseti

Vítin sem Halldór Blöndal forseti Alþingis dæmir á þingmenn hafa skipað á honum á sérstakan bekk í þingsögunni. Eflaust er það svo að þingmenn verða að gæta orðs og æðis, rétt eins og annað fólk, en þessi refsigleði Halldórs Blöndal hlýtur að vera óþörf og allt of ofsafengin. Það er ekki endilega best að hafa stjórn með refsigleði og ofsa. Salome Þorkelsdóttir, sem var forseti þingsins og í sátt við allt og alla, sagði í Fréttablaðinu í gær að hún hefði haft þann hátt að biðja þingmenn að gæta orða sinna í stað þess að víta þá. Hún hefur eflaust notið trausts þingmanna fyrir, annað en má sjá af óróanum sem virðist vera kringum Halldór.

sme@frettabladid.is

## Hjáróma raddir

Í DAG
VANVIRÐING ÞEKKINGAR



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Þær raddir heyrast öðru hvoru að óþolandi ástand sé að skapast í háskólum landsins. Háskólakennarar, skreyttir virðulegum og framandlegum titlum, prófessorar, lektorar, aðjúnktar og guð má vita hvað, séu farnir að tjá sig um hvaðeina sem efst er á baugi í samfélaginu sem sérfróðir og sérhæfðir álitsgjafar, og oft um efni sem sé víðsfjarri þeim þröngu sérgreinum, sem þeir kunna að hafa tileinkað sér á langri skólagöngu, oft við virðulegar erlendar stofnanir. Oftar en ekki sé þetta lið haldið meinlegri „vinstrislagsíðu", skoðanir þess séu úr takti við „meginstrauma þjóðfélagsins", þess æðsta yndi sé að „vera á móti", móti ákvörðunum löglega kjörinna stjórnvalda, sem séu í fullum rétti til að beita valdi sínu svo sem þeim sýnist, þar til þau þurfi að standa þjóðinni reikningsskil í næstu kosningum.

Valdhafar allra landa leggja að sjálfsögðu mikið upp úr því að menn séu einhuga. Flokkar skulu vera einhuga, ef á að taka mark á þeim. Einhuga lið á að fylkja sér að baki stjórnvöldum og samþykkja hvaðeina sem frá þeim kemur, vegna þess að við „erum í liði". Liðræðið er æðsta takmarkið. Þeir sem hugsa upphátt öðruvísi hugsanir en valdhöfunum eru þóknanlegar eru „hjáróma raddir" og það er lofsvert að „þagga niður" í slíkum röddum, „kenna þeim lexíu", láta þá vita að þeir eiga framgang í starfi, betri launa- og starfskjör og velgengni yfirleitt í lífinu undir þeim sem þeir eru að vinna gegn með mótmælum sínum eða viðrun á „annarlegum" skoðunum og sjónarmiðum.

Hingað til hafa spjótin einkum beinst gegn þeim deildum háskólanna sem fást við hugvísindi og félagsvísindi, enda oft hægt að skoða viðfangsefni þeirra greina frá mismunandi sjónarhólum og komast að mismunandi niðurstöðum út frá ólíkum forsendum. Það sem þá skiptir máli er hversu traust röksemdafærsla viðkomandi fræðimanns er fyrir því áliti sem hann gefur. Staða hans gefur honum út af fyrir sig engu meiri þungavikt en hverjum öðrum, það eru aðeins forsendur og rök sem gilda. Það sem háskólamaðurinn á að öðru jöfnu að hafa fram yfir meðaljóninn er að nálgast viðfangsefni sitt með vísindalegri aðferð, þar sem lífsviðhorf hans eiga ekki að hafa teljandi áhrif á niðurstöður.

**„Bush forseti um sönnunargildi þróunarkenningarinnar: „Kviðdómurinn hefur enn ekki kveðið upp úrskurð sinn".**

Raunvísindin hafa verið minna umdeild. En með þróun umhverfisvísindanna á síðustu áratugum hafa raunvísindamenn æ oftar lent í brennidepli hatramra pólitískra deilna. Stjórnmálamenn krefjast þess að fá frá þeim röksemdafærslur sem falli að fyrir fram gefnum niðurstöðum um stórframkvæmdir. Þeir vilja því að framkvæmdamenn fái að ritstýra álitsgerðum þeirra, fella niður óþægilegar staðreyndir og sveigja aðrar að hugnanlegri lausnum. Sitji vísindamennirnir fast við sinn keip eru þeir kostir fyrir hendi að lýsa vísindi þeirra ónákvæm, eða þá sjálfa ómarktæka sökum pólitískra viðhorfa sinna.

Hingað til hafa árásir pólitíkusa á akademískt frelsi hér á landi verið fremur máttlausar.

Í Bandaríkjunum gegnir öðru máli. Heittrúaðir repúblikanar róa nú að því öllum árum að snúa klukkunni til baka um áratugi ef ekki aldir. Þeim er sérlega uppsigað við þróunarkenninguna. Flest okkar telja að síðan Darwin setti fram kenningu sína hafi sannanirnar fyrir henni hrannast svo upp að henni verði ekki mælt í mót. Þingmaður repúblikana í Flórída er á öðru máli. Hann hefur lagt fram tillögu á ríkisþinginu um „akademískt frelsi", nefnilega að íhaldssamir stúdentar geti farið í mál við prófessora sína, telji þeir að prófessorarnir hafi ekki sýnt skoðunum þeirra nægilega virðingu. Þingmaðurinn kveðst beina spjótum sínum að „vinstrimönnum" sem gangi gegn „ríkjandi skoðunum" og prófessorum sem hagi sér eins og „einræðisherrar" og umturni kennslustofum í „einræðishreiður". Helsta dæmi hans um akademískt einræði? Þegar prófessorar tala um þróun sem staðreynd og vísa á bug þeirri staðhæfingu heilagrar Ritningar að jörðin sé 6.000 ára gömul!

Glórulaus öfgamaður, segir kannski einhver. En sams konar tillögur hafa nú verið bornar fram í 12 ríkjum, segir hagfræðingurinn víðkunni Paul Krugman í grein í New York Times þann 5. apríl. Og hvað segir Bush forseti um sönnunargildi þróunarkenningarinnar: „Kviðdómurinn hefur enn ekki kveðið upp úrskurð sinn"! Og nýlega lýsti repúblikani í hinni virðulegu Öldungadeild þingsins því yfir að allir þeir fjallháu hlaðar af rannsóknargögnum sem styðja almennt álit vísindamanna um loftslagsbreytingar væru „risavaxið gabb"!

Eins og áður sagði hafa tilraunir íslenskra afturhaldsseggja til að stimpla íslenska háskólamenn sem pólitíska ómerkinga og skóla þeirra eða einstaka deildir sem „hreiður" stjórnarandstæðinga verið fremur máttlausar. En við höfum þó nýleg og öllum kunn dæmi um að valdhafar kjósa að líta framhjá og beinlínis hunsa álitsgerðir og alvarlegar aðvaranir íslenskra vísindamanna. Það ætti að hringja viðvörunarbjöllum jafnt hjá vísindamönnum sem öllum almenningi. ■

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÝTT!

# ELDHÚSIÐ–BAÐHERBERGIÐ–FATASKÁPARARNIR




# HÖFUM OPNAÐ

## NÝJAN SÝNINGARSAL

í verslun okkar í **Smáralind.**
**Ódýrar**, ósamsettar innréttingar
í eldhúsið, baðherbergið og
svefnherbergið.



Átta mismunandi útlitsgerðir hurða fyrirliggjandi. Til afhendingar strax af lager.

SPARIÐ STÓRAR UPPHÆÐIR OG GERIÐ ÞAÐ SJÁLF

**ORMSSON** hefur boðið upp á **HTH** skápa, bað- og eldhúsinnréttingar undanfarin ár við vaxandi vinsældir, enda um fallegar og vandaðar vörur að ræða. Nýlega hóf **ORMSSON í Smáralind** svo að bjóða ***„settu það saman"*** sem er ósamsett lína frá **HTH**. Þessi ósamsetti vöruflokkur **HTH** gefur fólki tækifæri á að fá enn meira fyrir peninginn – leggja til hæfilega handlagni og dálítinn dugnað og uppskera góðar innréttingar á einstöku verði. Enginn afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara **tekið þær með þér heim**.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Settu það saman og notaðu afganginn í AEG eldhústækin!**

AEG heimilistæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI
þegar keypt er HTH innrétting.

# Taktu nýja eldhúsið með þér heim!

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

# TILBOÐSHELGI Í SMÁRALIND

TEFAL

25% afsláttur



SAMSUNG

SAMSUNG
Á TILBOÐSVERÐI
ÞESSA HELGI



SAMSUNG LE26A41– LCD sjónvarp
**26" – 149.900 kr.**

SAMSUNG LE32A41– LCD sjónvarp
**32" – 199.900 kr.**

VIDEO OG DVD SPILARI



SAMSUNG SVDVD440
**19.990 kr.**

AEG Lavamat 1250 1200snúninga



Sérstakt tilboð þessa helgi:
**59.900 kr.**



SAMSUNG LW17M24C– LCD
**17" – 69.900 kr.**

SAMSUNG LW20M24C– LCD
**20" – 79.900 kr.**



SAMSUNG PS42V4– PLASMA sjónvarp
**42" – 249.900 kr.**

MP3 SPILARI
**16.990 kr.**



MP3 SPILARI
**14.990 kr.**



Emile Henry

25% afsláttur



Opið
laugardag 11–18
sunnudag 13–18
Sími: 530 2900

ORMSSON SMÁRALIND

FJÖLDI ANNARRA HELGARTILBOÐA ÞESSA HELGI OG NÆSTU HELGAR




## ...EN ÞAÐ KEMUR BARA ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT!

Núna er það Nissan Murano, hannaður frá grunni með það eitt fyrir augum að gleðja öll skilningarvit. Útlitið er einfaldlega engu öðru líkt og hentar sannarlega ekki þeim sem vilja láta fara lítið fyrir sér. Hann er fjórhjóladrifinn, knúinn sportlegri 3,5 lítra V6 vél. Hann er kvikur eins og fólksbíll en rúmar alla fjölskylduna og meira til. Þú situr hátt og ferð allra þinna ferða, hratt og örugglega.

**Við frumsýnum Nissan Murano um helgina og bjóðum þér að koma og skoða þennan magnaða grip.**
**Opið verður milli kl. 12 og 16, laugardag og sunnudag.**

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga – sunnudaga kl. 12:00-16:00 |
|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |



SKIPT_um hefðir





Banaði eiginkonunni og er enn með giftingarhringinn
SPAUGSTOFAN ERFIÐ
DV Helgarblað
Bolli saknar Svövu
Trúi því að sonur minn sé saklaus
Konurnar í lífi Össurar
SVAVA Í 17
Ánægð eftir skilnaðinn
IDOL-KRAKKARNIR
SÉRA VIGFÚS ÞÓR STÍGUR FRAM TIL VARNAR SYNINUM
FJÖLMIÐLABANNI AFLÉTT OG NÚ SEGJA ÞAU ALLT
Acer CR-5130
Acer CS-5530
Acer CR-6530
19.990
24.990
29.990
PQI SD minniskort
svar

Hefur þú séð DV í dag?


MAÐUR VIKUNNAR

# Er ekki hvers manns hugljúfi

**GUNNAR I. BIRGISSON, ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS SEM FYLGDI SANNFÆRINGU SINNI Á ALÞINGI OG MÓTMÆLTI SAMGÖNGUÁÆTLUN**

Gunnar Ingi Birgisson, stjórnarþingmaður og verðandi bæjarstjóri í Kópavogi, stóð upp á Alþingi síðasta þriðjudag og mótmælti harðlega skiptingu fjármuna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis í vegamálum og setti sig upp á móti samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fjögurra ára. Þá skaut hann föstum skotum á samflokksmann sinn, Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra.

Gunnar kallaði Héðinsfjarðargöng „vitlausa framkvæmd“ og benti á að í Norðausturkjördæmi ætti að leggja upphæð til nýframkvæmda sem næmi 250.000 þúsund krónum á hvern íbúa, meðan á höfuðborgarsvæðinu öllu ætti að leggja til nýframkvæmda sem næmi um 37 þúsund krónum á íbúa. Flest árin sagði hann misskiptingu fjármuna til vegagerðar um 20 prósent höfuðborgarsvæðinu í óhag og gagnrýndi sérstaklega hversu mikið Norðvesturkjördæmi samgönguráðherra fengi. „Það eina sem vantar er malbikaður vegur upp á Langjökul,“ sagði Gunnar, sem syndir í málinu á móti ríkisstjórninni og er maður vikunnar fyrir að fylgja sannfæringu sinni á Alþingi.

Þetta er raunar alls ekki í fyrsta sinn sem Gunnar syndir á móti straumnum á Alþingi. Hann lagði í þrígang fram frumvarp um að leyfa hnefaleika áður en það mál fékkst afgreitt, en hér voru hnefaleikar bannaðir frá árinu 1956 til 2001. Áður hafði málið verið fellt og svo dagað uppi í nefnd árið eftir. Að öðru leyti hefur hann á þingi látið sig framkvæmdamál mestu skipta og mál tengd fjármálum sveitarfélaga. Þá var hann líka fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um afléttingu veiðibanns á rjúpu og hefur látið sig skipta refaveiðar og erfðaskattsmál.



Gunnar Ingi hefur orð á sér fyrir að vera fastur á sínu og jafnvel svo uppstökkur svo meira sé. Sumir ganga jafnvel svo langt að tala um að honum hætti til að vera fruntalegur, hvass og erfiður í samskiptum. Eða eins og einn viðmælandi orðaði það, hann er ekki hvers manns hugljúfi. Annar sagði nægja að orða það svo að Gunnar Birgisson væri heljarmenni. „Það er nóg. Honum verður ekki öðruvísi lýst,“ sagði sá.

Þannig hefur oft blásið rækilega um í bæjarstjórninni í Kópavogi, en ef til vill blekkir þar útlit Gunnars og fas líka því hann er stór og mikill, með mikla og drynjandi bassarödd, sem hæpið kann að vera að hann ráði við að beita þannig á fundum að ljúflega leiki í eyrum manna.

Gunnar er jafnframt sagður fluggáfaður og með eindæmum talnaglöggur. Ef hætta á sér út í rökræður við hann er því vissara að hafa fast land undir fótum og vera með allar staðreyndir á hreinu. Hann er hins vegar sagður taka gildum rökum og jafnvel vís til að ganga í að lagfæra hluti takist að sannfæra hann.

Gunnar I. Birgisson er fæddur í Reykjavík, 30. september árið 1947. Hann er kvæntur Vigdísi Karlsdóttur sjúkraliða og eiga þau tvær dætur, fæddar 1968 og 1976. Þá á hann hálfbróður á Alþingi, sammæðra, en það er Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks. Gunnar er sprenglærður, stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1972, með verkfræðipróf frá Háskóla Íslands árið 1977, meistarapróf í byggingaverkfræði frá Heriot-Watt háskólanum í Edinborg 1978 og doktorspróf í jarðvegsverkfræði frá Missouri-háskóla í Bandaríkjunum árið 1983. Hann hefur starfað sem verkfræðingur síðan árið 1977 og verið framkvæmdastjóri Klæðningar ehf. frá árinu 1986. Gunnar kom fyrst inn á Alþingi árið 1992 sem varaþingmaður Sjálfstæðisflokks, en var svo kjörinn á þing árið 1999 og hefur setið þar síðan. Oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogi hefur hann verið frá 1990 og formaður bæjarráðs frá sama tíma. Hann hefur setið í stjórnum og gegnt formennsku fjölda sambanda og stjórna auk nefndasetu á vegum Alþingis. ■

# Fjölskylduborgin Reykjavík

**UMRÆÐAN**
GJALDFRJÁLSIR LEIKSKÓLAR



**ÆGIR MAGNÚSSON**
SÉRKENNARI

Síðasta áratugin hefur orðið gjörbylting í fjölskyldumálum í Reykjavík. Þetta viðurkenna flestir og finna á eigin skinni, nema örfáir Sjálfstæðismenn. Sem dæmi um þetta má nefna viðbrögð þeirra við hinu frábæra framlagi Reykjarvíkurlistans að færa barnafólki borgarinnar fría leikskóla.

Sjálfstæðismenn á þingi gagnrýna að borgin skuli í skjóli sterkrar fjárhagsstöðu sinnar bjóða upp á þessa þjónustu, sem minni fátæku sveitarfélögin geta ekki boðið. Réttast væri að svipta borgina tekjum, s.s. tilvonandi fasteignagjöldum af ríkiseignum, og deila til annarra. Þessi málflutningur er ekki beinlínis í takt við málflutning borgarfulltrúa þessa sama flokks sem hamra á því, gegn betri vitund, að Reykjavík sé að fótum komin fjárhagslega. Fólk hlýtur að sjá í gegnum þennan málflutning, ein skoðun þar og önnur hér, bara hvað hentar hverju sinni og sannleikurinn aukaatriði.

Ég líki því ekki saman hvernig það er að ala upp börn í Reykjavík nú og fyrrum þegar íhaldið fór með völdin. Fólk mátti þakka fyrir að fá hálfsdagsvistun fyrir börnin sín á leikskóla og þurfti þá annað hjóna að vinna hálfan daginn eða standa í allsherjarreddingum til að fá „pössun“ hinn hluta dagsins.

Nú fá öll börn tveggja ára og eldri vistun á leikskóla allan daginn, ef foreldrar kjósa svo. Foreldrar vita af börnum sínum í góðum höndum, heitur matur er í hádeginu og innra starf leikskólans til mikils sóma. Enda er það svo að flestir foreldrar nýta sér leikskólana, atvinnuþátttaka kvenna hefur stóraukist og þar með tekjur heimilanna. Gott fyrir alla, heimilin, börnin og þjóðfélagið. En er þetta ekki eins í öðrum sveitarfélögum, líka þeim þar sem sjálfstæðismenn fara með völd? Jú, mörgum, sem betur fer. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að Reykjavíkurlistinn hefur haft forystu í þessum efnum.

Sveitarfélög sem sjálfstæðismenn stjórna einir hafa tekið þessa stefnu upp og horfið frá „borga heim“ stefnunni. Sú stefna er komin í gjaldþrot, eða ætla sjálfstæðismenn hér í borg að dusta rykið af henni einu sinni enn? Ekki veit ég hvernig sjálfstæðismenn vilja hafa borgina sína, en ég veit hvað ég vil. Fjölskylduvæna borg sem lætur sér annt um börnin sín. Það kostar peninga, en er hægt að hugsa sér betri fjárfestingu? ■

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.016 **-0,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 206
**Velta:** 907 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur** | 1,36% | **Tryggingamiðstöðin** | -9,65% |
| **Kögun** | 1,14% | **Actavis** | -1,43% |
| **HB Grandi** | 0,63% | **Flaga** | -1,07% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,30 -1,43% ... Atorka 6,97 -0,50% ... Bakkavör 32,80 -0,61% ... Burðarás 14,00 -1,06% ... FL Group 14,30 – ... Flaga 5,54 -1,07% ... Íslandsbanki 12,85 +0,39% ... KB banki 542,00 – ... Kögun 62,20 +1,14% ... Landsbankinn 15,70 – ... Marel 56,00 -0,71% ... Og fjarskipti 4,03 -0,98% ... Samherji 12,05 – ... Straumur 11,20 +1,36% ... Össur 83,00 -0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Átök í Festingu fyrir dómstóla

## Málið dómtekið 12. maí.

Meirihlutaeigendur í Festingu krefjast fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að lögbann sýslumannsins í Reykjavík vegna hlutafjáraukningar í félaginu verði staðfest. Lögbannið snerist um það að Angus, sem keypti allt hlutaféð og náði meirihluta í Festingu, geti ekki nýtt sér atkvæðisrétt á hluthafafundi. Var krafan gefin út af dómstjóra í gær og verður birt forsvarsmönnum Angusar eftir helgi. Verður málið dómtekið 12. maí.

Festing á og rekur eignir Olíufélagsins Esso og Samskipa, sem er stjórnað af Keri.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður meirihlutaeigenda, segir einnig fjallað efnislega um önnur atriði í kröfunni. Krafist er ógildingar á ákvörðun stjórnar um hlutafjáraukninguna, sölu hlutafjárins til Angusar og veðsetningu bréfanna til Landsbankans.



**KRISTINN HALLGRÍMSSON** Eftir helgi verður tekist á um það í stjórn Festingar hvort boðað verður til hluthafafundar.

Einnig er gerð athugasemd við verðið sem hlutirnir voru seldir á og hvernig boðað var til stjórnarfundarins. **- bg**

# Stefnir lengra með Sterling

## Pálmi Haraldsson vill fara með Sterling til Ameríku, Asíu og Afríku.

Pálmi Haraldsson boðar stórfellda útrás flugfélagsins Sterling í viðtali í helgarútgáfu danska blaðsins Boersen.

Hann segir að stefnt sé að því að tvöfalda stærð félagsins meðal annars með því að stórauka framboð á flugi til Bandaríkjanna, Asíu og Suður-Afríku. Hann segir að Sterling verði mun framsæknara og að eina leiðin til að keppa við önnur lággjaldaflugfélög sé að útvíkka starfsemina.

Pálmi og Jóhannes Kristinsson keyptu Sterling fyrir rúmum mánuði en félagið hefur átt í rekstrarerfiðleikum.

Einnig kemur fram í Boersen að eigendurnir leiti nú að nýjum forstjóra fyrir Sterling. Blaðið veltir því fyrir sér hvort Sigurði Helgasyni, forstjóra Flugleiða sem lætur af störfum innan skamms, hafi verið boðið að setjast í forstjórastólinn.

Í samtali við Fréttablaðið vildi Sigurður ekkert annað um það segja en að hann hafi verið forstjóri í flugfélagi í tuttugu ár og hefði ekki í hyggju að fara í nýtt félag. **- þk**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**PÁLMI HARALDSSON** Stefnir hátt og langt með flugfélagið Sterling.

# Fjármálafyrirtæki keypt í Bretlandi

Dótturfélag Landsbankans í Lundúnum, Heritable Bank, keypti í gær fjármálafyrirtækið Key Business Finance Corporation.

Í frétt frá Landsbankanum kemur fram að Key Business Finance Corporation veiti lögfræðistofum skammtímalán og nema útlán bankans nú um sex milljörðum króna. Hagnaður félagsins á síðasta ári var um 130 milljónir íslenskra króna.

Kaupverð í viðskiptunum var ekki gefið upp en talið sé að það sé á milli einn og einn og hálfur milljarður.

Nýja félagið í samstæðunni verður rekið sem sjálfstætt dótturfélag Heritable Bank. **- þk**



**STÆKKAR Í BRETLANDI** Dótturfélag Landsbankans í Bretlandi, Heritable Bank, keypti í gær nýtt fyrirtæki sem sérhæfir sig í útlánum til lögfræðiskrifstofa.


www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28041 04/2005

**Corolla** - Tilfinningin er góð

Corolla er ríkulega hlaðin staðalbúnaði. Þar má nefna fjóra loftpúða fyrir ökumann og farþega, ABS-hemlakerfi, krumpusvæði, Optitronmæla í mælaborði og útvarpsfjarstýringu í stýri. Það er sama hvaða gerð af Corolla höfðar til þín. Frábær hönnun, öryggi, framúrskarandi aksturseiginleikar og frábært verð einkenna þær allar. **Taktu skynsamlega ákvörðun. Komdu og reynsluaktu Corolla.**

**Verð frá 1.755.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Að undanförnu hafa spunakerlingar Samfylkingarinnar og helstu smiðir samsæriskenninga á þeim bænum gengið hart fram með alls kyns dylgjum í garð Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.*
***Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í Morgunblaðinu 14. apríl.***

*Fyrir hvað stendur Samfylkingin? Er hún kannski aðeins til í því skyni að koma Ingibjörgu Sólrúnu til æðstu metorða?*
***Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni 9. apríl.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

**Davíð hættir**
Þær sögur ganga nú fjöllunum hærra að Davíð Oddsson ætli ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku í Sjálfstæðisflokknum á landsfundinum sem haldinn verður í haust. Rökin sem færð eru fyrir því eru þau að Geir H. Haarde hafi sagt opinberlega að hann gæti vel hugsað sér að taka við sem formaður flokksins þegar Davíð hætti. Það fylgir líka sögunni – hversu rétt sem það nú er – að sjálfstæðismenn segi ekki neitt án samþykkis leiðtogans, og því megi ráða það úr orðum Geirs að hann og Davíð hafi rætt um þessa tilhögun sín á milli og Davíð gefið Geir leyfi til að tjá sig um áform sín án þess að nein dagsetning væri þar nefnd til sögunnar.



**Landsfundur boði tíðindi**
Önnur rök eru þau að landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefur verið boðaður í haust. Sagt hefur verið um Davíð að hann hafi megnustu óbeit á landsfundum og því fresti hann því í lengstu lög að boða til landsfundar. Á síðasta áratug eða svo hafa landsfundir verið haldnir á tveggja til þriggja ára fresti. Þeir voru haldnir 1993, 1996, 1999, 2001 og nú síðast 2003. Ekki hefði verið óhugsandi að Davíð freistaði þess að boða ekki til landsfundar fyrr en á næsta ári, en því hefur verið haldið fram að fyrst landsfundurinn verði haldinn í haust hljóti það að boða tíðindi. Ef ætlunin er að skipta um formann má það ekki bíða til næsta árs því nýr formaður verður að hafa náð að festa sig í sessi fyrir kosningabaráttuna í aðdraganda alþingiskosninganna 2007 og sveitarstjórnarkosninganna næsta vor.

**Þorgerður Katrín styður Geir**
Þá þykir það ekki síður merki um hræringar að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og vonarstjarna flokksins, hafi opinberlega lýst yfir stuðningi við Geir H. Haarde fari hann í framboð til formanns. Segja þeir sem lesa milli línanna að það hljóti að þýða að hann fari fram í haust, því ef beðið verði mikið lengur, svo sem önnur tvö til þrjú ár, sé spurning hvort tími Þorgerðar Katrínar sjálfrar sé ekki runninn upp. Stuðningsyfirlýsing hennar þýði jafnframt að Þorgerður hafi hug á því að taka við af Geir sem varaformaður flokksins.

## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

# *Framsóknarflokkurinn og fulltrúalýðræðið*



Í nýjasta pistli sínum á heimasíðu sinni segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra: „Á Íslandi er löng hefð fyrir fulltrúalýðræði sem byggir á því eins og augljóst er að ákveðnir fulltrúar fólksins fara með vald í umboði landsmanna á milli kosninga. Þessir fulltrúar fólksins eru alþingismenn eins og flestir vita og kemur oft í þeirra hlut að taka ákvarðanir í stórum málum.“

Tilefni skrifa hennar er pistillinn sem birtist hér í síðustu viku, þar sem bent var á að ósamræmi væri á milli þess hvernig framsóknarmenn nýttu sér niðurstöður úr skoðanakönnunum. Var afstaða þjóðarinnar til sölu Símans, sem stjórnarandstaðan vitnaði til á Alþingi sem raka gegn áformum ríkisstjórnarinnar, nefnd annars vegar og hins vegar niðurstöður úr skoðanakönnun um afstöðu fólks til álvers á Norðurlandi sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra notaði sem rök á fundum sínum um álver á Norðurlandi.

Framsóknarflokkurinn ætti að fara hægt þegar hann talar um fulltrúalýðræði. Vald flokksins er í verulegu ósamræmi við þá kosningu sem hann fékk í síðustu alþingiskosningum, vorið 2003, og stafar ef til vill af afleik Davíðs Oddssonar í stjórnarmyndunarviðræðum.

Sjaldan eða aldrei hefur forsætisráðherra haft jafn fá atkvæði á bak við sig og Halldór Ásgrímsson nú. Í kjördæmi Halldórs, Reykjavík-norður, fékk flokkurinn rúm 11 prósent atkvæða og fór Halldór sjálfur inn sem sjöundi þingmaður kjördæmisins.

Hvergi fékk Framsóknarflokkurinn verri kosningu en í kjördæmi forsætisráðherra. Forsætisráðherra þjóðarinnar hefur í eigin kjördæmi rúm fjögur þúsund akvæði á bak við sig, sem er um 600 fleiri atkvæði en Vinstri grænir fengu til að mynda í sama kjördæmi.

Framsóknarflokkurinn fékk 17,73 prósent atkvæða á landsvísu og kusu því alls um 32 þúsund manns flokkinn. Því má spyrja: starfar Framsóknarflokkurinn í raun í umboði landsmanna – eins og Valgerður heldur fram – eða starfar hann í umboði hinna 32 þúsund Íslendinga sem kusu hann? Og í hvers umboði starfar þá forsætisráðherra? Umboði fjögur þúsund Reykvíkinga – eða Davíðs Oddssonar?






BJÖRN BJARNASON MENNTAMÁLARÁÐHERRA Í MENNTAMÁLARÁÐUNEYTINU 1995 „Tel ég mjög varasamt að farið sé inn á þá braut að mótuð sé opinber stefna í fjölmiðlun. Ég tel að þar sé verið að fara inn á svið sem sé mjög varasamt fyrir opinbera aðila að hafa afskipti af og það kunni að leiða til þess að reistar verði skorður við því frelsi sem ég tel eðlilegt að ríki þegar fjölmiðlun er annars vegar,“ sagði Björn á þingi árið 1995.

# Lög um fjölmiðla tímaskekkja

**Björn Bjarnason sagði á Alþingi fyrir áratug að opinber stefna í fjölmiðlun væri tímaskekkja. Mörkin milli fjölmiðlastefnu og ritskoðunar væru óskýr og eðlilegt að frelsi ríkti á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlanefndin segir mun minni samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði nú en þá.**

**FJÖLMIÐLALÖG** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra flutti ræðu á Alþingi fyrir tæpum tíu árum, þá sem menntamálaráðherra, þegar verið var að ræða um hvort móta ætti opinbera stefnu í fjölmiðlun. Þá sagði hann það „tímaskekkju“ að fjalla sérstaklega um opinbera stefnu í fjölmiðlun.

„Ég velti því fyrir mér hvað felst í hugtaki eins og „virk fjölmiðlastefna“. Hvað er virk fjölmiðlastefna? Ef opinberir aðilar eiga að fylgja slíkri stefnu hvar eru mörkin á milli virkrar fjölmiðlastefnu og ritskoðunar eða annarra hamla sem menn setja á þá sem stunda fjölmiðlun?“ spurði Björn.

Þá sagði hann einnig: „Tel ég mjög varasamt að farið sé inn á þá braut að mótuð sé opinber stefna í fjölmiðlun. Ég tel að þar sé verið að fara inn á svið sem sé mjög varasamt fyrir opinbera aðila að hafa afskipti af og það kunni að leiða til þess að reistar verði skorður við því frelsi sem ég tel eðlilegt að ríki þegar fjölmiðlun er annars vegar.“

**Samþjöppun minni nú en fyrir áratug**
Í nýútkominni skýrslu fjölmiðlanefndarinnar kemur fram að samþjöppun á dagblöðum er nánast hin sama nú og þegar Björn flutti ræðu sína á Alþingi fyrir áratug, ef samþjöppun er reiknuð út frá fjölmiðlamarkaði. Samþjöppun á sjónvarpsmarkaði er hins vegar töluvert minni en þá, samkvæmt sömu útreikningum. Ef reiknað er meðaltal samþjöppunar á þessum tveimur mörkuðum, dagblaðamarkaði og sjónvarpsmarkaði, hefur samþjöppun minnkað verulega frá því fyrir tíu árum.

Í skýrslunni segir: „Vert er að geta þess að samþjöppun í útbreiðslu eftir titlum er síður en svo einhver nýlunda á íslenskum dagblaðamarkaði sem meðal annars stafar af þeirri yfirburðastöðu sem Morgunblaðið hafði á þessum markaði áratugum saman.“

Björn benti í umræddri ræðu á að með því að ætla sér að ríkisvaldið setji reglur um það hvernig unnt sé að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum teldi hann að við værum komin inn á svið sem ætti ekki að vera á valdi löggjafans eða stjórnvalda að setja reglur um. „Auk þess er þróunin í þá átt, [...] að samruni á sér stað hjá mörgum stórum aðilum í fjölmiðlaheiminum en á sama tíma aukast möguleikar bæði einstaklinga og smærri fyrirtækja til þess að taka þátt í fjölmiðlun með þeim hætti sem aldrei hefur verið áður,“ sagði Björn.

**Tjáningarfrelsi og ritskoðun**
Þá benti Björn á starf sitt á vettvangi þings Evrópuráðsins þar sem fjallað var um málefni er snerta fjölmiðla og innra starf þeirra, siðareglur, eignarhald og hvernig starfsháttum skyldi háttað. Hann vísaði í samþykktir þar að lútandi og samstöðuna sem náðist um málið og hvatti þingmenn til að kynna sér framhald málsins. „Þær miklu deilur sem urðu síðan bæði meðal blaðamanna og eigenda fjölmiðla vegna þeirrar niðurstöðu sem menn komust að á þingi Evrópuráðsins þar sem mannréttindi eiga að vera höfð að leiðarljósi og ef menn kynna sér þau gögn og framvindu þess máls þá ættu þeir að átta sig á því að erfitt er að fikra sig inn á þessar brautir án þess að þeir lendi í þeim ógöngum að vera sakaðir um að ætla að leggja hömlur á tjáningarfrelsi og setja ritskoðun á með einum eða öðrum hætti,“ sagði Björn.

**Bendir á niðurstöðu nefnda**
Þegar Fréttablaðið hafði samband við Björn og minnti hann á þessa ræðu sína á Alþingi og innti hann svars við því hvað hefði breyst á þessum tíu árum sem gerði það að verkum að nú væri þörf á að setja lög um einkarekna fjölmiðla, svaraði hann: „Á tíu árum breytist margt einnig að því er fjölmiðla varðar – hér á landi hafa til dæmis verið starfandi tvær nefndir á síðustu árum, sem báðar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að setja skuli sérstök lög um fjölmiðla, ég bendi þér á álit þeirra, ef þú ert að leita að rökum fyrir slíkri löggjöf.“

sda@frettabladid.is



SERVÓRU VERSLANIR
Vorhugur í Bónus
EKKERT BRUÐL
GREINAKLIPPUR
VINNUHANSKAR
LADIES MULTI PURPOSE GLOVES
299 KR.
GRÓFIR - MJÚKIR - STAMIR
5 SPORTSOKKAPÖR
ÁLPAR MEÐ KOMPÁS
599 KR.
HEKKKLIPPUR
299 KR.
GREINAKLIPPUR
BLÓMAVASINN FYRIR HELGINA!
Alls kyns form
399 KR.
899 KR.
ANTISHOCK
599 KR.
HEKK KLIPPUR stórar
2 göngustafir úr áli með KOMPÁS
GÓÐIR Í GÖNGUNA
og ALLT í gangi...
Panasonic
HANDSÍMINN
Frábær handsími á Bónusverði!
5 Trendy SOKKAPÖR
499 KR.
Panasonic
RYKSUGAN
EKKERT BRUÐL
3999 KR.
Panasonic handsími
4599 KR.
Panasonic
EKKERT BRUÐL
Panasonic
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR
-hún er komin aftur!
1500W
EKKERT BRUÐL
Nýtt kortatímabil!
Vikutilboðin eru á bónus.is
AFK BRAUÐRIST
1599 KR.
BURSTAÐ STÁL
1000W
2599 KR.
Schou BRØDRISTER
brauðrist
ERAN/Landlist
BÓNUS


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27709 04/2005
0g1

# **Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

## GSM

**0 KR. HEIM**

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

## Heimasími

**0 KR. INNANLANDS**

500 mínútur á mánuði. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því aldrei neitt mínútugjald.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

## Internet

**MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**.
Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone™

Heyrumst!



**CHARLIE CHAPLIN (1889-1977) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.**
„Ég er aðeins trúður og ekkert annað, en það setur mig á talsvert hærri stall en nokkurn stjórnmálamann.“

*Breski kvikmyndagerðarmaðurinn varð goðsögn í lifanda lífi og gerði stjórnmálamenn oft að skotspæni, en þeirra frægastur var eflaust Adolf Hitler.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

## Ofskynjunaráhrif LSD uppgötvuð

Þennan dag árið 1943 uppgötvaði svissneski efnafræðingurinn Albert Hoffmann ofskynjunaráhrif efnisins LSD. Fyrir slysni innbyrti Hoffmann lyf sem hann hafði búið til árið 1938 úr lýsergíð-sýru. Eftir að hafa innbyrt efnið fann hann fyrir vellíðan og sá ofsjónir.
Hann ritaði um þessa reynslu í dagbók sína. „Síðdegis föstudaginn 16. apríl varð ég að leggja niður störf á rannsóknarstofunni og halda rakleiðis heim vegna eirðarleysis og svima. Þegar ég kom heim hallaði ég mér og leið samstundis inn í vímukennt ástand sem einkenndist af einstaklega frjóu ímyndunarafli. Í þessu draumkennda ástandi þurfti ég að loka augunum því dagsbirtan var of skær. Um leið birtist mér fjöldi stórkostlegra ímynda í undarlegustu formum og litum sem ég hafði ekki skynjað áður. Áhrifin fjöruðu út eftir tvær klukkustundir.“
Hoffmann innbyrti efnið aftur til að fá það staðfest að það ylli undarlegu hugar- og líkamsástandi. Hann gaf út skýrslu um efnið og gerði þar með uppgötvunina heyrinkunnuga og fyrr en varði var LSD á allra vörum. Notkun LSD varð þó ekki útbreidd fyrr en á 7. áratugnum eftir að menn á borð við Albert M. Hubbard, Timothy Leary og Ken Kesey greindu frá að þeir notuðu efnið í frístundum. LSD getur haft alvarlegar aukaverkanir og var bannað í Bandaríkjunum árið 1965.



ALBERT HOFFMANN

## MERKISATBURÐIR

**1705** Isaac Newton er aðlaður.

**1915** Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélagsins, kemur til Reykjavíkur.

**1917** Lenín snýr aftur til Rússlands frá Finnlandi og hefur rússnesku byltinguna.

**1947** Bernard Baruch býr til hugtakið „kalt stríð“.

**1948** Efnahagssamvinnustofnun Evrópu stofnuð. Hun varð síðar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

**1954** AA-samtökin eru stofnuð á Íslandi.

**1975** Rauðu Khmerarnir hertaka höfuðborg Kambódíu, Pnom Penh.

## AFMÆLI



**Ari Kristinsson** kvikmyndagerðarmaður er 54 ára í dag.



**Björgvin Halldórsson** tónlistarmaður er 54 ára í dag.



**Elísabet Jökulsdóttir** rithöfundur er 47 ára í dag.

## ANDLÁT

**Laufey Halldórsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, áður Laugarásvegi 5, Reykjavík, lést þriðjudaginn 12. apríl.

**Hulda G. Sigurðardóttir**, yogakennari, Tjarnarmýri 13, Seltjarnarnesi, lést miðvikudaginn 13. apríl.

## JARÐARFARIR

14.00 **Bjarni Viborg Ólafsson**, Tjarnargötu 13, Vogum, verður jarðsunginn frá Kálfatjarnarkirkju.

14.00 **Elínborg Guðmundsdóttir**, frá Kringlu, verður jarðsungin frá Blönduóskirkju.

14.00 **Guðný Stefánsdóttir**, frá Mjóeyri, Eskifirði, hjúkrunardeild Kumbaravogs, Stokkseyri, verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju.

14.00 **Steinunn Sveinsdóttir**, frá Varmá, Hveragerði, hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju.

14.30 **Sveinn Jónsson**, Hásteinsvegi 31, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1728 Joseph Black**, vísindamaður sem uppgötvaði koltvíoxíð og magnesíum.

**1844 Jacques Thibaut**, rithöfundur.



**1921 Peter Ustinov**, rithöfundur, leikari og leikstjóri.



**1922 Kingsley Amis**, rithöfundur.



**1924 Henry Mancini**, tónskáld og hljómsveitarstjóri.

**1930 Herbie Mann**, tónlistarmaður.



**1939 Dusty Springfield**, söngkona.



**1940 Margrét II** ,Danadrottning.



**1947 Kareem Abdul-Jabbar**, körfuboltakempa.

**1954 Ellen Barkin**, leikkona.



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigfús Pálmi Jónasson**

frá Pálmholti

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, mánudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 13.30.

**Snjólfur H. Pálmason, Hreiðar Pálmason, Eva Sigurðardóttir, Magnús Pálmason, Brynja M. Pálmadóttir, Kári Sigurðsson, Guðmundur L. Blöndal, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður og afa*

**Bernharðs Steingrímssonar**

Tungusíðu 2, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar 1 FSA og Heimahlynningar Akureyri fyrir góða umönnun.

**Sigurbjörg Steindórsdóttir**
**Steingrímur Bernharðsson**
**Berghildur Erla Bernharðsdóttir** — **Edvard Börkur Edvardsson**
**Bernharð Stefán Bernharðsson**
**Björg Marianna Bernharðsdóttir** — **Sigurður Blomsterberg**
**Steingrímur Magnús Bernharðsson**
**og afabörn.**

## TÍMAMÓT: ÓPERUKÓR HAFNARFJARÐAR FIMM ÁRA

# Sönggleðin í fyrirrúmi

Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona er stofnandi og stjórnandi Óperukórs Hafnarfjarðar. „Þetta hófst einfaldlega með bjartsýni í mér. Það hafði lengi verið draumur hjá mér að vera með stóran hóp sem myndi flytja tónlist úr óperubókmenntum, óperettur og vínartónlist,“ segir Elín. Elín hafði stjórnað Rangæingakórnum í tíu ár þegar hún auglýsti eftir fólki í nýstofnaðan kór. Aðsóknin var gríðarmikil og hlaut kórinn nafnið Söngsveit Hafnarfjarðar sem síðar þróaðist í Óperukór Hafnarfjarðar.

Kórinn, sem telur 78 manns, hefur sungið á tónleikum víða á Íslandi auk þess sem hann söng á íslenskum menningardögum í borginni Sofíu í október á síðasta ári. Húsfyllir var í 2.000 manna tónleikasal á tónleikum kórsins með Fílharmóníusveit Sofíuborgar.

Í tilefni afmælis kórsins verður ýmislegt í boði. Hátíðartónleikar verða haldnir sunnudaginn 17. apríl í Hafnarborg. Meðal annars verða fluttar hátíðarkantötur eftir Pál Ísólfsson, en verndari kórsins er frú Sigríður Pálsdóttir óperusöngkona og dóttir Páls. Þá mun kórinn einnig flytja hluta úr óperunni Galdra-Lofti, Cavalleria Rusticana og nokkra þætti úr Macbeth. „Þetta verður mikil dagskrá og mikið fjör. Sungið verður í galakjólum og í lokin verður farið út í vínartónlist,“ segir Elín.

Annar liður í hátíðahöldum kórsins verður Vínarkvöld sem haldið verður í Gullhömrum í Grafarholti á síðasta degi vetrar. Kvöldið er öllum opið en boðið verður upp á fordrykk, mat og vínardansleik. Elín segir alla söng- og hljóðfæraelítu landsins verða þar samankomna. Meðal annars Diddú, Sigrún Eðvaldsdóttir og Þorgeir Andrésson tenór sem verður veislustjóri. „Ætli við Diddú tökum ekki lagið saman í fyrsta skipti,“ segir Elín en vill alls ekki ljóstra upp um hvað þær ætli að syngja.

Elín er bjartsýn á framtíð kórsins. Til stendur að hljóðrita óperukóra með kórnum auk þess sem ferðalag erlendis stendur fyrir dyrum. „Ég ætla rétt að vona að kórinn geti lifað í hundrað ár, mér sýnist allt stefna í það. Áhuginn er mikill og sönggleðin í fyrirrúmi.“

Eiginmaður Elínar er Kjartan Ólafsson tónlistarmaður. Hann er einnig aðstoðarkórstjóri kórsins. Elín segir að það gangi mjög vel fyrir þau að vinna saman. „Við tökum vinnuna með okkur heim, sofnum út frá henni og okkur dreymir hana stundum líka.“ ■



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** Elín er stofnandi og stjórnandi Óperukórs Hafnarfjarðar sem er fimm ára um þessar mundir.

# Ræða beygingu örnefna

Haraldur Bernharðsson hjá Hugvísindastofnun Háskólans flytur klukkan hálf tvö í dag fyrirlestur á vegum Nafnfræðifélagsins, í Sögufélagi við Fischersund í Reykjavík. Fyrirlesturinn nefnist: „Austur í Reykir og Lauga: Um nokkur sérkenni í beygingu örnefna.“

Í tilkynningu félagsins kemur fram að í beygingu örnefna, ekki síst bæjarnafna, megi sjá ýmis sérkenni sem ekki sé að finna í beygingu samnafna nema að óverulegu leyti. „Sums staðar á landinu er til að mynda talað um að fara austur í Reykir, eins og um kvenkynsorð væri að ræða, fremur en austur í Reyki, og Laugar eru í máli sumra karlkynsorð þá sagt austur í Lauga en ekki austur í Laugar,“ segir þar og tekin eru dæmi um fleiri frávik í beygingu örnefna. „Rætt verður um þessi sérkenni í beygingu örnefna og leitast við að svara spurningum á borð við: Hve algeng eða útbreidd eru dæmi af þessu tagi og hversu gömul eru þau? Hvernig má skýra þessi sérkenni í beygingu örnefnanna? Hvernig stendur á því að einkenni af þessu tagi sjást fyrst og fremst í örnefnum en afar sjaldan í samnöfnum?“ ■



**WWW.SOGUFELAG.IS** Á vefnum er að finna margvíslegan fróðleik um félagið.

# 20 ára afmæli FAAS

Klukkan eitt í dag verður efnt til hátíðarfundar í safnaðarheimili Háteigskirkju í tilefni af 20 ára afmæli Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS).

Í tilkynningu kemur fram að félagið hafi nokkrir einstaklingar stofnað árið 1985 og þegar hafist handa við að þrýsta á að opna dagvist sem þjónaði sérstaklega heilabiluðum. „Á seinni árum hefur starf félagsins vaxið mjög með auknum skilningi almennings og stjórnvalda á hve brýnt er að félagið haldi úti öflugu og fjölþættu starfi,“ segir þar og tekið fram að heilabilunarsjúkdómar herji á sívaxandi fjölda einstaklinga frá fimmtugu til níræðs. Frekari upplýsingar um hátíðarfundinn er að finna á alzheimer.is. ■


TILBOÐSHELGI Í EXPERT
SIEMENS
Þvottavél
WXL 1063
AÐEINS
5.490,-**
Staðgreitt:
65.880
1000 snúningar
6 kg
Krumpuvörn
Öll kerfi
VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
0%
SIEMENS
Landmann
Gasgrill
000553
AÐEINS
3.499,-**
Staðgreitt:
41.988
Pottjárnsgrind
Pottjárnsplata
Þrír brennarar úr pottjárni
Viðarvagn
Hægt að fá aukahluti með grillinu
wokpönnu, grillgrind og fleira
VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
0%
LANDMANN-PEIGA
SIEMENS
Þurrkari
WTXL 2400
AÐEINS
6.490,-**
Staðgreitt:
77.480
Barkalaus
Rakaskynjari
Krumpuvörn
Ljós í tromlu
9 kerfi
Tekur 6 kg
VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
0%
SIEMENS
TILBOÐ
2.495,-*
MX111
Blandari
Staðgreitt:
4.990
Blandari
Þriggja hraða
Stál og gler
LÉTTGREIÐSLUR
í 2 mán.
elta
TILBOÐ
2.490,-*
ES101
Safapressa
Staðgreitt:
4.980,-
Safapressa fyrir
ávexti og grænmeti
LÉTTGREIÐSLUR
í 2 mán.
elta
LÉTTGREIÐSLUR
í 2 mán.
TILBOÐ
2.495,-*
EM101
Expressovél
Staðgreitt:
4.990,-
Expresso
þrýstikanna
elta
TILBOÐ
3.330,-*
HO100
Kjúklingagrill
Staðgreitt:
9.990
Kjúklingagrill með blæstri
Frábært fyrir þá sem hugsa
um heilsuna.
elta
LÉTTGREIÐSLUR
í 3 mán.
Samsung 2X
Kæliskápur (hvítur)
RS21FDSV
AÐEINS
14.991,-**
Staðgreitt: 179.900,-
Amerískur ísskápur
Super kæling í kæli og frysti
Stafrænar stillingar
Vatn, klaki og mulinn klaki
SAMSUNG
VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
0%
TILBOÐ
3.995,-*
PP100
Rafmagnspanna
Staðgreitt:
6.990,-
Teflonhúðuð
rafmagnspanna
elta
LÉTTGREIÐSLUR
í 2 mán
expert
Skútuvogi 2 sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00
www.expert.is
**Visa- eða Euro vaxtalausar raðgreiðslur, meðalgreiðsla í 12 mán.
*Vaxtalausar léttgreiðslur, 2 - 4 mánuðir
Birt með fyrirvara um villur.

# Óforbetranlegt fagidjót

Eftir rannsóknir **Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar** íhuga dönsk stjórnvöld nú að biðjast afsökunar á að hafa vísað gyðingum frá Danmörku í seinni heimsstyrjöldinni. ***Bergsteinn Sigurðsson*** ræðir við Vilhjálm um rannsóknir hans, þörfina á uppgjöri við fortíðina, ástand fræðasamfélagsins á Íslandi og Miðhúsamálið.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

**VILHJÁLMUR ÖRN VILHJÁLMSSON** Bók hans *Medaljens bagside* kom út í gær en efni hennar hefur þegar vakið mikla athygli. Hann saknar fornleifafræðinnar og langar aftur ofan í holu, en er feginn að hafa fengið hvíld frá hinum akademíska hildarleik sem hann segir hið íslenska fræðasamfélag vera.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifa- og sagnfræðingur hefur staðið í ströngu undanfarna daga. Um árabil hefur hann rannsakað örlög gyðinga sem Danir vísuðu úr landi í seinni heimsstyrjöldinni. Vinnan bar loks ávöxt í gær þegar bókin *Medaljens bagside* kom út en efni hennar hefur þegar vakið talsverða athygli. Í bókinni rekur Vilhjálmur sögu 21 gyðings sem Danir vísuðu úr landi og kannar örlög þeirra. Nítján þeirra létu lífið í fangabúðum nasista.

Vilhjálmur segir hugmyndina að því að rita sögu landflótta gyðinga í seinni heimsstyrjöld hafa kviknað þegar hann var að ljúka doktorsnámi í fornleifafræði í Danmörku árið 1992. Þá hafði hann dvalið í Danaveldi í tólf ár. „Ég var satt best að segja orðinn hundleiður á fornleifafræðinni enda búinn að vera með sama verkefnið í þrjú ár. Dag einn sat ég á ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn og rakst þá á bók eftir gyðing að nafni Bent Bludnikow sem fjallaði um gyðinga og flóttamenn í Danmörku á fjórða áratugnum. Þessi bók vakti mig til mikillar umhugsunar og hvatti mig til að fara yfir sögu flóttamanna á Íslandi, sem ég hef gert að vissu leyti í greinaskrifum mínum. Þegar ég sneri mér að þessu ákvað ég þó að einbeita mér að sögu gyðinga í Danmörku.“



## VILHJÁLMUR ÖRN Í HNOTSKURN

**Fæddur:** 1960.
Menntun: Doktorsgráða í fornleifafræði.
**Starf:** Sjálfstætt starfandi fræðimaður.
**Fjölskylduhagir:** Kvæntur Irene Bang Möller og saman eiga þau Leu níu ára og Ruben tveggja ára.
**Áhugamál:** Fornleifafræði, sagnfræði og fjölskyldan.

### Skipt um vettvang

Sagnfræðin var þó látin bíða í bili. Að námi loknu sneri Vilhjálmur aftur til Íslands og hóf störf hjá Þjóðminjasafninu. Framan af undi hann hag sínum vel en um miðjan tíunda áratuginn sagði hann skilið við fornleifafræðina. Málavextir voru þeir að árið 1980 fannst silfursjóður við Miðhús í Egilsstaðahreppi. Talið var að um muni frá víkingaöld væri að ræða og var sjóðurinn sýndur á Þjóðminjasafninu fram til ársins 1994. Þá var farið fram á að silfursjóðurinn yrði rannsakaður því talið var að munirnir væru ekki allir jafn gamlir. Grunur þess efnis hafði verið á kreiki allt frá 1988. Málið vakti miklar deilur, svo vægt sé til orða tekið, og var mikið um það ritað. Ábúendur á Miðhúsum stefndu Vilhjálmi fyrir ærumeiðandi ummæli og höfðu betur þrátt fyrir að rannsókn leiddi í ljós að einn munanna var frá 19. eða 20. öld. Skömmu síðar kastaðist í kekki milli Vilhjálms og yfirmanna safnsins; hann kvartaði opinberlega undan því að hafa verið bannað að koma fram fyrir hönd Þjóðminjasafnsins vegna Miðhúsamálsins. Yfirmenn safnsins höfnuðu þessum ásökunum og stuttu síðar var Vilhjálmi sagt upp störfum. Hann flutti aftur til Danmerkur í kjölfarið.

„Mér var ekki lengur stætt að vinna á Íslandi, það var ekki óskað eftir störfum mínum og ég þurfti að finna mér eitthvað annað að gera,“ rifjar hann upp. „Ég ákvað því að snúa mér að sagnfræði. Ég er með ágæta aðlögunarhæfni og á auðvelt með að breyta til. Sagnfræðin hefur hentað mér ágætlega þó hún færi ekki alltaf salt í grautinn eða smjör á brauðið. Það hafa stundum verið magrir tímar á milli þess sem maður fær styrki til rannsókna. En þetta er gaman þegar fé fæst.“

> **Danskir sagnfræðingar hafa reynst mér verst. Margir þeirra líta á þetta tímabil sem sína eign og finnst ég vera að troða mér inn á þeirra svið. Ég hef fundið ótvírætt fyrir því.**

### Verðum að gera hreint fyrir okkar dyrum

Rannsóknir Vilhjálms á örlögum gyðinganna hafa vakið sterk viðbrögð í Danmörku, en að mestu leyti jákvæð að hans sögn. „Fólk er almennt á því að þessi mál eigi að rannsaka og ég reyni að höfða til almennings með því skrifa aðgengilegan texta sem er ekki bara fyrir fræðimenn. Þó hafa vissulega verið neikvæð viðbrögð. Danskir sagnfræðingar hafa reynst mér verst. Margir þeirra líta á þetta tímabil sem sína eign og finnst ég vera að troða mér inn á þeirra svið. Ég hef fundið ótvírætt fyrir því.“

Danska ríkisstjórnin íhugar að biðja gyðinga afsökunar á breytni sinni gagnvart þeim sem var vísað úr landi. Hér á landi er spurt hvort íslensk stjórnvöld eigi líka að gera það í ljósi þess að íslensk stjórnvöld vísuðu að minnsta kosti sextán flóttamönnum úr landi á stríðsárunum. Vilhjálmur telur að íslenskum stjórnvöldum væri það meinlaust og auðvelt að biðjast afsökunar. „En ef það hentar stjórnvöldum ekki að gera það finnst mér að þau geti sýnt málinu tilhlýðilegan áhuga og virðingu. Til dæmis hefur maður að nafni Snorri G. Bergsson unnið árum saman að því að rannsaka sögu þeirra gyðinga sem var vísað frá Íslandi, en komið að lokuðum dyrum hvað styrki varðar. Snorri hefur safnað merkilegum heimildum og bjargað sumum þeirra frá glötun. Ég held að það væri viðeigandi að stjórnvöld aðstoðuðu hann við að ljúka rannsókn sinni og gefa út.“

Margir hafa tekið treglega í að biðja gyðinga afsökunar en Vilhjálmur segir Íslendinga þó ekki sérhlífnari en aðra gagnvart draugum fortíðar. „Þetta má greina alls staðar; í Danmörku, Noregi og víðar. En við þurfum að rannsaka það ofan í kjölinn hverjum var vísað úr landi og hver örlög þeirra voru og gera hreint fyrir okkar dyrum.“

### Saknar fornleifafræðinnar

Það er þolinmæðisverk að sitja á skjalasöfnum árum saman og grúska í heimildum. Vilhjálmur segir að það krefjist ekki aðeins aga heldur líka ímyndunarafls því það sé ekki alltaf lógískt hvar sum skjöl endi. Í rannsóknum sínum bregður hann frekar ljósi á einstaklinga en stærri heildir. „Ég held að þessi aðferð gefi jafnvel betri mynd af heildinni en það að einblína á hið stærra samhengi. Þá held ég að þessi efnistök séu líka til þess fallin að vekja áhuga almennings á efninu.“

Vilhjálmur segist reyna að sameina efnistök sagnfræðinnar og fornleifafræðinnar í starfi sínu en viðurkennir að hann sakni fornleifafræðinnar. „Ég vildi gjarnan fara til Íslands og ofan í holu aftur en það er ekki gefið að það sé hægt. Vandamálið við fornleifafræðina er að margir eru um hituna og allir eru í slag. Mér fannst gott að fá hvíld frá þessum akademíska hildarleik; sagnfræðingar eru ekki eins trylltir og fornleifafræðingar þó þetta finnist þar líka. Menn eru stungnir í bakið bara út af samkeppninni sem stafar aðallega af því að það er ekki nóg fyrir alla. Ekki er nógu miklu fé veitt í hugvísindi.“

Vilhjálmur segist hafa stefnt á fornleifafræði frá blautu barnsbeini. „Menn eins og Jón Sigurðsson og Kristján Eldjárn voru átrúnaðargoðin mín langt fram eftir aldri. Að mínu mati felst góð kvöldstund í því að lesa góðan texta um fornleifafræði eða sagnfræði um seinni heimsstyrjöldina. Ég held það sé óhætt að lýsa mér sem óforbetranlegu fagidjóti.“

Þó Vilhjálmur geti hugsað sér að starfa aftur á Íslandi telur hann ólíklegt að hann sé á förum frá Kaupmannahöfn. Hann hefur komið sér fyrir í notalegu litlu húsi í úthverfi borgarinnar ásamt konu sinni og börnum og líður vel.



SKRÝTNA FRÉTTIN

## Feitir halda minna framhjá

Þýsk rannsókn hefur sýnt að feitir karlmenn eru mun líklegri til að vera maka sínum trúir en þeir sem grennri eru í vextinum. Það sem er athyglisvert við niðurstöður rannsóknarinnar er að tryggð hinna feitu skrifast ekki á minni séns veikara kynsins, heldur þá staðreynd að of þungir karlmenn hafa minni tilhneigingu til að stunda áhættusamt kynlíf.
Í niðurstöðum kom fram að karlar í kjörþyngd eru tvisvar sinnum líklegri til að halda framhjá. Feitlagnir menn eru ekki aðeins ólíklegri til framhjáhalds, heldur eru þeir sömuleiðis áhugaminni um vændishús eða símaklám.
Úrtak rannsóknarinnar var eitt þúsund þýskir karlmenn á aldrinum 31 til 69 ára. Sascha Rusch hjá Forsarannsóknum segir þá niðurstöðu hafa komið á óvart að feitir menn hafi minni áhuga á svikum við maka sinn, um leið og kynhvötin er síst minni en hjá grennri kynbræðrum þeirra.



**HEILBRIGÐ KYNHVÖT** Ný rannsókn sýnir að feitir karlar eru jafn graðir og þeir mjóu, en ólíklegri til að halda framhjá.

Rúmenskur rakari:

# Læsti frúna í svínastíu

Rúmenskur rakari hefur valdið usla fyrir að loka kjaftaglaða eiginkonu sína í svínastíu. Puiu Dobrica frá Andreiasu vildi með því lækna frúna af slúðurþörf með vinkonum daginn út og inn. Hann beið þess að eiginkonan Aurelia færi inn í stíuna til að hreinsa undan svínum einn morguninn og flýtti sér að læsa hana inni. Konan eyddi heilum degi og nótt í svínastíunni, þar til sonur þeirra frelsaði hana næsta dag. Rakarinn Dobrica segist ekkert athugavert sjá við verknaðinn og hann hafi ekki vanrækt hana.
„Ég færði henni mat í gegnum gat á þakinu tvisvar og vona að hún hætti kjaftavaðlinum eftir þetta.“



**Í SVÍNASTÍU** Lækning á slúðurþörf fyrir málglaðar konur?

# Plant kemur á miðvikudag

Fyrrum söngvari Led Zeppelin, Robert Plant, kemur hingað til lands ásamt hljómsveit sinni The Strange Sensation næstkomandi miðvikudag.
Tónleikar kappans verða haldnir tveimur dögum síðar í Laugardalshöll og hefur hann því ágætan tíma til að endurnýja kynni sín af landi og þjóð, en eins og kunnugt er spilaði Led Zeppelin hér á landi árið 1970.
Robert Plant þykir í feiknagóðu formi þessa dagana og er nýjustu plötu kappans, Mighty Rearranger, beðið með mikilli eftirvæntingu. Geta tónleikagestir hér á landi keypt plötuna tveimur vikum áður en hún kemur út í Evrópu og Bandaríkjunum. Á efnisskrá Plants eru ekki aðeins ný lög og lög frá farsælum sólóferli hans heldur má þar líka finna rjómann af því besta sem Led Zeppelin gerði. Eru á efnisskránni að jafnaði sex til níu Led Zeppelin-lög.
Miðar í stúku og bekki á tónleikana seldust upp á mettíma fyrir nokkru síðan en miðar í stæði eru enn til. Miðasala fer fram á Hard Rock Café Kringlunni, Pennanum Glerártorgi, Pennanum Akranesi, Hljóðhúsinu Selfossi, Hljómvali Keflavík og á midi.is. Miðaverð er 4.500 kr.



**ROBERT PLANT** Rokkarinn mikli er á leiðinni til Íslands og ætlar að halda tónleika í Laugardalshöll 22. apríl.



# Ítalski sjúkdómurinn

„Stjórnvöld og allir landsbúar hljóta að sjá núna að eitthvað verður að gera," segir Clarence Seedorf, hollenski miðjumaðurinn hjá AC Milan, og á við sívaxandi skrílslæti ítalska almúgans á fótboltaleikjum þar í landi. *Vignir Guðjónsson* kannaði hvort hugur ráðamanna í landinu væri á sama veg.




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VELKOMNIR TIL ÍTALÍU** Þetta voru skilaboðin sem biðu stuðningsmanna Liverpool þegar þeir mættu til að styðja sitt lið gegn Juventus. „Þið eruð ljótari en Camilla," segir á borðanum sem sést á myndinni.

Ummælin lét Seedorf falla eftir að hafa horft upp á þá hörmulegu atburði sem áttu sér stað á áhorfendapöllunum á Giuseppe Meazza-leikvanginum í Mílanó-borg, sem er betur þekktur sem San Siro, síðasta þriðjudagskvöld. Seedorf hitti þarna naglann á höfuðið því að uppákoman þegar 17 mínútur voru eftir af leik erkifjendanna Inter og AC Milan, þegar blysi var hent í markvörð AC Milan, er afleiðing sívaxandi fautaskaps og skrílsláta í ítalska boltanum sem hingað til hafa verið látin afskiptalaus. Umrætt atvik sýnir það hins vegar og sannar að óeirðir áhorfenda á Ítalíu er orðnar stórt þjóðfélagsvandamál sem verður að stöðva með öllum tiltækum ráðum.

Ítalskir fjölmiðlar hafa farið mikinn á undanförnum dögum og segja fótboltann í landinu sínu vera sýktan, hann þjáist af grimmd og miskunnarleysi sem eigi engan sinn líka í heiminum. Þegar blysið skall á öxl Dida bjuggust flestir við dauðaþögn úr áhorfendapöllunum en þess í stað heyrðust fagnaðaróp. Það er kannski augljósasta merkið um hversu mikill sjúkleiki er í ítölsku knattspyrnunni.

Sögur af óeirðum áhorfenda á Ítalíu ná mörg ár aftur í tímann. Hámarkinu var ekki endilega náð í Meistaradeildarleiknum á þriðjudag heldur frekar um síðustu helgi þar sem óeirðir og slagsmál í fimm knattspyrnuleikjum á víð og dreif um Ítalíu ollu því að alls 85 lögreglumenn þurftu að leita sér aðstoðar á sjúkrahúsi. Það sama átti við um annan eins fjölda af saklausum áhorfendum sem slösuðust – fólki sem gerði það eitt af sér að mæta á fótboltaleik í leit að skemmtun. Þrátt fyrir þessa sívaxandi óstjórn leyfa forsprakkar ítalskrar knattspyrnu sér að halda að allt sé í lagi. Og það er einmitt þar sem rót vandans liggur.

### Stjórnvöld, lítið ykkur nær!

Það er ekki aðeins bulluskapurinn sem tröllríður leiknum sjálfum. Sögusagnir um að úrslit leikja séu fyrir fram ákveðin eru orðnar svo margar að margir eru farnir að trúa að eitthvað sé raunverulega til í þeim. Kynþáttahatur hefur verið mikið í umræðunni á Spáni en staðreyndin er sú að það er algengara á Ítalíu ef eitthvað er. Dópskandalar og fregnir um að leikmenn notist við ólögleg lyf skjótast hvergi jafn títt upp á yfirborðið og á Ítalíu. Svona mætti áfram telja. En samt hefur ekkert verið gert til að stöðva útbreiðslu þessa ruddalýðs og ólátabelgja, sem eru á góðri leið með að skemma ítalska knattspyrnu. Orðstír hennar hefur þegar verið svertur stórlega, ef ekki skemmdur.

Þó eru merki um að ríkisstjórnin í landinu hafi fengið nóg. Eftir lætin í leikjunum um síðustu helgi og fyrir leik Inter og AC Milan í Meistaradeildinni lýsti Giuseppe Pisanu, innanríkisráðherra landsins, ástandinu sem „óþolandi" og hótaði því að leikvögnum yrði lokað ef hlutirnir héldust í sama farinu. Undir hans orð tók sjálfur forsætisráðherrann Silvio Berlusconi eftir leikinn sögulega á þriðjudaginn. Hann bætti auk þess við að það væri stór hætta á að „enn alvarlegri atvik muni eiga sér stað í nánustu framtíð ef ekkert er að gert. Ef eina lausnin felst í að grípa til algjörra örþrifaráða, þá ber ekki að útiloka þau," sagði Berlusconi sem reyndar seint verður talinn hlutlaus sem aðaleigandi AC Milan.



**LÁN Í ÓLÁNI** Eins og sést á þessum myndum er Dida hreinlega heppinn að fá blysið í öxlina en ekki í andlitið.

### Sýktur heimur

Hver svo sem þessi örþrifaráð verða þá er það viðurkennd staðreynd að ekki verður komið í veg fyrir bullur þrífist í fótboltanum. Lykillinn felst í því að hafa stjórn á bullunum. Besta „bullu-stjórnunin" er talin vera í Englandi, þar sem öryggismál voru algjörlega endurskipulögð upp á nýtt eftir Heysel-slysið hörmulega árið 1985 þar sem 39 stuðningsmenn láu í valnum eftir verstu óeirðir allra tíma. Í Englandi minnir öryggisgæslan á stærstu leikjunum oft á hernað, þar sem hundruð gæslumanna vinna skipulagt saman í hópum. Sú er ekki raunin á ítalíu – þar eru margra metra háar girðingar í kringum vellina taldar vera besta lausnin og gengur hugmyndin út á að hafa leikmennina á vellinum eins og þeir séu í búri. Á daginn hefur komið að búrin eru engin lausn.

Það sorglegasta við allan þennan harmleik og það sem endurspeglar kannski best hversu skemmandi áhrif þessar óreiðir hafa er skugginn sem fellur yfir leikinn sjálfan. Hver man eftir stórkostlega markinu sem Andriy Shevchenko skoraði í leiknum, ótrúlegri markvörslu Dida, stórleik hins endurfædda Juan Veron sem aldrei hefur verið í betra formi, svo ekki sé minnst á ofurmennskan varnarleik hins síunga Paolo Maldini. Hjá þeim síðastnefnda endurspeglast í raun allt það besta sem ítalskur fótbolti getur haft upp á að bjóða; prúðmennsku, heiðarleika, góðgerðarstarfsemi og tryggð við sitt félag.

Á meðan ráðamenn á Ítalíu neita að horfast í augu við sýktan heim knattspyrnunnar þar í landi munu boðberar eins og Maldini aldrei fá að njóta sín. Hvort atburðir vikunnar verða til þess að reynt verði á lækningu eða einhvers konar meðferð verður ósagt látið en víst er að stærstur hluti almennings á Ítalíu á sér enga ósk heitari en að stjórnvöld grípi í taumana áður en annar eins harmleikur og gerðist á þriðjudag, og hvað þá verri, eigi sér stað. ■




## Íslendingar komust undan á hlaupum



**EIRÍKUR HELGASON**

„Ég hef aldrei kynnst öðru eins og ég játa það að á ákveðnum tímapunkti var mér ekki farið að standa á sama," segir Eiríkur Helgason, Íslendingur sem staddur var á báðum Meistaradeildarleikjunum á Ítalíu í vikunni og upplifði þar með uppþotin á áhorfendapöllunum af eigin raun.

„Þetta byrjaði mjög saklaust og manni datt ekki í hug að eitthvað þessu líkt væri í uppsiglingu í upphafi leiks. Öryggisgæslan var mikil og ég fékk ekki einu sinni að fara með kveikjarann minn inn á völlinn. Þess vegna finnst mér óskiljanlegt að fólk komist með stærðarinnar blys inn á völlinn," segir Eiríkur. Hann segir lætin hafa átt sér stað að nánast öllu leyti í einni ákveðinni stúku.

„Það er svokölluð verkamannastúka þar sem þeir allra hörðustu eru samankomnir. Öryggisverðirnir láta þá alveg vera vegna þess að þeir þora ekki að koma nálægt þeim. Blysin komu frá þeim," segir Eiríkur og viðurkennir að hann hafi orðið býsna smeykur á vissum tímapunkti.

„Við ákváðum að bíða og vera með þeim síðustu til að fara út af vellinum eftir lætin. Þegar við vorum að ganga út voru gífurlegar sprengingar inni á vellinum sjálfum. Þá var ekkert verið að henda neinum blysum heldur litlum sprengjum."

Eiríkur sat í Mastercard-heiðursstúkunni í báðum leikjum, stað sem ætti fyrir fram að teljast nokkuð öruggur, en annað átti eftir að koma á daginn í leik Juventus og Liverpool.

„Lætin í fyrri leiknum gerðu það að verkum að öryggisverðir á síðari leiknum voru mun grimmari en venjulega. Í lokin á þeim leik sprakk síðan táragassprengja í miðri stúkunni okkar fyrir mistök og ég stóð mig að því að grenja sem aldrei fyrr. En ég slapp ágætlega því það voru menn við hliðina á mér sem köstuðu upp og beinlínis steinlágu," segir Eiríkur. Ekki blasti við betri sjón þegar af vellinum var komið.

„Þá voru stuðningsmenn Juve að kveikja í bílum og brjóta allt og bramla. Ég veit líka til þess að nokkrir Íslendingar fengu tugi stuðningsmanna á eftir sér vegna þess að þeir héldu að þeir væru frá Liverpool. Þeir komust undan á hlaupum og keyptu sér strax Juventus-trefil til að eiga ekki frekari hættu á líkamsmeiðingum," segir Eiríkur og vandar Ítölunum ekki kveðjurnar. „Ástandið þarna er lygilegt og ljóst að það er eitthvað mikið að."


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Klæjar þig
í tærnar?
Gætu það verið fótsveppir?
LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn
Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.
15 g gel
LAMISIL® GEL
10 mg/g
TERBINAFIN.
LAMISIL®
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
LAMISIL® 1% Creme
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
15 g



**VÁGDÍS** Þessa mynd tók Aldís árið 2004 fyrir lokaverkefnið sitt.



**GAMLI STÍLLINN** Hér setti Aldís nælonsokk undir og yfir linsuna og allt um kring. Þannig urðu litirnir og áferðin eilítið gamaldags.



**DRAUMUR?** Það tekur aðeins nokkrar mínútur að búa til barn. Aldís tók þessar fyrir lokaverkefnið sitt.



**Á FORSÍÐUNNI** Myndin að ofan er auglýsing fyrir verslunina Smash og sú til vinstri er skólaverkefni og tekin sem Diesel-auglýsing.





# *Skemmtilegast að föndra með listina*

**Aldís Pálsdóttir** er ungur ljósmyndari sem stundar nám í Danmörku. Hún hefur mikla ástríðu fyrir greininni sem má greinilega sjá á ljósmyndum hennar, sem eru sterkar og grípandi. ***Borghildur Gunnarsdóttir*** spjallaði við Aldísi um námið.



Aldís Pálsdóttir segir það röð tilviljana að kenna að hún ákvað að læra ljósmyndun. Áhuginn kviknaði fyrst þegar hún vann til verðlauna í Ljósmyndaspretti, ljósmyndasamkeppni grunnskólanna, árið 1996. „Ég elska að taka myndir, ég elska að sýna myndir og ég elska að skoða myndir. Allt ferlið er skemmtilegt og spennandi á sinn hátt. Hugmyndavinnan, undirbúningurinn, framkvæmdin og eftirvinnslan. Eftir allt saman verð ég glöð í hjarta mínu og til í að framkvæma næstu hugmynd. Þetta er svo mikill leikur þrátt fyrir að vera beinhörð vinna," segir hún og bætir við að sér finnist frábært að geta unnið við að leika sér.

„Þó svo að mér finnist eiginlega allar hliðar á ljósmyndaheiminum spennandi finnst mér skemmtilegast að föndra svolítið með listina. Mér finnst æðislegt að framfylgja eigin hugmynd til enda, búa til sérstaka stemningu eða jafnvel ævintýraheim."

Aldís stundar ljósmyndanám við margmiðlunarskólann í Viborg í Danmörku og hóf nám þar árið 2001. Hún klárar skólann í lok ágúst þessa árs og segir að í lok fyrstu annarinnar hafi sér orðið ljóst að ljósmyndun væri sín grein.

„Ég fékk fyrstu einkunn eftir fyrstu önnina og fann að þetta ætti vel við mig. Til þess að halda skólagöngunni áfram þurfti ég að leita mér starfssamnings. Ég kynntist þá Guðmundi Ingólfssyni ljósmyndara en lærimeistari minn er Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndari. Ég hef verið að aðstoða hann við ýmis verkefni og unnið sjálfstætt inn á milli og myndaði meðal annars fyrir Reykjavík Grapevine, þegar það kom út árið 2003. Sumarið 2004 flutti ég til Kaupmannahafnar og aðstoðaði ljósmyndarann Steen Evald sem er einn vinsælasti ljósmyndari Dana í dag og vinnur til dæmis mikið með dönsku konungsfjölskyldunni."

Aldís er núna stödd á Íslandi og er nýkomin frá Köben. „Ég verð hérna í tæpa fjóra mánuði og er að leggja seinustu hönd á lokaverkefnið mitt. Ég klára svo námið í lok ágúst. Eftir það heiti ég svo kannski ljósmyndari í símaskránni." ■

**ALDÍS PÁLSDÓTTIR** Hún er ungur ljósmyndanemi sem á eflaust eftir að láta að sér kveða í framtíðinni.

**GLEÐI-SORG** Það er stutt á milli gleði og sorgar; ef vel er að gáð má sjá glitta í tár á neðri myndinni.


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


**ÁHRIFAVALDUR Í LÍFI MÍNU** GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON STJÖRNUSPEKINGUR

## Velgjörðarmaðurinn Gulli Bergmann

Mestur áhrifavalda og minn velgjörðarmaður númer eitt var Guðlaugur heitinn Bergmann. Það var árið 1983, þegar Gulli var tískukóngur í Karnabæ, að ég var fenginn til að tala um stjörnuspeki í morgunþætti Ríkisútvarpsins. Hlustendur gátu hringt inn til að vita hvernig merkin ættu saman og spurt var um vog og sporðdreka. Þá voru þau Gulli og Guðrún Bergmann að hlusta yfir árbítnum, en Gulli hafði hvatt Guðrúnu til að hringja.

Það verður úr að þau panta einkatíma og þar les ég úr korti Gulla að hann sé mikill áhugamaður um andleg málefni, með sterka andlega eiginleika. Gulli sagði það alveg rétt, en að enginn vissi þetta um sig.

Svo koma þau á námskeið og Gulli lætur mig fá þrjá fæðingartíma til að lesa úr, svona eins og í prófi. Eftir lesturinn segir Gulli: „Þú ert með hæfileika og ég er með peninga. Ég legg til að við stofnum fyrirtæki saman."

Það varð úr að við stofnum Stjörnuspekimiðstöðina, sem Gulli fjármagnaði, að Laugavegi 66. Gulli var afar kraftmikill, einlægur og hugrakkur; maður sem þorði að hafa öðruvísi skoðanir. Ég var 29 ára, með fremur lítið sjálfstraust, og það að hitta mann með svo gífurlegt sjálfstraust og áberandi í þjóðfélaginu, til að bakka mig upp heilshugar, gaf mér gífurlega mikið. Ég hefði aldrei gert þetta án Gulla.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON STJÖRNUSPEKINGUR** Velgjörðarmaðurinn hringdi í útvarp til að vita um samband sporðdreka og vogar.

Gulli var með góð sambönd á Morgunblaðinu og fór með mig á fund ritstjóranna Styrmis og Matthíasar þar sem ég las úr stjörnukortum þeirra og í kjölfarið var ákveðið að ég skrifaði dálka um stjörnuspeki í Moggann, sem ég gerði frá 1985 til 1989, alls 1.200 greinar.

Gulli stormaði inn til Höskuldar bankastjóra í Verslunarbankanum og tilkynnti honum að hann ætlaði að opna stjörnuspekifyrirtæki. „Gulli minn, hvað áttu við? Stjörnuspeki?" spurði Höskuldur. „Já," sagði Gulli, „stjörnuspeki er svo merkileg. Í hvaða merki ertu? Krabbi? Já, krabbinn er svo varkár." Þetta lýsir hugrekki Gulla og dirfsku, en öll hans hvatning og samfylgd kom stjörnuspekinni á kortið.



**GUÐLAUGUR BERGMANN ATHAFNAMAÐUR** Lagði próf fyrir Gunnlaug og vildi í fyrirtækjarekstur með honum eftir góðan árangur.

thordis@frettabladid.is

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.52 | 13.17 | 21.05 |
| AKUREYRI | 5.29 | 13.12 | 20.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## bílar o.fl.

Mercedes-Benz A-Class reynsluekinn

BLS. 3



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*

**Í dag er laugardagur 16. apríl, 106. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**




Þorleifur á 300 hestafla bíl og öflugasta fjórhjól sem hægt er að fá.

# Heillaður af hestöflunum

***Heiðar Þorleifsson hefur átt fimm bíla þrátt fyrir að vera aðeins 19 ára gamall. Nú ekur hann á Pontiac Trans Am árgerð '94, tryllitæki sem er hvorki meira né minna en 300 hestöfl.***

„Ég féll fyrir kraftinum og útlitinu," segir Heiðar, sem er óforbetranlegur bílaáhugamaður og ver öllum sínum frítíma í bílinn sinn og fjórhjólið, sem líka er óhemjukraftmikið, það öflugasta sem hægt er að fá.

Heiðar er búinn að eiga Pontiac-inn í eitt og hálft ár og hefur á þeim tíma kostað heilmiklu í hann, bæði í vinnu og peningum. „Ég keypti hann bilaðan fyrir 900 þúsund og er búinn að eyða í hann mörg hundruð þúsundum í viðbót. Þetta er algjör della hjá mér, ég er alltaf að breyta honum og laga eitthvað, núna síðast keypti ég nýja skiptingu."

Heiðar nýtur aðstoðar pabba síns og nágranna við viðgerðirnar, en þeir eru báðir bíladellukarlar eins og hann. „Ég fékk æfingaakstur með pabba daginn sem ég varð 16 ára, það var ekkert hægt að bíða með það," segir Heiðar hlæjandi. Hann segist vekja óskipta athygli hvar sem hann fer og fólk kemur gjarnan og vill ræða við hann um bílinn. „Ég er reyndar að spá í að selja hann og fá mér kraftmikinn og breyttan jeppa og fara að stunda fjallaferðir. Svo er ég auðvitað alltaf í crossinu og á hjól af öflugustu gerð, svona eins og í bíómyndinni Cradle 2 the Grave, þú veist... Blaðamaður verður tómur í framan og verður að viðurkenna að titillinn hringi engum bjöllum, en Heiðar segir að sams konar hjól hafi verið notað í myndinni. „Ég stefni líka að því að kaupa nýtt hjól, ég er nú þegar búin að eiga þrjú mótorhjól og eitt fjórhjól og er hvergi hættur, enda er þetta svo æðislegt sport og allir vinir mínir hér í Grafarvoginum á kafi í þessu." ■

## LIGGUR Í LOFTINU *í bílum*

**Bílaframleiðandinn Toyota** hefur fjárfest 150 milljónir dollara í landsvæði í Michigan í Bandaríkjunum þar sem fyrirtækið mun byggja verksmiðju fyrir framleiðslu sína. Með þessu mun Toyota tvöfalda vinnuafl sitt en bygging verksmiðjunnar hefst á næsta ári. Hjá Toyota gera menn allt



hvað þeir geta til að berjast við bandarísku risana General Motors og Ford en eins og stendur er Toyota með 505 starfsmenn í Michigan.

**Bílaframleiðandinn Subaru** ætlar að tvöfalda bílasölu í Evrópu á næstu fjórum árum. Árleg bílaframleiðsla Subaru er 600 þúsund bílar en fyrirtækið ætlar að selja 900 þúsund bíla árið 2009. Af þeim verði 100 þúsund bílar seldir Evrópubúum á móti 60 þúsundum nú. Subaru ætlar að leggja mesta áherslu á Impreza og á bílasýningunni í Frankfurt í haust verður frumsýnd ný endurbætt Impreza og glæný kynslóð Impreza mun svo verða frumsýnd á bílasýningunni í Tókýó haustið 2007. *Af fib.is.*



*bilar@frettabladid.is*

Himinn og haf - 9040379

# Hagstæð sumarhúsalán

60% veðsetningarhlutfall



Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á **frjalsi@frjalsi.is**.

**Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.***

| Vextir % | 4,95% | 5,50% | 6,50% | 7,00% |
|---|---|---|---|---|
| 5 ár | 18.850 | 19.100 | 19.560 | 19.800 |
| 10 ár | 10.580 | 10.850 | 11.350 | 11.610 |
| 15 ár | 7.880 | 8.170 | 8.710 | 8.990 |

* Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

**Jeppaklúbbur**
Ferðaklúbburinn 4x4 er með vefsíðuna jeppi.is þar sem hægt er að nálgast ýmsan skemmtilegan fróðleik um jeppa og jeppaferðir. Auk þess er þar dagatal þar sem talið er upp hvað er á döfinni.



BIFREIÐASTILLINGIN
**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

*Sláttuvélarnar eru komnar í hús*
*Flottar vélar – frábær verð*


SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu varahluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Smiðjuvegi 8, Kópavogi • sími 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

Réttingaverkstæði Jóa ehf

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun

BIFREIÐAVERKSTÆÐI JÓNASAR
Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0097
Netfang: jonasar@jonasar.is

AB-VARAHLUTIR ehf.
Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla
Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is
Betri vara - Betra verð

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK
• HEILSÁRSDEKK
• OLÍS SMURSTÖÐ
• BÓN OG ÞVOTTUR
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• BREMSUKLOSSAR
• PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066


TRIO GOLFHJÓL
Partur–Spyrnan–Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

REYNSLUAKSTUR



Mercedes-Benz A-Class sker sig kannski ekki sérstaklega frá öðrum smábílum í útliti en er fallegur engu að síður.

# Snaggaralegur í borgarumferðinni

***Nýr Mercedes-Benz A-Class lætur í fljótu bragði ekki mikið yfir sér. Hér er hins vegar á ferðinni afburðaskemmtilegur smábíll sem er lipur í umferðinni en liggur líka ótrúlega vel á vegi miðað við stærð.***

Nýr Mercedes-Benz A-Class hefur stækkað talsvert frá fyrirrennaranum. Því er hér á ferðinni afar rúmgóður bíll að innan þótt hann sé nettur á velli. Pláss fyrir ökumann og framsætisfarþega er yfirdrifið og aftur í er líka nóg pláss fyrir fætur fullorðinna þótt framsætin séu í góðri stöðu fyrir þá sem þau verma.

Reynsluekið var fimm dyra beinskiptum A150-bíl sem er með 95 hestafla 1.500 vél og reyndist hann einstaklega lipur og skemmtilegur. Hann liggur vel á vegi og í raun er alls engin smábílatilfinning yfir því að aka honum, fyrir utan auðvitað þægindin sem felast í að vera á nettum bíl í innanbæjarakstri. Aflið í bílnum var einnig ágætt. Einn kostur bílsins er hversu hátt er setið í honum. Útsýni verður því gott og stórir gluggar gera það að verkum að birtan er góð í bílnum, jafnvel þótt hann sé ekki með gler í toppnum. Ýmsir hlutir eru til þæginda í bílnum, svo sem stillingar fyrir útvarp í stýri og ágæt geymsluhólf.

Eins og gefur að skilja er farangursrýmið ekki mjög stórt í bílnum. Ef aðeins tveir eru á ferð má hins vegar leggja niður aftursætin, sem jafnast þá við gólfhæð, og fá prýðilegt farangursrými. Bíllinn getur því verið ágætur ferðabíll fyrir tvo. Afturhlerinn opnast líka vel, þannig að gott er að ganga um farangursrýmið. Til að auka enn frekar flutningsgetuna má svo leggja fram farþegasætið við hlið bílstjórasætisins.

Öryggisbúnaður bílsins er einnig góður. Hann er búinn ESP-stöðugleikastýringu, svo einhvers sé getið, og athygli vekur að við högg framan á bílinn dettur vélin niður í rými undir gólfi bílsins í stað þess að þrýstast inn í bílinn.

Þegar nýja A-Class bílnum er ekið finnur maður fyrir því að vera að aka hágæðabíl. Og verðið er auðvitað í hærri kantinum miðað við stærð bílsins en þó alls ekki í skýjunum.

*steinunn@frettabladid.is*




**MERCEDES-BENZ A-CLASS**
3 dyra verð frá 2.095.000
5 dyra verð frá 2.180.000








## Styttist í komu þristsins

NÝR BMW 3 VERÐUR FRUMSÝNDUR HJÁ B&L HELGINA 6. OG 7. MAÍ.

Ný BMW 3 lína verður kynnt helgina 7. til 8. maí. Lykillaus aðgangur, starthnappur, beygjuljós, runflat-öryggishjólbarðar, radarstýrður skriðstillir og sex gíra bein- eða sjálfskipting eru meðal þeirra fjölmörgu nýjunga sem prýða nýja þristinn. Jafnframt kemur hann með nýrri vélarlínu, sem er þrátt fyrir aukna snerpu og meira afl sparneytnari en fyrri vélarlínur. Þyngd bílsins er óbreytt á milli kynslóða þótt hann sé bæði breiðari og lengri og má rekja það til valinnar notkunar léttra málma. Þristurinn kom fyrst á markað fyrir 30 árum og vakti strax athygli fyrir hönnun, kraftmiklar vélar og aksturseiginleika. Hann er söluhæsti BMW-bíllinn frá upphafi.
Nýja kynslóðin er sú fimmta í röðinni og státar að sjálfsögðu af enn kraftmeiri vélum og fágaðri aksturseiginleikum en fyrri kynslóðir.
Grunnverð nýju 3 línunnar er kr. 3.150 þús.



Nýi þristurinn er bæði lengri og breiðari en fyrirrennarinn.


Nýju hjólhýsin eru hefðbundin að innan en lægri en venjuleg hjólhýsi, sem gerir þau sérlega þægileg á ferðalögum.

## Ný tegund hjólhýsa fáanleg á Íslandi

**Hægt að hækka þau með einu handtaki.**

„Það sem er nýtt í þessu er að hjólhýsin eru í svipaðri hæð og bíllinn, sem gerir þau svo miklu auðveldari á ferðalögum. Það þarf svo ekki nema eitt handtak til að hækka þau upp í venjulega hæð, eða 1,94 metra,“ segir Hörður Bjarnason hjá Eurosport, sem flytur hjólhýsin inn.

„Það er hægt að fá þessi hús í fjórum stærðum og þau koma öll með tjaldi sem er skrúfað út eins og skyggni. Þá er líka hægt að setja hliðar í tjaldið þannig að það verði að fortjaldi og hægt er fá salernisaðstöðu í húsin, með rennandi vatni og sturtu.“

Hjólhýsin eru frá franska fyrirtækinu Tricano, sem er eitt það elsta í framleiðslu hjólhýsa og húsbíla í heiminum.

„Húsin hafa farið í gegnum strangar prófanir og henta íslenskum aðstæðum vel. Það er líka algjör lúxus að ferðast með þau,“ segir Hörður.

Hægt er að panta hjólhýsin hjá Eurosport og er afgreiðslutími um það bil fjórar vikur. Verð á húsunum er frá 1,5 milljónum upp í 1,9 milljónir. Hjólhýsin eru til sýnis í Kringlunni um helgina.

## Nýr fjöðrunarbúnaður

MANTRA 4X4 KEMUR NOKKRUM VIKUM SÍÐAR EN ÁÆTLAÐ VAR.



Fyrirtækið Achleitner, sem framleiðir Mantra 4x4 bílana sem væntanlegir eru hingað til lands á næstunni, hefur nú lokið prófunum á nýrri kynslóð fjöðrunarbúnaðar. Í framhaldi af því var ákveðið að hinn nýi búnaður skyldi tekinn inn í framleiðslu bifreiðanna frá 1. maí næstkomandi.

Ræsir hf. flytur inn Mantra 4x4. Þar á bæ er litið svo á að þessi nýja gerð fjöðrunarbúnaðar henti enn betur íslenskum aðstæðum en sá sem fyrir var í bílunum. Því hefur Ræsir í samráði við Achleitner ákveðið að fresta framleiðslu íslensku bifreiðanna þannig að þær fái hinn nýja og endurbætta fjöðrunarbúnað. Fyrstu Mantra 4x4 bílarnir eru því væntanlegir til Íslands í síðari hluta maímánaðar en samkvæmt upphaflegum áætlunum var ráðgert að fyrstu Mantra 4x4 bifreiðarnar kæmu til landsins um miðjan apríl.





Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.


# Lexus fékk gullið

**Neytendur kunna að meta lúxus Lexus og gáfu honum gullverðlaun fimmta árið í röð.**



Lexus hefur enn og aftur sigrað í neytendakönnun J.D. Power í Bretlandi og fær gullverðlaunin fyrir árið 2005, fimmta árið í röð. Lexusinn fékk 848 stig af 1.000 mögulegum í könnunni en meðaltalið var 786 stig. Lexus var einnig leiðandi í flokkunum gæði, áreiðanleiki og glæsileiki en Lexus fékk 923 stig af 1.000 mögulegum fyrir gæði og áreiðanleika.

J.D. Power könnunin var unnin í samvinnu við tímaritið What Car? og var gerð á skráðum ökumönnum milli september 2002 og ágúst 2003. Úrslitin voru fengin með útreikningi á rúmlega 23.000 spurningablöðum frá bæði eigendum bíla og ökumönnum fyrirtækisbíla.

Þess má einnig geta að Lexus var valinn besti framleiðandinn í 2005 Driver Power skýrslunni í tímaritinu Auto Express.



## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

## Bensínstöðvanostalgía

Þegar ég var lítill fannst mér voða gaman að vera í bílskúrnum heima og fylgjast með því sem þar fór fram. Stundum var maður sendur með aur út á bensínstöð að ná í eitt eða annað; hosu, viftureim, kerti, kertaþræði, rafmagnstengi, verkfæri, rely, klemmur og þar fram eftir götunum. Síðan rogaðist ég með þetta heim í skúr aftur og horfði á aðra fjölskyldumeðlimi framkalla töfrabrögð með því sem ég hafði keypt, himinlifandi yfir því hvað veröldin var einföld ef maður hafði réttu verkfærin, varahlutina og kunnáttuna.

Því miður er ég ekki jafn mikill galdramaður og sumir aðrir í fjölskyldunni þegar kemur að bílaviðgerðum en eitt og annað situr þó í manni eftir öll árin í skúrnum. Ég var því ekkert ógurlega stressaður fyrr í mánuðinum þegar viftureim slitnaði hjá mér seint um kvöld. Ég drap hið snarasta á bílnum og rölti á næstu bensínstöð til að kaupa nýja reim. Þar fékk ég hins vegar að vita að það væru meira en fimm ár síðan viftureimar hættu að fást á bensínstöðvum.

Maður hefði haldið að sá góði siður að miða þjónustu afgreiðslustöðva olíufélaganna við bíla og eigendur þeirra væri markaðslega sterkur leikur. Og þannig var það þegar ég var polli. Þá var hægt að kaupa næstum allt sem vantaði í bílinn á næstu bensínstöð. Í dag er hægt að fá 100 mismunandi tegundir af kexi á bensínstöð, en ekki viftureimar. Grillsteikur en ekki kertaþræði. Mikið úrval af frystum mat en lítið úrval af verkfærum. Fullt af leikföngum fyrir börnin en minna af varahlutum fyrir bílinn.

Líklega er þessi hræðilega þróun eðlileg í ljósi þess að þorri landsmanna ekur um á splunkunýjum bílum og er síétandi. Minir bílar eru hins vegar yfirleitt um og yfir fermingaraldur og því þarf (og er hægt) að gera eitthvað fyrir þá við og við.

Fyrir 10 árum fór maður á næstu bensínstöð, sótti það sem vantaði til viðgerða, hoppaði inn í skúr og keyrði svo út skömmu síðar. Í dag fer maður helst ekki á bensínstöð nema maður sé svangur eða langi í garðhúsgögn. Það er engu líkara en bíleigendum hafi verið bolað út og bensínstöðvar séu smám saman að breytast í matvöruverslanir. Ætli næsta skref sé þá ekki að við kaupum bensín í Bónus?


www.toyota.is

## Með spennandi samband í huga



**Suzuki Grand Vitara**
F. skráð. 04.2002, ekinn 43.000 km.
Vél: 2000cc 5 g.
**Litur:** Ljósbrúnn.
**Verð:** 1.650.000 kr.



**Toyota Avensis Executive**
F. skráð. 05.2004, ekinn 14.000 km.
Vél: 2000cc ssk.
**Litur:** Ólífugrænn.
**Verð:** 2.730.000 kr.



**Kia Carnival**
F. skráð. 06.2003, ekinn 45.000 km.
Vél: 2500cc ssk.
**Litur:** Grár.
**Verð:** 1.590.000 kr.



**Volkswagen Passat**
F. skráð. 04.2000, ekinn 99.000 km.
Vél: 1600cc 5 g.
**Litur:** Grár
**Verð:** 1.020.000 kr.



**Toyota RAV4**
F. skráð. 05.2003, ekinn 67.000 km.
Vél: 2000cc ssk.
**Litur:** Hvítur.
**Verð:** 2.300.000 kr.



**Opel Astra**
F. skráð. 07.1999, ekinn 105.000 km.
Vél: 1600cc ssk.
**Litur:** Vínrauður.
**Verð:** 930.000 kr.
**Tilboðsverð:** 690.000 kr.



**Chrysler PT Cruiser**
F. skráð. 11.2002, ekinn 35.000 km.
Vél: 2000cc 5 g.
**Litur:** Grár.
**Verð:** 1.950.000 kr.
**Tilboðsverð:** 1.690.000 kr.



**Hyundai Accent**
F. skráð. 08.2001, ekinn 30.000 km.
Vél: 1500cc ssk.
**Litur:** Grænn.
**Verð:** 950.000 kr.



**Volkswagen Caddy**
F. skráð. 11.2001, ekinn 41.000 km.
Vél: 1300cc 5 g.
**Litur:** Hvítur.
**Verð:** 820.000 kr.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN STÓRAHJALLA S. 554 3430

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla
Almenn smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta
Sjálfskiptingaþjónusta
Rafgeymaþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.
Vegmúli 4 • Sími 553 0440

ÓDÝR, NOTUÐ OG NÝ
SUMARDEKK
Vaka
Sími 567-6860

CABAS verkstæði
Viðurkennt CABAS-verkstæði
NÝ S·P·R·A·U·T·U·N
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Grófin 7 • Keflavík • Sími: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@simnet.is
www.nysprautun.is

Vinnuvélanámskeið
Verð kr. 39.900,-
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Sími: 894-2737 www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið



Halldór G. Hauksson segir það vera að aukast að jeppamenn setji bílana á loftpúðafjöðrun.

# Nýjung fyrir jeppaeigendur

***Hægt er að stjórna og fylgjast með loftþrýstingi í loftpúðum með snertiskjá í mælaborði.***

„Það er alltaf að aukast að jeppamenn setji bílana sína á loftpúðafjöðrun og getur þurft nokkuð flókinn útbúnað til að stýra þessu öllu saman,“ segir Halldór G. Hauksson hjá KT verslun á Akureyri sem býður upp á skemmtilega lausn fyrir jeppana; LCD snertiskjá með stýringum og aflestri.

„Þetta er skjár sem er sérstaklega uppsettur fyrir bíla sem eru með loftpúðum. Á skjánum er bæði hægt að stjórna og sjá loftþrýsting í öllum púðunum samtímis og einnig loftkerfinu í bílnum,“ segir Halldór en skjárinn kemur með öllum skynjurum og lokum sem þarf til að stýra kerfinu.

„Upplýsingar er hægt að vista í minni, eins og loftþrýsting í púðunum, og þá er hægt að hafa mismunandi uppsetningar eftir aðstæðum eða hvort mikil hleðsla er á bílnum,“ segir Halldór og bætir við að að auki sé möguleiki að tengja vídeó eða DVD, leikjatölvu og bakkmyndavél samsíða öllum þessum kerfum.

„Hægt er að framkvæma 24 mismunandi aðgerðir þegar loftþrýstingi er breytt í púðunum eins og til dæmis einn púða í einu, bara að framan eða aftan, bara í aðra hliðina, horn í horn og svo framvegis,“ segir Halldór.

Aim-loftstjórnkerfið kemur með LCD-skjá, stjórnboxi, rafmagnssetti, tveimur vídeóinngöngum, þriggja aðgerða fjarstýringu, segulrofum, skynjurum, festingu og fleiru.



LCD-snertiskjár með stýringum og aflestri fyrir loftpúða.

„Þetta er alveg nýtt fyrir okkur jeppamenn, sem höfum þurft að raða mælum og rofum í mælaborðið til að stýra fjöðruninni, en þetta tekur minna pláss og hefur fleiri möguleika,“ segir Halldór. Frekari upplýsingar er hægt að fá á vefsíðunni kliptrom.is

*kristineva@frettabladid.is*



## BMW dísilbílar vestan hafs

BMW HEFUR SÖLU Á DÍSILBIFREIÐUM Í BANDARÍKJUNUM ÁRIÐ 2007.

Fyrstu dísilbílarnir sem fara í sölu í Bandaríkjunum verða líklega jepplingar. BMW býður dísilvélar í öllum bíltegundum sínum sem seldar eru í Evrópu, nema tveimur. Næstum því helmingur af öllum BMW-bifreiðum sem seljast í Evrópu er dísilbílar. Á síðasta ári seldi BMW 69,829 X3 og X5 jepplinga í Bandaríkjunum en með nýjum lögum þar í landi um minni bensínútblástur munu dísilbifreiðar væntanlega slá í gegn.



## Rover kemur illa út í könnun

STJÓRNVÖLD REYNA ÞÓ AÐ STYRKJA STOÐIR FRAMLEIÐANDANS.

Fyrstu greiðslur ríkisstjórnarinnar í Bretlandi til bjargar bílaframleiðandanum MG Rover hafa verið greiddar út, en sex verksmiðjur hafa nú þegar fengið úthlutað 63.000 pundum. Greiðslurnar björguðu 234 starfsmönnum frá atvinnumissi, en fyrirhugað er að verja allt að 40 milljónum til bjargar Rover-verksmiðjunum. Það mun þó ekki koma í veg fyrir að 280 starfsmönnum Rover-verksmiðjanna verði sagt upp störfum; 230 í Coventry og 50 í Shrewsbury.
Þau leiðu tíðindi bárust svo á sama tíma að Rover kæmi illa út í neytendakönnun J.D. Power. Rover hafnaði þar í 28. sæti af 32, en aðeins Land Rover, Peugot, Fiat og Alfa Romeo komu verr út. Í efstu sætum yfir ánægða bíleigendur voru eigendur Lexus, Skoda og Hondu.



## Murano frumsýndur um helgina

FJÓRHJÓLADRIFNI BÍLLINN NISSAN MURANO VERÐUR FRUMSÝNDUR HJÁ INGVARI HELGASYNI UM HELGINA.

Nissan Murano hefur verið á markaði í Bandaríkjunum í tvö ár og hafa nokkur eintök borist þaðan hingað til lands. Bíllinn sem nú kemur hingað er hins vegar í sérstakri Evrópuútfærslu. Í bílnum er sportleg 3,5 lítra V6 vél.
Fyrst um sinn verður bíllinn boðinn með einni útfærslu af V6 bensínvél og CVT stiglausri sjálfskiptingu. Bíllinn fæst með fjölbreyttum búnaði eins og sóllúgu, bakkmyndavél, leðuráklæði, fjölrofastýri og á átján tommu álfelgum.
Nissan Murano kostar frá 4.990.000 krónum.
Opið er hjá Ingvari Helgasyni á Sævarhöfða 2 í dag frá 12 til 16.

KÄRCHER
Háþrýstidælur fyrir heimili hesthús - verkstæði
Diskur á palla - stéttar
K 2.75 með hillu
K 499
K 7.80
K 5.80
K 6.80
RAFVER HF
Fjölbreytt úrval
SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
GS varahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

fm 98,9 BYLGJAN - björt og brosandi

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



## Subaru Tribeca

NÝR SJÖ MANNA BÍLL Á NÆSTA ÁRI.

Nýr sjö manna bíll er væntanlegur frá Subaru á næsta ári, Subaru Tribeca. Bíllinn var frumsýndur á bílasýningunni í Detroit í janúar og var einnig sýndur á bílasýningunni í Genf í mars.

Tribeca er stærsti bíll sem Subaru hefur framleitt. Eins og vænta má frá þessum framleiðanda er bíllinn fjórhjóladrifinn.

Farþegarnir sitja í þremur röðum en þegar aftasta röðin er ekki í notkun má færa miðröðina langt aftur þannig að fótarýmið í aftursætinu verður eins og í limmósínu.

## Ánægðir Subarueigendur

HOLLENDINGAR OG SVÍAR ÁNÆGÐIR MEÐ SUBARUANA SÍNA.

Nýlega var gerð könnun í Hollandi á ánægju eigenda með bílana sína. Könnunin náði til 77 bílategunda og 35 bílaframleiðenda. Alls voru 24.000 bíleigendur spurðir. Eigendur reyndust ánægðastir með Subarubíla í tveimur stærðarflokkum, Impreza í flokki millistórra bíla og Forester í flokki jepplinga.

Sænska bílatímaritið Motor & Sports hefur líka gert könnun meðal lesenda sinn á ánægju með bíla sína. Í ljós kom að 77,8% eigenda Subarubíla voru fullkomlega ánægðir með bíla sína. Könnunin náði til 5.700 bíleigenda.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Langflestir kaupa bílana sína með því að setja þann eldri upp í, borga hluta og taka afganginn á hefðbundu bílaláni.

# Flestir brúa bilið með bílaláni

***Auknir lánamöguleikar fyrir bílakaupendur hafa auðveldað fólki að eignast nýja bíla. Fréttablaðið leitaði til bílasala og bílaumboðs og spurðist fyrir um hver þróunin væri og hvernig fólk fjármagnaði bílakaupin.***

**HEIÐARHJALLI 21 KÓP - M. BÍLSKÚR** Gullfalleg hæð á frábærum útsýnisstað, ásamt sérbyggðum bílskúr. Um er að ræða efri hæð í nýlegu húsi. Stærð 122,3 fm og bílskúr 25,3 fm. Í anddyri er skápur og ljósar flísar á gólfum. Herbergin eru þrjú, öll parketlögð. Baðherbergið er með hvítum flísum á gólfi og veggjum, innréttingu, sturtu og baðkari. Þvottahús er með flísum á gólfi. Eldhús er rúmgott með góðum borðkrók. Innrétting er spónlögð úr beyki., flísalagt er á milli skápa. Stofan er rúmgóð og tengist holi og eldhúsi. Úr stofunni er gengið út á stórar svalir í suður með gríðarlega fallegu útsýni. Að auki er innréttað alrými í risi. Bílskúrinn er fullbúinn með rafmagni, heitu og köldu vatni. Skipulag er gott, innréttingar og gólfefni eru sérlega vönduð og útsýnið með því betra sem þekkist. **Verð 29 millj. JÓN OG ALLA TAKA Á MÓTI ÞÉR.**

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Aðalfundur Málbjargar, félags um stam fer fram mánudaginn 18. apríl kl. 20.00 í sal Verslunarmannafélagsins í Keflavík að Vatnsnesvegi 14. Nánar á stam.is

## Ýmislegt



Tónleikar í Langholtskirkju 21. og 23. apríl kl. 17:00. Meðal einsöngvara eru Sigurður Skagfjörð Steingrímsson og Stefán Helgi Stefánsson.



Reykjavíkurborg

## Umhverfisviðurkenning Reykjavíkurborgar.

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir eftir tilnefningum til Umhverfisviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2005.

Umhverfisviðurkenning Reykjavíkurborgar er veitt fyrirtæki eða stofnun sem leitast við að haga rekstri sínum eða einstökum rekstrarþáttum í samræmi við grunnreglura um sjálfbæra þróun. Til greina koma fyrirtæki eða stofnanir í Reykjavík sem sýnt hafa slíka viðleitni. Viðurkenningin verður veitt formlega á umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna þann 5. júní nk. Viðurkenningin kom í hlut Skeljungs hf. árið 2004 og var það í áttunda sinn sem hún var veitt.

Þeir sem óska eftir að koma til greina í ár eða óska eftir að tilnefna fyrirtæki eða stofnun til Umhverfisviðurkenningarinnar eru vinsamlegast beðnir að fylla út sérstök eyðublöð sem liggja frammi hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, hjá Upplýsingarþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur og á heimasíðu Umhverfissviðs, www.umhverfissvid.is.

Tilnefningum ber að skila Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 10. maí 2005.

Umhverfisráð Reykjavíkurborgar mun óska eftir frekari upplýsingum frá tilnefndum fyrirtækjum eða stofnunum og frá þeim aðilum sem tilnefna.

Frekari upplýsingar fást hjá
Umhverfissviði Reykjavíkurborgar
Skúlagötu 19
101 Reykjavík
Sími 563 2700

TÓNLISTARSKÓLI FÍH



## Tónlistarskóli FÍH auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2005-2006

**Innritun nýnema fyrir næsta skólaár stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 1. maí n.k.**

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu skólans www.fih.is/sk eða á skrifstofu skólans Rauðagerði 27.

Allir nýnemar þurfa að taka inntökupróf inn í skólann.

Umsækjendur fá bréf um miðjan maí með tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 23. – 25. maí.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvals kennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð. Um leið eru gerðar kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.

Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

**Lifandi tónlist – Lifandi fólk**

# HB FASTEIGNIR

**Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400**

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04. MILLI 16-17**

LAUFENGI 112 – 2. hæð. Verð 19,9 millj.



- Flísalögð forstofa m/nýjum skápum
- Hol ásamt stofu m/útg á flísal svalir.
- Tvö góð barnaherbergi m/skápum
- Hjónaherb m/skápum+þvottah,
- Fallegt baðherbergi, gott eldhús.

# Eignakaup

**Sími 520 6600** | Helgi Hákon Jónsson, Viðskiptafr. & lögg. fasteignasali

**Ármúli 38 • 108 Reykjavík • Fax: 520-6601• www.eignakaup.is**

Opnunartími kl. 9-17 mán-fös. – kl. 12-14 laug.

**Berglind Ósk Sigurjónsdóttir** sölufulltrúi **822-2435**



**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04 MILLI KL. 14 - 15**

**SKIPHOLT 43 – 105 REYKJAVÍK**

Falleg 114,1 fm íbúð á 4.og efstu hæð í góðu fjölbýli. Eignin skiptist í Forstofu / hol, tvö góð barnaherbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, stofu og eldhús. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús, þurrkherbergi og hjóla/vagnageymsla.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

# Eignakaup

**Sími 520 6600** | Helgi Hákon Jónsson, Viðskiptafr. & lögg. fasteignasali

**Ármúli 38 • 108 Reykjavík • Fax: 520-6601• www.eignakaup.is**

Opnunartími kl. 9-17 mán-fös. – kl. 12-14 laug.

**Berglind Ósk Sigurjónsdóttir** sölufulltrúi **822-2435**



**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04 MILLI KL. 17 - 18**

**MIÐHOLT 5 – 270 MOSFELLSBÆR**

Falleg 3ja herbergja 84 fm íbúð 3 hæð. Skipting eignar: Forstofa með skápum, tvö svefnherbergi annað með skápum, baðherbergi með hvítum skáp og baðkari, eldhús með ljósri innréttingu og góðum borðkrók, rúmgóð stofa með útgengi út á svalir, þvottahús innaf eldhúsi. Sérgeymsla á hæð. Hjólageymsla í kjallara. **Verð 15,9 mill.**

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

# Eignakaup

**Sími 520 6600** | Helgi Hákon Jónsson, Viðskiptafr. & lögg. fasteignasali

**Ármúli 38 • 108 Reykjavík • Fax: 520-6601• www.eignakaup.is**

Opnunartími kl. 9-17 mán-fös. – kl. 12-14 laug.

**Berglind Ósk Sigurjónsdóttir** sölufulltrúi **822-2435**



**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04 MILLI KL. 15.30 - 16.30**

**STÍFLUSEL 9 – 109 REYKJAVÍK**

Falleg 4ja herbergja 113 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Skipting eignar: Forstofa/hol, nýuppgert eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, stofa með útgengi út á svalir. Nýtt parket er á gólfum. Stór sérgeymsla, sameiginlegt þvottahús, hjóla og vagnageymsla. Barnavænt hverfi.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

**Til sölu Farfuglaheimilið Nýibær á Höfn**



Hornafjörður er vinsæll áfangastaður ferðamanna og gistihúsið hluti af stærstu gistikeðju í heimi.

Gistihúsið er vel rekið, opið er allt árið og örugg velta

**Upplýsingar á skrifstofu Hrauns.**

HRAUN fasteignasala
Hafnarbraut 15, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 580 7915 - Fax: 580 7911

## ÁLFHEIMAR 36 -3JA HERB 104 RVK OPIÐ HÚS

Heimilisfang: Álfheimar 36
Stærð eignar: 79,4 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1961
Brunab.mat: 9.04 millj.
Bílskúr: nei
Verð: 14,8 millj.





RE/MAX Mjódd kynnir 79,4 fm 3ja herb íbúð á fimmtu hæð í fimm hæða stigahúsi. Íbúðin skiptist í hol,eldhús,stofu,baðherbergi og tvö svefnherbergi. Íbúðin er með plastparket á gólfi nema á hjónaherbergi og baðherbergi þar er dúkur. Skápapláss er gott .
OPIÐ HÚS MILLI kl 15:00 -15:30

**Sölufulltrúi : Guðmundur S Guðmundsson, 866-0103,**
**guðmundurs@remax.is**

Guðmundur Þórðarson löggiltur fasteignasali
RE/MAX MJÓDD

## SNÆLAND 7 - EINS HERB 104 RVK OPIÐ HÚS

Heimilisfang: Snæland 7
Stærð eignar: 28 fm
Fjöldi herb.: 1
Byggingarár: 1971
Brunab.mat: 4,13 millj.
Bílskúr: nei
Verð: 6,3 millj.





RE/MAX Mjódd kynnir bjarta og snyrtilega einstaklingsíbúð (studio) Íbúðin skiptist í eldhúskrók,lítinn gang, bað með sturtu og herbergi. Íbúðin er með parketi á gólfum, upprunalegar innréttingar í eldhúskrók.
OPIÐ HÚS MILLI 16:00–16:30

**Sölufulltrúi : Guðmundur S Guðmundsson, 866-0103**
**gudmundurs@remax.is**

Guðmundur Þórðarson löggiltur fasteignasali
RE/MAX MJÓDD

## EFSTASUND 4 -3JA HERB 104 RVK OPIÐ HÚS

Heimilisfang: Efstasund 4
Stærð eignar: 101,7 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1961
Brunab.mat: 9.04 millj.
Bílskúr: já
Verð: 17,3 millj.





RE/MAX Mjódd kynnir 101,7 fm 3ja herb íbúð. Íbúðin skiptist í eldhús,stofu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Íbúðin er með flísum á gólfi nema á hjónaherbergi þar er gegnheilt eikarparket,baðherbergið er nýlega uppgert. Eigninni fylgir bílskúr.
OPIÐ HÚS MILLI 14:00 -14:30

**Sölufulltrúi : Guðmundur S Guðmundsson, 866-0103,**
**guðmundurs@remax.is**

Guðmundur Þórðarson löggiltur fasteignasali
RE/MAX MJÓDD

# DRAUMAHELGIN



Tinna Marína ætlar að eyða hveitibrauðsdögunum á Hawaii.

## Dreymir um að sleikja sólina á Hawaii

Tinna Marína Jónsdóttir söngkona gerði það gott í síðustu Idol-keppni eins og flestir muna. Tinna hefur haldið áfram að vinna að tónlist og er um þessar mundir að safna og vinna efni á plötu. Hún vonast til að platan komi út á þessu ári en segir enga dagsetningu liggja fyrir. Þrátt fyrir annir í tónlistinni gefur Tinna sér tíma til að segja frá draumahelginni sinni.

„Alveg frá því ég var smástelpa hefur mig dreymt um að fara til Hawaii. Ég er handviss um að helgi á þeim slóðum væri alveg frábær og auðvitað væri ég til í að vera lengur en eina helgi. Ég myndi leika mér á ströndinni á daginn, synda í sjónum og svo væri gaman að skála við kærastann; svalandi kokkteilar yrðu þar ofarlega á blaði," segir Tinna.

Hún segist líka geta hugsað sér draumahelgi innanlands. „Ég sé ekki fyrir mér rómantíska ferð innanlands en ég held að það væri skemmtilegt að fara í helgarferð með vinum mínum, Árna Má og Kollu, og auðvitað yrði kærastinn með í för. Við myndum bara keyra eitthvert út í buskann og finna okkur góðan stað í fallegri sveit," segir Tinna. Hún bætir við að lokum að Hawaii-ferðin sé á teikniborðinu. „Það er pottþétt að þangað fer ég í brúðkaupsferð einn góðan veðurdag."

























VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Afstæðiskenning Einsteins

HVERNIG GETUR AFSTÆÐISKENNING EINSTEINS ÚTSKÝRT BETUR HVAÐ ER AÐ GERAST Í ALHEIMINUM?

**Svar:** Afstæðiskenning Einsteins er yfirleitt sett fram í tvennu lagi eins og hann gerði raunar líka þegar hann birti hugmyndir sínar í öndverðu. Er þá talað um takmörkuðu afstæðiskenninguna annars vegar og hins vegar um almennu afstæðiskenninguna. Kjarna fyrri kenningarinnar birti Einstein í einni tímaritsgrein árið 1905 en hann lauk við að birta meginatriði almennu kenningarinnar árið 1916. Í takmörkuðu kenningunni er megináhersla lögð á ljósið og hluti sem nálgast ljóshraða en í þeirri almennu eru þyngdarkraftar líka teknir með í reikninginn og meðal annars lýst þeim áhrifum sem þeir hafa á rúmið.

### Frávik afstæðiskenningarinnar

Þegar spurt er hvernig vísindakenning geti „útskýrt betur hvað er að gerast" ber að miða við eldri kenningar og hugmyndir. Þegar frávik koma fyrir eru forsagnir og skýringar afstæðiskenningarinnar alltaf réttari og betri en þær eldri og því er hún almennt talin réttari kenning. Á hinn bóginn er að vísu athyglivert að eldri aðferðir eru samt sem áður oft notaðar áfram, en það er annars vegar af því að þær eru einfaldari og meðfærilegri, og hins vegar vegna þess að frávikin eru þá svo lítil að þau mælast alls ekki.

Skemmst er frá því að segja að frávik afstæðiskenningarinnar frá eldri kenningum eru mörg og veigamikil og birtast í mikilvægum fyrirbærum allt í kringum okkur. Þessi frávik koma fram annars vegar í mismunandi útkomum úr tölulegum forsögnum eða útreikningum sem eru bornar saman við mælingar og hins vegar í því að ýmislegt sem gerist eða ber fyrir augu er hreinlega allt öðruvísi samkvæmt afstæðiskenningunni en samkvæmt eldri hugmyndum.

### Ljósvakinn er ekki til

Samkvæmt eldri hugmyndum töldu menn að til væri svokallaður ljósvaki sem bæri ljós og aðrar rafsegulbylgjur milli staða svipað og loft og önnur efni bera hljóðið sem við heyrum. Tilraunir á síðustu tveimur áratugum nítjándu aldar sýndu hins vegar að þessi ljósvaki er ekki til. Þetta var eitt af því sem hvatti Einstein til dáða enda leysir kenning hans úr þeim vanda sem þarna kom upp. Samkvæmt henni getur ljósið borist um tómarúm en jafnframt kemur upp úr kafinu að hraði þess er óháður athuganda og hreyfingu hans.

### Jafnan $E = mc^2$

Takmarkaða afstæðiskenningin segir fyrir um það að massi hluta fari eftir hraða þeirra. Þetta er eitt af því sem felst í jöfnunni frægu, $E = mc^2$. Þessi forsögn kenningarinnar var staðfest með mælingum á öreindum á næstu 5-10 árum eftir að hún kom fram, og þetta hefur allar götur síðan verið ómissandi hlekkur í túlkun okkar og skilningi á hegðun öreinda sem nálgast ljóshraðann við ýmsar aðstæður, ýmist í náttúrunni eða í rannsóknatækjum.

En það er fleira sem felst í jöfnunni góðu. Þannig segir hún til um að efni eða massi getur breyst í orku og öfugt. Og ekki nóg með það, heldur segir hún líka til um hlutföllin sem gilda í slíkum breytingum; hversu mikil orka myndast þegar tiltekið efnismagn eyðist. Þar sem ljóshraðinn $c$ er mjög stór tala og annað veldi hans $c^2$ ennþá stærra, þá felst í jöfnunni að lítill massi samsvarar mikilli orku.

### Af hverju eru sól og jörð til?

Þessi einfalda jafna hefur meðal annars átt mikinn þátt í að dýpka skilning okkar á því að sól og jörð skuli vera til og hafa verið til svo lengi sem raun ber vitni. Samkvæmt eldri hugmyndum vissu menn ekki betur en að himinhnettirnir væru „venjulegir" heitir hlutir (það er að segja heitari en umhverfið) og væru sífellt að tapa orku til umhverfisins með ljósi og annarri geislun. Menn reiknuðu út hraða kólnunarinnar og komust þá að því að hún ætti að taka miklu, miklu skemmri tíma en önnur gögn bentu til, þar á meðal saga lífsins á jörðinni samkvæmt þróunarkenningu Darwins.



**ALBERT EINSTEIN** Í ár eru liðin 100 ár síðan Albert Einstein birti þrjár greinar um nútíma eðlisfræði sem hafa skipt sköpum í þróun vísinda allar götur síðan.

### Geislavirkni heldur jörðinni í stöðugu ástandi

Þessi vandi leystist í framhaldi af því að menn uppgötvuðu geislavirknina um aldamótin 1900. Þar með var fundin orkulindin sem heldur jörðinni í stöðugu ástandi í ármilljarða þrátt fyrir linnulaust orkutap út í geiminn. Jafnframt gerðu menn sér grein fyrir því að orkugjafi sólarinnar er ekki venjuleg varmaorka heldur kjarnorka sem losnar úr læðingi við kjarnasamruna.

En í rauninni er það einmitt massi sem er að breytast í orku í sólinni í samræmi við jöfnu Einsteins. Og hlutfallslega massabreytingin í kjarnasamruna er í stærðarþrepinu 1-10% sem er vel mælanlegt. Þess vegna má segja að við ættum í rauninni að minnast afstæðiskenningarinnar í hvert skipti sem við horfum á sólina skína!

### Almenna og takmarkaða afstæðiskenningin

Saga almennu afstæðiskenningarinnar er öðruvísi en saga takmörkuðu kenningarinnar að því leyti að almenna kenningin sagði í upphafi ekki fyrir um sérlega mörg frávik frá eldri eðlisfræði. Þetta gerbreyttist hins vegar á 3-4 síðustu áratugum tuttugustu aldar á þá leið að almenna afstæðiskenningin fléttast nú órjúfanlega inn í allar hugmyndir manna um alheiminn og þróun hans, stöðu og hlutverk þyngdarkrafta, og um einstök fyrirbæri eins og svarthol og þyngdarbylgjur.

Í stuttu máli má segja að afstæðiskenningin „verki" þannig að hún skýrir ýmislegt allt öðruvísi og betur en eldri kenningar og jafnframt skýrir hún mikilvæg fyrirbæri sem ekki verða skýrð samkvæmt eldri hugmyndum.

*Þorsteinn Vilhjálmsson,*
*prófessor í vísindasögu og eðlisfræði við HÍ.*

Í ár eru liðin 100 ár síðan Albert Einstein birti þrjár greinar um nútíma eðlisfræði sem hafa skipt sköpum í þróun vísinda allar götur síðan. Af þessu tilefni hefur UNESCO ákveðið að árið 2005 skuli sérstaklega helgað eðlisfræðinni. Þess verður minnst með ýmsum hætti hér á landi, meðal annars með fyrirlestraröð Eðlisfræðifélags Íslands og Raunvísindadeildar HÍ. Í dag, laugardaginn 16. apríl, kl. 14:00 verður fjallað um Einstein og söguna í sal 1 í Háskólabíói og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Ný vídd í samlesnum auglýsingum

eitt símtal



fjórir sterkir auglýsingamiðlar




allir landsmenn - margföld áhrif!



- meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á tveimur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni** og **Talstöðinni** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ
98,9 BYLGJAN
Talstöðin FM 90,9
vísir

# Riðlast samfylking jafnaðarmanna?

Lokaspretturinn hafinn milli Ingibjargar Sólrúnar og Össurar. Formannsslagur hefur áður leitt til sundrungar og klofnings í stjórnmálasögunni. *Jóhann Hauksson* rifjar upp sundrungar- og sameiningarsögu vinstrimanna á Íslandi með Gunnari Helga Kristinssyni, prófessor í stjórnmálafræði.



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON, PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI** „Ég hef ekki séð ennþá í hverju málefnaágreiningur Ingibjargar Sólrúnar og Össurar ætti að liggja.“

Ýmsir í forystusveit Samfylkingarinnar sem Fréttablaðið hefur rætt við velta því fyrir sér hvort átök Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar um formannsstól Samfylkingarinnar séu skaðvænleg fyrir samstöðuna á vinstri væng íslenskra stjórnmála. Þeir spyrja hvort stofnanir Samfylkingarinnar þoli slík átök og hvort einhverjir kunni að yfirgefa skútuna tapsárir og vígamóðir að loknu formannskjörinu. Benda má á ágreining vinstra megin við miðjuna sem uppi var fyrir sex til sjö árum. Þeim átökum lyktaði með stofnun Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Steingrímur J. Sigfússon og fylgismenn hans tóku þátt í málefnavinnu sem miðaði að sameiningu jafnaðar- og vinstrimanna. Hann klauf sig frá á lokasprettinum og stofnaði Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Vitanlega var ekki pláss fyrir marga leiðtoga við samruna þriggja stjórnmálahreyfinga. Vera má að persónulegur metnaður hafi stuðlað að áframhaldandi klofningi ekki síður en málefnaágreiningur Steingríms og fylgismanna hans við jafnaðarmenn.

Jón Baldvin Hannibalsson sigraði Jóhönnu Sigurðardóttur í formannskjöri Alþýðuflokksins 1994. Í kjölfarið klauf Jóhanna sig úr flokknum og stofnaði Þjóðvaka, sem hlaut fjögur þingsæti í þingkosningunum árið 1995. Þjóðvaki tók síðar upp samstarf við þingflokk Alþýðuflokksins í Þingflokki jafnaðarmanna, en hann lék lykilhlutverk í stofnun Samfylkingarinnar þegar dró að þingkosningunum 1999.

### Hætta á klofningi?

En er hætta á að sagan endurtaki sig nú? Að út gangi fylgismenn þess formannsefnis sem bíður lægri hlut í formannsslag Samfylkingarinnar? Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, telur það hæpið. „Ég hef ekki séð ennþá í hverju málefnaágreiningur Ingibjargar Sólrúnar og Össurar ætti að liggja. Ég held að það sé bara eðlilegt að tekist sé á um forystuna í stjórnmálaflokkum. Það gerðist 1991 þegar Davíð Oddsson velti Þorsteini Pálssyni, sitjandi formanni Sjálfstæðisflokksins. Davíð taldi sig af einhverjum ástæðum vera sterkari formann. Þetta sama er að gerast í Samfylkingunni nú. Ingibjörg Sólrún fer fram gegn sitjandi formanni vegna þess að hún telur sig eiga erindi í formannsstólinn. Það er svo flokksmanna að velja á milli þeirra og ekkert er óeðlilegt við það.“ Gunnar Helgi segir að val á formanni þurfi ekki að leiða til klofnings frekar en í Sjálfstæðisflokknum á sínum tíma. Hann kveðst ekki sjá að annað formannsefnið sé lengra til vinstri en hitt og ekki sé um að ræða afgerandi skoðanamun milli þeirra.

### Þanþol flokkanna er misjafnt

Spyrja má hvort stigvaxandi spenna í formannskjörinu geti leitt til vaxandi vopnaglamurs innan Samfylkingarinnar og jafnvel að óbrúanleg gjá verði milli fylkinga. Gunnar Helgi segir ekki líklegt að þetta leiði til klofnings. „Ég fæ ekki séð að um sé að ræða átakalínur milli frambjóðendanna sem geti orðið viðvarandi innan flokksins. Klíkur hafa að vísu verið langlífar í íslenskum stjórnmálum, en mér sýnist hóparnir koma fram á sjónarsviðið aðeins í tengslum við formannskjörið sjálft.“

En hvað um þanþol Samfylkingarinnar? Er hún ekki verr í stakk búin til þess að þola harðvítug átök en til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn, sem á sér djúpar rætur og öflugar stofnanir? Gunnar Helgi bendir á að það hafi ekki alltaf komið í veg fyrir klofning og átök. „Saga Sjálfstæðisflokksins frá 1970 til 1991 er saga upplausnar, innri átaka og klofnings, sérstaklega á tímabilinu frá 1980 til 1987. Gunnar Thoroddsen klauf sig frá flokknum 1980, síðan Albert Guðmundsson sem stofnaði Borgaraflokkinn. Fleira mætti nefna. Flokkurinn var ekki samhentur og lét einfaldlega illa að stjórn. Það er út af fyrir sig rétt að gangverk Samfylkingarinnar er ekki jafn sterkt og Sjálfstæðisflokksins. En formannsslagurinn þar á bæ fór á sínum tíma fram á landsfundi flokksins en Samfylkingin gerir málið upp með almennum kosningum flokksmanna. Þetta eru átök um leiðtogaembætti í næststærsta stjórnmálaflokki landsins. Það er hluti af stjórnmálunum að takast á með þessum hætti,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson. ■



**VILMUNDUR GYLFASON** Klauf sig frá Alþýðuflokki 1983 og stofnaði Bandalag jafnaðarmanna eftir að hafa tapað í varaformannskjöri.

**HANNIBAL VALDIMARSSON** „Flokkakljúfur sjálfrar náttúrunnar“

## Sundrung

| | |
|---|---|
| 1916 | Stofnaður Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur. |
| 1930 | Róttækir Alþýðuflokksmenn og fleiri stofna Kommúnistaflokk Íslands. Íslenska fjórflokkakerfið tekur á sig mynd. |
| 1938 | Alþýðuflokkurinn klofnar. Héðinn Valdimarsson og fleiri stofna Sósíalistaflokkinn. Varð lengst af stærri en Alþýðuflokkurinn. |
| 1956 | Hannibal Valdimarsson, áður formaður Alþýðuflokksins, stofnar Alþýðubandalagið, kosningabandalag Sósíalistaflokksins og Hannibalista. |
| 1968 | Alþýðubandalagið verður stjórnmálaflokkur. |
| 1971 | Hannibal Valdimarsson segir skilið við Alþýðubandalagið. Býður fram undir merkjum Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna. |
| 1983 | Alþýðuflokkurinn klofnar. Vilmundur Gylfason og fleiri stofna Bandalag jafnaðarmanna. Hlaut fjögur þingsæti í þingkosningum sama ár. |
| 1983 | Kvennalistinn stofnaður. Hlaut þrjú þingsæti í þingkosningum sama ár. |
| 1994 | Jóhanna Sigurðardóttir klýfur sig úr Alþýðuflokknum og stofnar Þjóðvaka. Þjóðvaki hlaut fjögur þingsæti í þingkosningunum 1995. |
| 1999 | Samfylkingin stofnuð úr Alþýðubandalagi, Kvennalista og Alþýðuflokki. Steingrímur J. Sigfússon (Alþýðubandalagi) og fleiri stofna Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. |
| 2005 | Átök í formannskjöri Samfylkingarinnar. Fylkingar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar takast á. Hvað gerist næst? |

## Sameining

| | |
|---|---|
| 1956 | Kosningabandalag Alþýðuflokks og Framsóknarflokks. Hermann Jónasson, leiðtogi Framsóknarflokksins, og fleiri áhugasamir um samvinnu eða sameiningu flokkana á þessum tíma. |
| 1971 | Hreyfing innan Framsóknarflokksins (Möðruvellingar) ganga til liðs við Samtök frjálslyndra og vinstrimanna. |
| 1994 | R-listinn stofnaður í Reykjavík með aðild Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Kvennalista og Framsóknarflokks. |
| 1998 | R-lista tilraunin endurtekin víða um land í sveitarstjórnakosningum. Sýnt að tilraunin gæti skilað árangri í landsmálapólítíkinni. |
| 1999 | Samfylkingin býður fram í öllum kjördæmum. Fyrsti stjórnmálaflokkurinn á eftir Sjálfstæðisflokki sem nær meira en 30 prósenta fylgi í þingkosningum (2003). |




**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR OG ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Formannsslagur hefur áður valdið sundrungu og klofningi á vinstri væng íslenskra stjórnmála.



# Helgarsprengja

## á tónlistar DVD diskum







**Nýtt í Hagkaupum** Mikið úrval af DVD tónlistardiskum á 1.499kr







Gildir til 18. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA



**JAGÚAR** hefur fengið styrki frá Loftbrú Reykjavík eins og svo margar aðrar hljómsveitir.

# Stutt við þá sem hjálpa sér sjálfir

Samningurinn um Loftbrú Reykjavík rennur út næsta vor. Svo virðist sem verkefnið hafi gengið eins og í sögu fram að þessu. Bæði íslenskir tónlistarmenn og ferðaiðnaðurinn hafa notið góðs af. **Freyr Bjarnason** kynnti sér málið og ræddi meðal annars við ***Dag B. Eggertsson*** borgarfulltrúa.

Sjóðurinn Loftbrú Reykjavík var stofnaður árið 2003 af Icelandair, Reykjavíkurborg, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (Stef) og Félagi íslenskra hljómlistamanna (FÍH). Tilgangur var að styðja við bakið á framsæknu tónlistarfólki sem vildi hasla sér völl á erlendri grundu og kynna um leið Reykjavík, land og þjóð.

Loftbrú er samkomulag Loftbrúar Reykjavík og Icelandair sem felur í sér fast verð á flugmiðum á öllum leiðum félagsins. Kveður það einnig á um eiginleika farmiðanna í samræmi við þarfir Loftbrúar.

Samningurinn, sem var undirritaður 2003, mun gilda fram á næsta vor. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir að Reykjavíkurborg hafi fullan hug á að halda samstarfinu áfram. „Allir sem hafa komið að þessu telja þetta vera mjög markvissa leið til að styðja við framsækna tónlist,“ segir Dagur. „Við erum að styðja við þá sem vilja hjálpa sér sjálfir og ekki að hirða heiðurinn af því, heldur erum við að gera fólki kleift að fjarlægja þennan þröskuld til að geta spilað í útlöndum. Það virðist hafa skipt miklu máli til að menn geti fylgt áhuga erlendis eftir.“

Að sögn Dags er það breiður hópur sem hefur fengið styrkina sem endurspeglar vel flóru íslensks tónlistarlífs. Sumar hljómsveitir hafa þó farið oftar en áður, þar á meðal Mínus sem hefur fengið átta styrki á þessum stutta tíma og Vinyl fimm. Einnig hafa hljómsveitir á borð við Jagúar, Singapore Sling, Quarashi, Ske og Brúðarbandið fengið styrki. „Við erum að árangurstengja þetta,“ segir Dagur. „Þeir sem eru að spila á mest spennandi hátíðunum eða fá bestu boðin fá flesta styrki, það endurspeglast líka í reglunum. Það fær enginn styrki til að fara á eitthvert pöbbarölt með gítar.“ Þess má geta að Mínus fékk útflutningsverðlaun Loftbrúar árið 2003 en í ár fékk Bang Gang verðlaunin.

Aðspurður segir Dagur erfitt að meta hversu miklu Loftbrú Reykjavík hafi skilað nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun sjóðsins.

„Við sjáum það samt á því hvað það koma fleiri og fleiri á Airwaves og að ferðamenn sækja í þá viðburði og tónleika sem eru á Íslandi. Það er góð vísbending. Annars treystum við fagfólkinu í ferðaiðnaðinum til þess að takast á við verkefnið. Það að Icelandair hafi tvöfaldað framlag sitt fyrir síðasta ár samningsins gefur líka skýr merki um hvað þeim finnst.“

Dagur bætir því að ánægjulega hafi komið á óvart hversu auðveldlega styrkjaúthlutunin hafi gengið fyrir sig. Engin mál hafi komið upp þar sem hafi orðið ágreiningur um styrkina og þakkar hann það því, hversu reglurnar eru skýrar.

## Hvað er Loftbrú Reykjavík?

Loftbrú er samkomulag Loftbrúar Reykjavík og Icelandair sem felur í sér fast verð á flugmiðum á öllum leiðum félagsins fyrir íslenska tónlistarmenn á leið til tónleikahalds út fyrir landsteinana.

Eftirfarandi atriði gilda:

- Farmiðar eru að fullu breytanlegir, þeir eru án bókunarfyrirvara, yfirvigtarmörk farangurs hvers einstaklings eru 100 kg og jafnframt verður hægt að kaupa farþegum forgang í vélar ef á þarf að halda gegn skilgreindri aukagreiðslu.



**BRÚÐARBANDIÐ** Kvennasveitin fékk nýverið styrk frá Loftbrú til utanlandsreisu.

- Til að fá styrk frá Loftbrú þarf tónlistarfólkið að hafa komið fram á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni og/eða geta lagt fram gögn um verkefni á erlendri grundu sem að mati sjóðsstjórnar er talið geta styrkt ímynd Íslands og Reykjavíkur sem uppsrettu framsækinnar menningar og öflugs tónlistarlífs.
- Að jafnaði geta styrkþegar aðeins notið fyrirgreiðslu Loftbrúar í tvö ár samfellt. Einn umsækjandi getur sótt um styrk til þriggja verkefna á hverju einstöku starfsári sjóðsins.

Stofnendur sjóðsins eru Icelandair, Reykjavíkurborg, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (Stef) og Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH). Samtök tónlistarmanna hafa hingað til veitt þrjár milljónir árlega, Reykjavíkurborg 2,5 milljónir og Icelandair afsláttarkjör á fargjöldum að verðmæti 5,5 milljóna á ári. Alls gera þetta 11 milljónir króna. Síðasta árið mun upphæðin þó tvöfaldast eftir að Icelandair ákvað að tvöfalda sinn styrk á dögunum.

# Ómetanleg hjálp fyrir Mínus

Frosti Logason, gítarleikari Mínuss, segir að Loftbrú Reykjavík hafi hjálpað hljómsveitinni gríðarlega mikið. „Þetta er ómetanleg hjálp. Við værum örugglega ekki búnir að gera eins mikið og áorka eins miklu ef við hefðum ekki fengið þennan pening,“ segir Frosti.

Hann segir að hljómsveitin hafi fengið aukapúst eftir að hafa fengið útflutningsverðlaun Loftbrúar. „Það er ekki hægt að leggja það að jöfnu að vera hljómsveit á Íslandi án þess að fá þennan styrk eða að fá hann. Þetta setur mann á jafnréttisgrundvöll við aðrar hljómsveitir, til dæmis á Englandi. Það er líka hægt að láta þetta vinna fyrir sig. Þó maður geti ekki fengið styrki endalaust hjálpar þetta manni í framtíðinni.“

Að sögn Frosta er Mínus í pásu frá tónleikaferðum um þessar mundir og ætlar að einbeita sér að því að semja lög á nýja plötu. Hvort hún líti dagsins ljós á þessu ári eða því næsta verði bara að koma í ljós síðar.



**MÍNUS** Rokksveitin Mínus fékk útflutningsverðlaun Loftbrúar árið 2003.



Er þetta stæði frátekið fyrir þig?

**Ef ekki máttu búast við 2.500 kr. gjaldi.**

Bílastæðasjóður og Lögreglan í Reykjavík hafa nú tekið upp eftirlit með bílastæðum fyrir hreyfihamlaða inni á lóðum fyrirtækja og stofnana.

Bílastæðasjóður
...svo í borg sé leggjandi


ÓDÝRARI TÍMARIT
Verð 295,-
Algengt verð 525,-
Verð 695,-
Algengt verð 1.090,-
Gerðu verðsamanburð
NÝJUSTU TÍMARITIN!
Verð 145,-
Algengt verð 490,-
Verð 185,-
Algengt verð 560,-
Verð 895,-
Algengt verð 1.405,-
Verð 295,-
Algengt verð 525,-
1.
Við tökum frá tímaritið þitt!
Við látum þig vita þegar það kemur.
2.
Ef þú finnur ekki tímaritið þitt!
-þá pöntum við það fyrir þig.
3.
Vertu áskrifandi!
-og sparaðu 10% á hverju tímariti.
www.office1.is og í síma 550 4111.
Frááábær þjónusta!
Allt að 150% verðmunur
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Superstore



20% AFSLÁTTUR
Móa kjúklingur heill
359 kr./kg.
Verð áður: 598
Bautabúrs rauðvínslegnar Grísalærisneiðar
918 kr./kg.
Verð áður: 1.148
40% AFSLÁTTUR
Móa kjúklingalæri og leggir
379 kr./kg.
Verð áður: 599
Campells kremaðar sveppa og aspas-súpur
69 kr./stk.
Krydduð lambasteik
998 kr./kg.
Farm frites franskar
199 kr./pk.
Verð áður: 295
Freyju Rís 2 í pakka
129 kr./2pk.
Freyju Draumur 2 í pakka
129 kr./2pk.
Newmans own örbylgjupopp
99 kr./pk.
Opið alla daga
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
ÞÚ FÆRÐ
LÆGRA
VERÐ!
Í KRÓNUNNI
Sam-
keppni
Nýr
valkostur
Merrild kaffi
247
kr./pk.
Krónubrauð
99
kr./stk.
Ariel Regular
3,3 kg.
998
kr./pk.
MALAÐ KAFFI
Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR



## Aðal afrek vikunnar

**Endurkoma Stjörnukvenna gegn ÍBV**

Stjarnan vann upp fjögurra marka forustu ÍBV á síðustu fjórum mínútum annars undanúrslitaleik liðanna í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta. Stjarnan sýndi þar mikinn karakter, gafst aldrei upp og yfirvann mótlæti sem hefði verið flestum liðum ofviða.

# sport

sport@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTAKAPPINN PÁLL KRISTINSSON:** SEGIR SKILIÐ VIÐ NJARÐVÍK EFTIR 11 ÁR

# *Vill finna hungrið á nýjan leik*

Páll Kristinsson, landsliðsmaður og leikmaður Njarðvík í Intersportdeildinni í körfuknattleik, er genginn til liðs við Grindavík fyrir næsta tímabil. Kemur ákvörðunin mörgum í opna skjöldu sérstaklega í ljósi þess að Páll hefur leikið alla tíð með Njarðvík, 11 tímabil alls. „Mig langaði að prófa að breyta til," sagði Páll í samtali við Fréttablaðið. Páll sagði megintilganginn með að flytja sig um set væri að finna hungrið á nýjan leik.

Samkvæmt heimasíðu Njarðvíkur vonast Páll til að eiga afturkvæmt í græna búning Njarðvíkurliðsins að ári liðnu en sögur hafa verið á kreiki um að umgjörð og þjálfaramál nýliðins tímabils hafi ekki verið Páli að skapi. „Ég fann mig ekki á síðasta ári og því upplagt að prófa eitthvað nýtt. Ég hef ekki planað neitt fram í tímann," sagði Páll.

Að sögn Páls eru spennandi breytingar framundan hjá Grindvíkingum en hann vildi annars lítið tjá sig um þau mál. „Það er ýmislegt í gangi en ekki allt frágengið."

Páll hefur lengi þótt einn besti framherji landsins og hóf tímabilið síðastliðið haust með miklum látum. Hann skoraði 20,4 stig, tók 7,6 fráköst, gaf 3,6 stoðsendingar og nýtti 67% skota sinna í fyrstu fimm leikjum tímabilsins. Eftir það lá leiðin niður á við en þess má geta að Anthony Lackey bættist í hópinn í sjötta leik deildarinnar og tók því töluvert frá Páli hvað framlag snertir.



### > Við vorkennum ...



... Birni Þorleifssyni, tækvondó-manni úr Björkunum. Björn datt út úr 16 manna úrslitum Heimsmeistaramótsins í gær en það fer fram í Madríd á Spáni. Björn vann Norðmann í fyrstu umferð en tapaði síðan fyrir áströlskum keppanda. Björn hafði fleiri stig eftir bardagann en Ástralanum var dæmdur sigur vegna refsistiga Björns.

### > Við gleðjumst yfir því ...



... að handboltakappinn Árni Þór Sigtryggsson sé að bætast í hóp þeirra fjölmörgu íslensku leikmanna sem spila með bestu liðum Þýskalands. Árni Þór er með samningstilboð frá þýska meistaraliðinu Flensburg.


BELLA BÁTAR

Hraðbátar



www.velasalan.is

Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.

VÉLASALAN

Ánanaust 1 - Sími 580 5300

velasalan@velasalan.is


Árni Þór Sigtryggson:

# Á leiðinni til Flensburg

**HANDBOLTI** Árni Þór Sigtryggsson, stórskytta úr Þór, mun fá samning frá þýska meistaraliðinu Flensburg strax eftir helgi. Samningurinn sem er til þriggja ára kemur í kjölfar dvalar Árna Þórs hjá félaginu.

Árni Þór staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að samningurinn væri á leiðinni og að hann væri mjög spenntur fyrir Flensburg. Hann sagði að forráðamenn Flensburg vildu fá sig út strax í sumar en þó ætti hann möguleika á því að spila hér heima næsta vetur ef hann vildi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjölmörg lið sett sig í samband við Árna Þór, bæði þýsk og spænsk lið, og hefur síminn varla stoppað hjá honum undanfarna daga.

**oskar@frettabladid.is**

# Minnir á árin í háskólanum

**Líf landsliðsmannsins Einars Arnar Jónssonar hefur ekki verið neinn dans á rósum í ár. Hann hefur ekki fengið laun á árinu og félag hans gæti verið dæmt gjaldþrota á mánudag.**

**HANDBOLTI** Einar Örn leikur með þýska úrvalsdeildarfélaginu Wallau Massenheim en félagið hefur verið í miklum fjárhagsörðugleikum í langan tíma. Forsvarsmenn félagsins lugu að almenningi síðasta sumar þegar þeir sögðust hafa bjargað fjárhag félagsins en síðar kom í ljós að samningar sem þeir þóttust hafa gert voru til að mynda við fyrirtæki sem voru ekki til.

Slíkur rekstur gengur augljóslega ekki til lengdar og lygararnir hafa verið ákærðir og eiga jafnvel yfir höfði sér fangelsisvist. Eftir standa leikmennirnir án launa í marga mánuði og það kemur í ljós á mánudag hvort það tekst að bjarga félaginu frá gjaldþroti.

„Ég hef ekki fengið greidd laun síðan í desember," sagði Einar Örn við Fréttablaðið í gær en þrátt fyrir allt erfiðið var hann ótrúlega léttur. „Það er búið að vera mikið púsluspil að halda rekstri heimilisins gangandi en þetta hefur bjargast hingað til. Þetta minnir mann eiginlega á árin í háskólanum þegar maður átti ekki krónu. Þá var manni alveg sama en það sama á ekki við núna."

Það átti að skýrast í gær hvað yrði um Wallau en félagið fékk lokafrest fram á mánudag til að safna frekara fé. Einar segir að fólk í bænum sé bjartsýnt á að hægt verði að bjarga félaginu.

„Það bendir allt til þess en maður fagnar ekki fyrr en allt er klárt. Annars vill maður fyrst og fremst komast úr þessu leiðinlega óvissuástandi því það er ekki gaman að búa við slíkt ástand," sagði Einar en ef það tekst að bjarga félaginu verður það skikkað til þess að hafa opnara bókhald í framtíðinni svo þessi saga endendurtaki sig ekki.

Wallau hefur boðið Einari nýjan samning og hann býst fastlega við því að samþykkja hann leysist málin. „Reksturinn á að vera öruggari fari svo að félagið lifi. Ég vil samt helst bara semja til eins árs og sjá hvernig staðan verður eftir ár. Ég vil ekki binda mig lengi á meðan ástandið er ekki betra en það er," sagði Einar en hann hafnaði tilboði frá þýsku félögunum Nettelstedt og TuS N-Lubbecke fyrr í vetur.

**henry@frettabladid.is**



**EINAR ÖRN JÓNSSON** Hefur ekki fengið laun á þessu ári og í ljós kemur á mánudag hvort félag hans. Wallau Massenheim, lifi áfram. Hann sést hér skjóta að marki Spánverja á Ólympíuleikunum síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


SÝN

– besta sætið

ARSENAL BLACKBURN

Í DAG KL. 11:00

UNDANÚRSLIT Í ENSKA BIKARNUM



GOTT FÓLK McCANN


Stjarnan sækir ÍBV heim í oddaleik um sæti í úrslitum DHL-deildar kvenna í dag:

# Heimavöllurinn mun reynast drjúgur

**HANDBOLTI** ÍBV og Stjarnan eigast við í undanúrslitum DHL-deildarinnar í handknattleik kvenna í Vestmannaeyjum í dag. Liðin tvö hafa verið hnífjöfn í sínum aðgerðum fram til þessa og unnust fyrstu tveir leikirnir með eins marks mun.

Handknattleiksáhugafólk býst því við miklum baráttuleik í Eyjum í dag enda hreinn úrslitaleikur um sæti í lokaúrslitum mótsins.

„ÍBV var betri aðilinn í seinni hálfleik í leiknum í Garðabæ en tapaði lokakaflanum mjög illa," sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR.

„Ég hallast að því að heimavöllurinn reynist Eyjastúlkum drjúgur. Stjarnan hefur ekki spilað sannfærandi bolta í úrslitakeppninni, sérstaklega sóknarlega séð, en ef liðinu tekst að lagfæra sóknina þá á það alveg möguleika á að vinna leikinn."

Stjarnan breytti vörn sinni í seinni hálfleik síðustu viðureignar og tók Alla Gokorian úr umferð.

„Þá kom visst hik í sóknarleikinn hjá ÍBV og Stjarnan uppskar 9-3 áhlaup. Það kæmi mér ekki á óvart ef Stjörnustúlkur myndu beita þessari vörn að einhverju leyti í leiknum í dag. ÍBV á samt að geta leyst þetta mjög vel en hikstaði eilítið í þeim aðgerðum í síðasta leik."

Kári sagði að liðin tvö ættu ekki mikla möguleika gegn Haukum sem tryggðu sér sæti í úrslitum Íslandsmótsins með því að leggja Valsstúlkur að velli.

„Til þess þarf leikur liðanna að batna umtalsvert," sagði Kári.

**smari@frettabladid.is**



**HART TEKIST Á Í EYJUM** Stjarnan mætir ÍBV í hreinum úrslitaleik um sæti í úrslitum DHL-deildar kvenna í handknattleik. Hér fær Anna Blöndal harðar móttökur frá Eyjakonum í öðrum leiknum.

Sími 533-4800

MIÐBORG
fasteignasala

Laugavegur 182 - 105 Reykjavík
Fax 533-4811 - midborg@midborg.is

–Örugg fasteignaviðskipti!



Björn Þorri, hdl., lögg. fastsali
Karl Georg, hrl., lögg. fastsali
Þorlákur Ómar, Sölustjóri.
Kristján, sölumaður.
Magnús, sölumaður.
Sigurður, sölumaður.
Fríður, ritari.
Perla, ritari.
Þórunn ritari.

Opið mán.–fös. frá kl. 9-18, lau. frá kl. 11-14 Allar eignir á netinu: www.midborg.is

# Sölusýning í dag

## milli kl 12 og 14 í stigahúsi nr. 3 og 5

# Sóleyjarimi 1-7 Grafarvogi



Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir ásamt stæðum í bílageymslu fyrir 50 ára og eldri í 4-6 hæða lyftuhúsi á mjög eftirsóttum stað. Gott útsýni er úr íbúðunum og stutt er í útiveru, golf, verslanir og alla þjónustu. Íbúðirnar eru hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt og er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum eikar- og mahónýinnréttingum og glæsilegum stáltækjum. Stæði í bílageymslu fylgir fyrir allar 3ja og 4ra herbergja íbúðir.

Íbúðirnar eru frá 94 fm til 106 fm og kosta frá 18,7 til 22,8 millj. kr. Húsinu verður skilað fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð, en klætt álklæðningu að hluta, á stigahús og útbyggingar. Einnig verður hluti svalaganga klæddur með hertu gleri. Lóð verður skilað frágenginni með malbikuðum bílastæðum, steyptum gangstéttum og grassvæðum þar sem við á á lóð. Þak er steinsteypt og einangrað að ofan og þétt með þakdúk. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja góðar svalir en hellulögð verönd með jarðhæðum.



MIÐBORG
fasteignasala
Sími 533-4800

LAUGARNES
fasteignafélag
Suðurlandsbraut 14
105 Reykjavík
Sími 575 3700
Fax 575 3709
www.laugarnes.is

Líttu við á www.midborg.is og skráðu þig á eignavaktina

# Wenger býst við hörkuleik í dag

**Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, veit sem er að það verður ekkert gefið í undanúrslitaleiknum gegn Blackburn sem fram á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff í dag.**

**FÓTBOLTI** Arsenal og Blackburn mætast í dag í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar. Leikurinn fer fram á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff en úrslitaleikurinn verður spilaður á sama stað 20. maí næstkomandi.

Arsenal spilar í dag sinn fimmta undanúrslitaleik í röð og jafnar þar með met Oxford University og Manchester United en bæði þessi lið komust fimm sinnum í röð í undanúrslit bikarsins. Oxford afrekaði það á árunum 1873 til 1877 og Manchester United náði þessum merka áfanga á árunum 1962 til 1966.

### Botnlaus barátta

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, býst við hörkuleik gegn Blackburn í dag. Arsenal vann leik liðanna á Ewood Park, heimavelli Blackburn, fyrir skömmu og skoraði Hollendingurinn Robin van Persie eina mark leiksins. Sá leikur var botnlaus barátta og Wenger á von á að svipað verði uppi á teningnum í Cardiff í dag.

„Leikmenn Blackburn eru líkamlega sterkir og harðir í horn að taka. Þeir eru agaðir og gefast ekki upp og þannig býst ég við að þeir verði í þessum leik. Hvert lið hefur sinn leikstíl. Þeir hafa sinn og við höfum okkar. Það er mín tilfinning að það verði mikilvægt að við látum boltann ganga hratt í leiknum og hlaupum réttu hlaupin því þeir eru góðir í því að pressa, verjast og loka miðjunni. Síðan verðum við að takast á við föst leikatriði og fyrirgjafir, sem er þeirra styrkleiki. Við verðum að passa þá þar, sérstaklega Morten Gamst Pedersen sem er mjög góður skallamaður,“ sagði Wenger, sem hefur ekki enn tekið ákvörðun um það hvort hann lætur varnarmanninn sterka Sol Campbell spila í leiknum í dag.

**ARSENAL Í ENSKA BIKARNUM SÍÐUSTU ÁR:**

| | |
|---|---|
| 2004/2005 | **Undanúrslit: Blackburn í dag** |
| 2003/2004 | **Undanúrslit: 0–1 tap fyrir Man. Utd** |
| 2002/2003 | **Bikarmeistari: 1–0 sigur á S´ton** |
| 2001/2002 | **Bikarmeistari: 2–0 sigur á Chelsea** |
| 2000/2001 | **Úrslitaleikur: 1–2 tap fyrir Liverpool** |

### Henry og Campbell ekki með

Campbell hefur spilað tvo leiki með varaliðinu að undanförnu og komist heill frá þeim en hann hefur verið frá undanfarna tvo mánuði vegna meiðsla á ökkla. Wenger hefur verið ánægður með frammistöðu miðvarðanna Kolo Toure og Svisslendingsins unga Philippe Senderos að undanförnu. „Sol er ekki orðinn alveg heill og við viljum ekki taka neina áhættu með hann. Ég er sáttur við frammistöðu miðvarðanna og get því beðið með Sol með góðri samvisku,“ sagði Wenger, sem getur glaðst yfir því að Svíinn Freddie Ljungberg hefur hrist af sér meiðsli sem héldu honum utan vallar gegn Middlesbrough um síðustu helgi.

Síðustu fréttir frá Highbury eru að Thierry Henry muni einnig missa af leiknum í dag vegna slæmra nárameiðsla sem gætu líka haldið honum frá keppni út tímabilið. Henry er langmarkahæsti leikmaður liðsins í vetur og verður því sárt saknað gegn Blackburn í dag.

oskar@frettabladid.is



**HETJA Í SÍÐASTA LEIK** Hollendingurinn Robin van Persie sést hér fagna sigurmarki sínu fyrir Arsenal í síðasta leik liðsins gegn Blackburn á Ewood Park.



**MILAN BAROS** Ætlar að einbeita sér að því að klára tímabilið með Liverpool.

Tékkinn Milan Baros:

## Íhugar framtíðina eftir tímabilið

**FÓTBOLTI** Tékkneski framherjinn Milan Baros segist ekki ætla að hugsa um framtíð sína fyrr en eftir tímabilið. Baros, sem er markahæsti leikmaður Liverpool á þessu tímabili, hefur átt misjöfnu gengi að fagna í vetur en hann hefur verið undir smásjánni hjá spænska liðinu Valencia og ítölskum liðum.

„Ég tjái mig ekki um sögusagnir. Ég hef lesið um þessa hluti í blöðunum en það hefur enginn haft samband við mig. Það skiptir heldur engu máli núna því ég ætla að einbeita mér að því að spila vel með Liverpool það sem eftir lifir leiktíðarinnar. Það er ennþá mánuður eftir af tímabilinu og hvað sem gerist í sumar er ég rólegur núna,“ sagði Baros.

Miklar vonir voru bundnar við að Baros myndi slá í gegn með Liverpool á þessu tímabili eftir frábært Evrópumót með Tékkum í Portúgal en það hefur ekki gengið eftir. Hann hefur verið ósáttur við að sitja á bekknum í nokkrum leikjum í vetur og verið óhræddur við að lýsa yfir óánægju sinni við Rafael Benitez, hinn spænska knattspyrnustjóra Liverpool. ■



**BÖRKUR EDVARDSSON** Hissa á sektinni en segir þetta mál ekki munu skyggja á samstarf KSÍ og Vals.

KSÍ sektar Valsmenn um 50 þúsund krónur vegna slælegra vinnubragða:

## Börkur formaður hissa á sektinni frá KSÍ

**FÓTBOLTI** Stjórn KSÍ hefur sesktað Landsbankadeildarlið Vals um fimmtíu þúsund krónur og veitt því viðvörun vegna slælegra vinnubragða við skil á leyfisgögnum til KSÍ eins og það er orðað á vefsvæði sambandsins.

Ómar Smárason, leyfisstjóri KSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Valsmenn hefðu verið of seinir að skila öllum öðrum gögnum en fjárhagsgögnum fyrir 15. janúar og síðan hefðu fjárhagsgögnin ekki borist fyrir 15. febrúar líkt og hjá öðrum félögum. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær vera hissa á þessum aðgerðum sambandsins. „Ég veit að við vorum of seinir að skila en það eru ástæður fyrir því, ástæður sem KSÍ vissi vel af. Við skiptum um bókara og framkvæmdastjóra í byrjun ársins og það gerði það að verkum að hlutirnir innanhúss hjá okkur fóru svolítið út og suður. Skrifstofa KSÍ fylgdist með allan tímann og var fullkomlega meðvituð um okkar mál. Ég hefði getað skilið þessa sekt ef við hefðum verið í rugli og ekki staðið okkar vakt en svo er ekki. KSÍ hefur hins vegar reglugerðina með sér og því verðum við að una þessari ákvörðun,“ sagði Börkur.

Aðspurður um hvort þetta hefði áhrif á samskipti Vals og KSÍ í framtíðinni sagði Börkur svo ekki vera. „Ég þekki þessa stráka vel.“ oskar@frettabladid.is








**SPILA FYRIR TÓMU HÚSI** Obafemi Martins og félagar hjá Inter þurfa að leika næstu Evrópuleiki fyrir tómu húsi þar sem stuðningsmenn þeirra köstuðu blysum og öðru lauslegu inn á völlinn í Evrópuleik þeirra gegn AC Milan. MYND/AP

Inter fékk vægari dóm frá UEFA en búist var við:

## Engir áhorfendur á næstu fjórum leikjum Interliðsins

**FÓTBOLTI** Þeir voru ófáir knattspyrnuspekingarnir sem voru búnir að spá því að ítalska knattspyrnufélaginu Internazionale yrði meinað að taka þátt í Evrópukeppni næsta árið eftir uppákomuna á San Siro í vikunni.

Þá köstuðu stuðningsmenn félagsins blysum inn á völlinn og vildi ekki betur til en svo að eitt blysanna hafnaði í öxl markvarðar AC Milan, Dida, og mátti hann þakka fyrir að fá ekki blysið í hausinn. Þá hefði getað farið illa.

Aganefnd knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, tók málið fyrir í gær og dæmdi Inter til greiðslu rúmlega 15 milljóna króna sektar og til að leika næstu fjóra heimaleiki í Evrópukeppnum fyrir tómu húsi. Tveir leikir bætast ofan á bannið ef Inter brýtur af sér á næstu þrem árum.

„Sumum finnst þetta flaust vægur dómur og öðrum finnst hann síðan harður,“ sagði William Gaillard, talsmaður UEFA. „Þetta er stærsta sekt fyrr og síðar hjá UEFA og svo teljum við að Inter verði af 7-8 milljónum evra í aðgangseyri vegna bannsins.“

- hbg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

13 14 15 **16** 17 18 19

**Laugardagur**

**LEIKIR**

- 15.00 **HK** og **KA** mætast á Fylkisvelli í 2. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 15.00 **Grindavík** og **Þór** mætast á Stjörnuvelli í 1. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 16.00 **ÍBV** og **Valur** mætast á Leiknisvelli í 1. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 16.15 **ÍBV** og **Stjarnan** mætast í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 10.30 **Enski bikarinn** á Sýn. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- 11.00 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Blackburn** í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar í fótbolta.
- 13.00 **Upphitun** á Skjá einum. Endurtekinn þáttur.
- 13.10 **Bestu bikarmörkin – Arsenal** á Sýn. Sýnt frá öllum flottustu mörkum Arsenal í ensku bikarkeppninni í gegnum tíðina.
- 13.30 **Á vellinum með Snorra Má** á Sýn.
- 14.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Tottenham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 14.10 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Bayern München** og **Chelsea** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 15.45 **Handboltakvöld** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- 16.05 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Charlton** og **Bolton** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 16.05 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **ÍBV** og **Stjörnunnar** í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.20 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 16.45 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 17.15 **World Supercross** á Sýn.
- 18.10 **Enski bikarinn** á Sýn. Útsending frá leik **Arsenal** og **Blackburn** í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar í fótbolta.
- 19.50 **spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Real Madrid** og **Barcelona** í spænsku 1. deildinni.
- 21.50 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Erik Morales** og **Manny Pacquiao**.



**DIEGO FORLAN** Vill aftur til Englands.

Spænski boltinn:

## Forlan vill komast aftur til Englands

**FÓTBOLTI** Úrúgvæski framherjinn Diego Forlan, sem hefur átt frábært tímabil með Villarreal í spænsku 1. deildinni í knattspyrnu, vill komast aftur í enska boltann.

Þetta segir Forlan þrátt fyrir að hafa hrökklast í burt frá Manchester United síðasta sumar. Forlan hefur skorað 18 mörk fyrir spænska liðið það sem af er tímabilinu en segist hafa liðið vel í Englandi og munu fara þangað aftur fái hann tækifæri til.

Forlan fékk fá tækifæri í byrjunarliði Manchester United en hann kom þaðan frá Independiente í Argentínu. ■

# Sögulegt einvígi Auðuns og Benedikts

Mikið verður um dýrðir á Grand Hotel í dag þegar hrikalegustu kraftamenn landsins leiða saman hesta sína á Íslandsmótinu í kraftlyftingum.



**BENSÍN FYRIR ÁTÖKIN** Kraftajötnarnir hittust á Pítunni á blaðamannafundi fyrir mótið og söfnuðu forða fyrir Íslandsmótið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KRAFTLYFTINGAR** Mótið í dag er 20 ára afmælismót Kraftlyftingasambands Íslands og því hefur verið lagt mikið í undirbúning þessa 34. Íslandsmóts.

Þegar þetta er skrifað hafa 19 keppendur verið skráðir til leiks á mótið, þar af þrjár konur. Íslandsmótið í kraftlyftingum er jafnan hápunktur vertíðarinnar hjá lyftingamönnum og það er mál manna að mótið í ár verði eitt það rosalegasta í manna minnum.

Það sem bera mun hæst á mótinu í dag verður einvígi þeirra Benedikts Magnússonar og Auðuns Jónssonar í þyngsta flokknum. Auðunn hefur verið einráður í þungavigtinni undanfarin ár, en hinn kornungi Benedikt hefur bætt sig gríðarlega á síðustu misserum og er orðinn einn besti réttstöðulyftari í heiminum í dag. Mikil eftirvænting ríkir fyrir baráttu þeirra „Tarfsins“ og „Verndarans“, eins og þeir Benedikt og Auðunn hafa verið kallaðir.

### Auðunn ætlar í 1.100 kg

Auðunn Jónsson segist vera í sínu besta formi þessa dagana og á besta árangur landsins í samanlögðu, 1.050 kg. Hann segist þó eiga nóg inni og stefnir á 1.100 kg múrinn í dag. „Ég hef aldrei verið sterkari en í dag og set því markið á 1.100 kílóin. Ég mun þurfa að ná góðum lyftum bæði í hnébeygjunni og bekknum til að slá Benna við,“ sagði Auðunn, sem á von á því að verða fyrstur Íslendinga til að taka 300 kíló í bekkpressunni, en hann á núverandi Íslandsmet í greininni, 290 kíló.

### Undrabarnið Benedikt

Benedikt Magnússon er sannkallað undrabarn í íþróttinni, en þessi liðlega tvítugi drengur er nýkominn heim frá Bandaríkjunum úr sérstakri æfingaferð, þar sem hann var að taka vel á því.

Hans sterkasta grein er réttstöðulyftan og þar hefur hann verið að setja nýja staðla upp á síðkastið. Benedikt á núgildandi Íslandsmet í greininni, sem er 400,5 kíló. Hann hefur hins vegar verið að leika sér með þá þyngd á æfingum síðustu vikur og því er engin leið að spá um hve hátt drengurinn getur farið í mótinu í dag.

### Hátíð á 20 ára afmælinu

Hjalti „Úrsus“ Árnason spáir því að metin muni falla í dag.

„Þetta verður einfaldlega móðir allra móta. Það hefur ekki gerst áður að tveir svona hrikalegir menn séu að keppa hvor við annan í þessari keppni áður og möguleikar þeirra beggja að fara í 1100 kílóin eru góðir. Það sýnir bara að þetta sport er komið til að vera og gaman að þetta skuli einmitt eiga sér stað á 20 ára afmælismótinu,“ sagði Hjalti, sem býst við húsfylli á mótinu sem hefst klukkan 12 á hádegi í dag.

baldur@frettabladid.is

Tony Pulis, knattspyrnustjóri Íslendingaliðsins Stoke City, lét íslensku stjórnarmennina heyra það:

# Pulis framlengdi stjórasamning sinn við Stoke í gær

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög ánægður með að þessi mál skulu vera komin á hreint og að við getum núna loksins sest niður sem ein heild og sett okkur markmið fyrir næsta ár,“ sagði Tony Pulis, stjóri Íslendingaliðsins Stoke City, eftir að hafa skrifað undir árs framlengingu á samningi sínum við félagið, sem hefði runnið út í sumar.

„Í liðinu er góður kjarni leikmanna sem við byggjum á en við eigum von á því að missa nokkuð marga frá okkur í sumar. Vonandi náum við að leysa þá af með góðum leikmönnum sem færa okkur þennan litla liðsstyrk sem við þurfum til að komast í úrvalsdeildarklassa,“ bætti Pulis við.

Það var um hádegisbilið í gær að Pulis skrifaði undir nýja samninginn en í gærmorgun birtist viðtal við hann í staðarblaði Stoke, The Sentinel, þar sem ekki er annað hægt en að segja að Pulis hafi verið á öndverðum meiði. Þar úthýsti hann íslensku stjórnarmönnunum hjá félaginu og þeim seinagangi sem viðhefst í vinnubrögðum þeirra. „Það verður að koma ýmsum hlutum á hreint svo að við vitum hvert við erum að stefna sem félag. Það verður að gerast núna en ekki þegar við hefjum undirbúningstímabilið í sumar,“ sagði Pulis. Svo virðist sem þetta hjálparkall hans hafi gert sitt gagn því örfáum klukkustundum síðar var hann kominn með nýjan samning.

„Þetta eru mjög góðar fréttir fyrir félagið og ég er viss um að stuðningsmennirnir eru sammála um það. Liðið hefur sýnt stöðugar framfarir undir stjórn Pulis og þótt við séum vonsviknir með að eiga litla möguleika á úrvalsdeildarsæti getum við huggað okkur við það að þetta er í fyrsta sinn síðan 2002 sem við höfum á engum tímapunkti verið í fallhættu,“ sagði Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke, við undirskrift samningsins í gær.



**Á UPPLEIÐ** Stoke City hefur aldrei komist eins nálægt úrvalsdeildarsæti og á þessari leiktíð og stefnir Tony Pulis á að ná þeim áfanga á næsta ári.




„Reglubundinn sparnaður gerir mig frjálsan. Ég þarf ekki lengur að segja: Þetta reddast.“

ÁSKRIFT AÐ SPARIBRÉFUM LANDSBANKANS

EYDDU Í SPARNAÐ

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Reglubundinn sparnaður veitir þér öryggi til að mæta óvæntum útgjöldum og frelsi til að grípa skemmtileg tækifæri. Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**

GOTT FÓLK McCANN · 28374



**Fiskbúð**
**í grónu og góðu hverfi til sölu.**
**Góðir tekjumöguleikar.**
**Uppl. í síma 898-8070.**

# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Ljóti andarunginn skorinn í burtu

**FREYR BJARNASON** FJALLAR UM UNDARLEGA FEGURÐARSAMKEPPNI SEM HANN SÁ Í SJÓNVARPINU.

MYND: HELGI SIGURÐSSON



Hún var undarleg fegurðarsamkeppnin sem var í sjónvarpinu síðastliðið fimmtudagskvöld. Um var að ræða lokahnykkinn í raunveruleikaþættinum The Swan þar sem þátttakendurnir, allt konur, höfðu gengið í gegnum ýmislegt til að breyta sér í fegurðardísir á undanförnum fjórum mánuðum.

Meðal annars þurftu þær að gangast undir miserfiðar lýtaaðgerðir þar sem nefum, vörum, kinnbeinum og meira að segja lögun fótleggjanna var breytt, allt fyrir „fegurðina“. Auk þess voru þær látnar stunda líkamsrækt í þrjár klukkustundir á dag. Aldrei máttu þær líta í spegil á meðan á ósköpunum stóð og þær máttu heldur ekki hitta fjölskyldur sínar allan þennan tíma.

Já, þær höfðu lagt heldur betur mikið á sig og uppskáru líka ríkulega í lokaþættinum eftir erfiðisvinnuna. Þar sýndu þær stælta kroppana og strekkt andlitin uppi á sviði fyrir framan fjölda áhorfenda, þar á meðal fjölskyldur sínar. Konurnar höfðu breyst úr litla ljóta andarunganum í undurfagran svan sem allir öfunduðu og virkuðu þær fullar sjálfstrausts.

Það væri auðvelt að úthúða þættinum fyrir að vera siðlaus með eindæmum og algjörlega úr takt við feminískar hugmyndir nútímans. Samt finnst mér í lagi fyrir þessar konur að láta þetta allt saman yfir sig ganga ef þær hafa áhuga á því. Hvort þær eru ekki lengur eins innantómar andlega eftir aðgerðirnar og þær sögðust vera fyrir þær er aftur á móti stór spurning.

Vonandi á bætt útlit þeirra eftir að láta þeim líða betur í framtíðinni en það er alltaf spurning hvernig skurðaðgerðir geti lagað áralangar sálarkvalir. Hvað ætli börnin þeirra taki til bragðs þegar og ef þau lenda í mótstreymi í lífinu síðar meir? Það væri fróðlegt að vita. ■



# Samkeppnishæfni í breyttri heimsmynd

**Ráðstefna FKA og Félagsins Auður verður haldin á Nordica hóteli þriðjudaginn 19. apríl frá kl. 14-17.**

**Dagskrá**

Nánari upplýsingar eru á www.fka.is

Ráðstefnan er opin öllum

| | |
|---|---|
| 14:00 | **Katrín Óladóttir** framkvæmdastjóri Hagvangs og formaður FKA setur ráðstefnuna |
| 14:10 | **Valgerður Sverrisdóttir**, iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytur ávarp |
| 14:20 | **Þróun viðskiptahugmyndar og markaðsfærsla á EveOnline** Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP hf |
| 14:45 | **Avion Group, alþjóðlegur flugrekstur í breyttri heimsmynd** Hannes Hilmarsson, framkvæmdastjóri AVION GROUP |
| 15:10 | **Fjármögnun fyrirtækja, hlutverk bankanna** Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans |
| 15:35 | Kaffihlé |
| 16:05 | **Mótlæti í viðskiptum** Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group |
| 16:30 | **Að hitta sjálfan sig fyrir – leiðtogahlutverk kvenna í atvinnulífi framtíðar** Haukur Ingi Jónasson, sálgreinir og ráðgjafi hjá Nordica ráðgjöf ehf. |
| 16:55 | **Sigrún Guðjónsdóttir**, forstjóri Tæknivals og formaður félagsins Auður slítur ráðstefnunni |
| | Fundarstjóri verður Helga Sigrún Harðardóttir |

**Skráning er á fka@fka.is eða í síma 570-7267.**
**Eftir ráðstefnuna kl. 18.00 verður glæsilegur kvöldverður á VOX.**
**Verð á ráðstefnuna með kvöldverði er 12.000 kr.**
**Án kvöldverðar 9.000 kr.**

Landsbanki Íslands · Nordica hotel ICELANDAIR HOTELS · Morgunblaðið · FABRIKAN HÉÐINSPORTI

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott








Verðstríð
alla daga
Laugardaga, sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga, Laugardaga, sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga, miðviku-daga, fimmtudaga, föstudaga, Laugardaga, sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga, miðviku-daga, fimmtudaga, föstudaga....
Flatsjónvarp
27" FLATUR SKJÁR
Ódýrasta flatsjónvarpið á Íslandi
Síðustu eintökin
JDV
LC-27M65 JDV 27" LCD
• 27" LCD Skjár
• Upplausn 1280x720
• Birta 500cd/m2 Mynd í Mynd (PIP) +
• Textavarp Magnari 2x 10W RMS
• Magnari 2x 7W RMS SRS • Fjarstýring
• Tengi:2 Scart / RGB / S-VHS/ Component
• DVI / PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól
99.999
Tökuvél
Verð-hrun
MEDION
MD80324
MEDION MD80324 HI8 Videóvél
• 22 x optical zoom/ 880 x digital zoom
• 320K Pixel resolution
• 6 AE lightning programs
• 0.3 lux light sensitivity
• Þyngd : approx. 690g (excl. batt.)
14.999
23.999
Losaðu þig við gamla hlunkinn!
Skilaðu gamla skjánum og fáðu...
10.000 kr upp í flatan skjá!
(Gildir einnig með tölvutilboðum)
17" FLATUR SKJÁR
Takmarkað magn!
MEDION
17" FLATUR SKJÁR
19.999
29.999
Grín verð
TOSHIBA Satellite
PSL10E-00D009ED
TOSHIBA SATELLITE L10E
• Intel® Celeron® M 1.4 GHz
• Front Side Bus 400 MHz, 512K
• 256MB DDR minni
• 40GB S.M.A.R.T. drif
• 15" TFT XGA (1024 x 768)
• Intel extreme graphics 2 skjástýring
• DVD drif og CD skrifari (Combo)
Flott fartölva
á furðuverði
2.527*
12.000 kr. lækkun
2.527* Tölvukaupalán 48 mán.
HEILDARVERÐ 121.318
6.999** Vaxtalaust 12 mán.
HEILDARVERÐ 84.962
83.988 Staðgreitt
Sjónvarp
28"
Vááááá!
DENVER
Denver 28" Sjónvarp
DTN-2822
• 28" Black Matrix myndlampi
• Textavarp • AV tengi að framan
• 2x Scarttengi/RGB • Fjarstýring
23.999
Rugl verð
MP3 spilari
aigo
Aigo USB MP3 spilari
E808A-256MB
Innbyggt útvarp!
8.999
11.999
BT
MP3 spilari
MEDION
MEDION MPOD 20GB
MD95304
• 20 GB harður diskur
• Geymir allt að 10.000 lög
• Snertihnappar
• Heyrnatól fylgja
2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
HEILDARVERÐ 30.589
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



## MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

# Sokkabuxnablús



Hver man ekki eftir því þegar húðlitar sokkabuxur þóttu töff fyrir rúmlega áratug? Íslenskir tískuspekúlantar þess tíma ráðlögðu konum að vera í húðlitum sokkabuxum í háglans. Fegurðardrottningar þess tíma kappkostuðu að auglýsa herlegheitin og það var jafnvel flogið með þær á suðrænar sólarstrendur til að mynda þær í húðlitum sokkabuxum. Ef ég man rétt voru fallegustu fótleggirnir valdir af einu af þessum fyrirtækjum. Á þessum tíma fannst mér þetta æði gellulegt og klæddist slíkum sokkabuxum við hátíðleg tækifæri. Núna er annað uppi á teningnum. Húðlitar sokkabuxur eru dottnar út af vinsældalistanum og flokkast sem tískuslys, sérstaklega ef þær eru notaðar við stutt pils. Verst af öllu er þó þegar konur eru í húðlitum sokkabuxum við bandaskó sem eru opnir í tána. Það er hrottalegt. Opnir bandaskór eru æðislegir ef þeir eru notaðir rétt. Þeir eru ekki hannaðir til að loka tásurnar inni í súrum húðlitum sokkabuxum. Ég er þó alls ekki á móti sokkabuxum almennt. Þær eru eitt af undrunum sem fundin voru upp á síðustu öld og þekki ég enga konu sem ekki á sokkabuxur til skiptanna. Í dag eiga sokkabuxur að vera þykkar. Mætti ég biðja um 80 den í svörtu eða brúnu eða jafnvel með fallegu mynstri. Sokkabuxur með gatamynstri koma líka ferskar inn. Netasokkabuxurnar eru þó á undanhaldi. Ef þið neyðist til að vera í 40 den nælonsokkabuxum, hafið þær þá svartar og helst með rönd að aftan eins og kvikmyndastjörnurnar klæddust á árum áður. Línan að aftan lengir líka fótlegginn og gerir ykkur ennþá flottari. Nú fer að líða að því að hægt verði að draga fram gömlu bandaskóna eða kaupa sér sæta og sumarlega sandala. Þessu fylgir tilheyrandi stúss eins og að raspa á sér hælana, skrúbba fæturna upp úr einhverju fínerii og lakka táneglurnar með glæru lakki. Farið varlega í rauða naglalakkið (það er fallegt fyrsta hálftímann en verður sjoppulegt eftir það) og passið ykkur á húðlitu sokkabuxunum. Ef þetta er á hreinu ættuð þið að geta tekið á móti sumrinu með sól í hjarta.

## Sumarskap í flösku



Sumarskapið svífur inn í sálina þegar lyktað er af nýja ilmnum frá CK one. Hann heitir summer eða sumar á íslensku. Ilmurinn er ferskur og minnir óneitanlega á suðræna ávexti með sítrónukeim. Ekki er laust við að maður finni örlitla ananaslykt, sem er langt frá því að vera slæmt. CK one summer er ilmur fyrir bæði kynin en dömurnar þurfa þó ekki að hafa áhyggjur af því að lykta nákvæmlega eins og kærastarnir því ilmurinn er ekki eins á neinum tveimur. Á sumardaginn fysta tíðkast að gleðja þá sem manni þykir vænt um. Hvernig væri að færa viðkomandi sumarskap í flösku?




FM 98,9 BYLGJAN

Bjarni Ara
Alla virka daga kl. 13-16

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »




**FLOTT SNIÐ** TopShop Smáralind.





**SUMARTÍSKAN** frá Nicole Farhi.



**VETRARLEGUR** sumarjakki úr TopShop.

# Pæjulegur pilsaþytur



Það er ekki til neitt kvenlegra en hnésíð pils með dálítilli vídd. Þau koma eins og himnasending fyrir dömurnar með þykku lærin og flata magann en eru líka klæðileg fyrir mjónurnar með spóaleggina. Það sem skiptir miklu máli er að pilsin séu slétt að ofan en víkki út þegar neðar dregur. Mikið af pilsunum hefur að bera frískleg mynstur sem gera ekkert annað en að fá hugann til að reika til framandi staða. Það er aldrei að vita nema draumurinn um framandi staðina rætist enda sumarleyfin á næsta leiti. Þá munu litríku pilsin koma að góðum notum. Þær sem ekki ætla út fyrir landsteinana geta líka glaðst því pilsin henta íslenskri veðráttu sérlega vel. Með þykkar sokkabuxur og vegleg leðurstígvél að vopni berjast þær við norðanvindinn með bros á vör. Það er lykilatriði að vera í aðsniðnum efriparti við pilsin. Þá erum við að tala um aðsniðna jakka og skyrtur ásamt bolum. Langir klútar og belti henta líka sérlega vel. Það sem er svo gott við þessi fallegu pils er að það er hægt að nota þau við svo mörg tækifæri. Dags daglega flútta þau vel með leðurstígvélum og öðru slíku. Til hátíðabrigða má vera í sparilegum toppum við pilsin ásamt bandaskóm. Þetta gerir það að verkum að þið komist alveg upp með að eiga bara eitt stykki. Ef mæður ykkar eru af '68 kynslóðinni og hafa aldrei tímt að henda neinu er líklegt að þið finnið sams konar pils í geymslunni. Ef svo er má stytta pilsin eða sauma nokkrar pallíettur í þau til að gera þau enn meira spennandi. Hugmyndaflugið er það eina sem til þarf.

martamaria@frettabladid.is



**ÞEGAR HITABYLGJAN KEMUR** er smart að vera í töflum. Kultur Kringlunni.



**ÞETTA PILS** gæti verið 30 ára en er splunkunýtt úr TopShop Smáralind.

**PÁLMATRÉ** og aftur pálmatré. Kultur Kringlunni.

**PALLÍETTUSKREYTT** pils úr TopShop Smáralind.

**ÞAÐ ER ALDREI** of mikið af blómamynstri. Zara Smáralind.

**LIFANDI MYNSTUR** sem fá hugann á flug. Kultur Kringlunni.

# *Eye-liner í anda Jackie*

Sumartískan er undir miklum áhrifum frá Jackie O Kennedy. Allt úir og grúir í stuttum og víðum jökkum eins og fyrrum forsetafrúin sást gjarnan í. Það dugir þó alls ekki að eiga bara samskonar jakka, því með þessum tískustraumum kemur eye-linerinn sterkur inn. En Frú Kennedy sást oft með veglegar eye-liner línur á augnlokinu. Það hefur hingað til verið vandasamt að setja á sig eye-liner en nú er það vandamál úr sögunni. Ameríska snyrtivörufyrirtækið MAC er komið með töfra eye-liner á markað sem heitir Fluidline sem er í gel formi. Það þarf ekki að bleyta það upp, heldur er hægt að bera það beint á augnlokin og þornar eye-linerinn um leið. Þetta er bæði sniðugt til að búa til eye-liner línur en einnig má pensla eye-linernum upp við rót augnaháranna til að gera þau þéttari og fallegri. Fluidline eye-linerinn er tilvalinn fyrir þær sem eru ekki mikið fyrir augnskugga. Hægt er að fá eye-linerinn í tólf spennandi litum og fæst hann hjá MAC í Debenhams. Þess má geta að þessi nýji eye-liner hefur slegið í gegn vestanhafs og eru birgðirnar uppseldar fram á sumar þar í landi.









**JACKIE KENNEDY JAKKI** frá By Malene Birger sem fæst í Kultur Kringlunni.

# Flíkurnar eldast misvel



**> HEIÐA AGNARSDÓTTIR FYLGIST VEL MEÐ TÍSKUNNI OG ER SNILLINGUR Í AÐ BLANDA FATNAÐI SKEMMTILEGA SAMAN.**

>>>

Heiða er nemi í gluggaútstillingum í Iðnskólanum í Hafnarfirði og afgreiðsludama í Kultur Kringlunni. Tískuáhuginn er henni í blóð borinn en hún hefur fylgst með tískunni síðan hún man eftir sér. Eftir að hafa unnið í nokkrum verslunum eins og Spútník, TopShop og Kultur ákvað hún að skella sér í gluggaútstillinganám til að læra grunninn. Hún hlakkar til sumarsins en eitt helsta markmiðið er að vera glöð og njóta þess.

**Fylgist þú vel með tískunni?**
Að sjálfsögðu. Tískan er svo skemmtilega fjölbreytileg. Hugtakið tíska er opið og getur táknað svo margt.

**Uppáhaldshönnuðir?**
Aftur, Emma Cook og Alexander McQueen.

**Fallegustu litirnir?**
Gulur, rauður, grænn og blár, svartur, hvítur fjólublár. Mér finnst allir litir skemmtilegir enda má nota þá á svo marga vegu.

**Hverju ertu mest svag fyrir?**
Ég safna skóm og gallabuxum, þeim síðarnefndu af því ég nota þær mest og þá er nauðsynlegt að eiga flotta skó við til að poppa þær upp.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Ég keypti mér æðislegan kjól í Lakkrísbúðinni sem er eftir hönnuðinn Emmu Cook.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor-og sumartískunni?**
Úff, á vorin er svo gaman þegar allir þessir glaðlegu litir koma. Í vetur hef ég verið mest í dökkum litum en nú fer ég að fara í eitthvað litríkara.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?**
Flottar gallabuxur og fallega sumarskó. Ég er á leið til Barcelona og hef hug á að kaupa mér eitthvað fallegt þar.

**Uppáhaldsverslun?**
Get ekki gert upp á mili Spútník og Kultur.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Það er rosalega misjafnt. Það er alveg frá 0 og upp í 30 þúsund þegar vel liggur á.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Nærfata og sokka.

**Uppáhaldsflík?**
Hettupeysan mín frá Aftur. Hún er þægilegasta flík í heimi.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?**
Til New York.

**Tískuslys í fataskápnum?**
Ég er ánægð með allt þegar ég kaupi það en flíkurnar eldast misvel.



**GWEN STEFANI** Var kjörin best klædda stjarnan af tímaritinu Harper & Queen's.

## Gwen Stefani best klædd

Það er ekki það sem þau hylja heldur fötin sem þau vilja. Þetta gæti verið slagorð stjarnanna enda er fátt jafn mikilvægt og að vera í réttu fötunum þegar myndavélarnar eru nærri. Nú hefur tímaritið **Harper & Queen's** valið tíu best klæddu konurnar og koma niðurstöðurnar töluvert á óvart. Aldrei þessu vant er **Kate Moss**, sem hingað til hefur nánast einokað toppsæti listans, ekki þar heldur No Doubt-söngkonan **Gwen Stefani**. Er hún sögð endurspegla tísku síðasta árs, sem einkenndist af nostalígíu til þeirra ára þegar konur gerðu það að list að klæðast fötum og skemmta sér. Fyrir þá sem vilja vita leyndardóminn að baki titlinum er Stefani mikill aðdáandi **John Galliano** og klæðist reglulega fötum frá **Vivienne Westwood**.
Kate Moss varð að láta sér lynda þriðja sætið, því kærasta ólátabelgsins Marilyn Manson, stripparinn **Dita Von Teese**, hreppti annað sætið. Fast á hæla þeim kemur síðan **Sienna Miller** og er hún hástökkvari listans, stekkur upp um þrjú sæti frá því í fyrra.



## Alvöru strandskór

Spænska skófyrirtækið Camper tók stakkaskiptum fyrir nokkrum árum. Það hafði árum saman framleitt fótlaga skó sem voru ekki sérlega mikið fyrir augað. Fyrirtækið brá þá á það ráð að fá alvöru hönnuði í vinnu og skömmu síðar litu frumlegu og flottu Camper-skórnir ljós. Í sumarlínunni má sjá fallega skó sem varla er hægt að láta framhjá sér fara. Á þessu skópari má sjá spænska sólarströnd með skútu, bát og öllu eins og það gerist best. Á Íslandi fást Camper-skór í Focus, Kron og GS skóm.




**Kl. 14.00**
*„Ung og efnileg: myndasögur framtíðarinnar“ nefnist sýning á teikningum ungra myndasöguhöfunda sem opnuð verður í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi í tengslum við Níuna – myndasögumessuna í Listasafni Reykjavíkur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Innsetning í Smekkleysu

„Þetta var samið í sveitinni á Ítalíu. Scott gat ekki verið með mér hérna, svo ég geri þetta bara einn,“ segir bandaríski tónlistarmaðurinn Alex, sem í gær hélt stutta tónleika og opnaði um leið sýningu í Smekkleysu Plötubúð, sem er til húsa í kjallara Kjörgarðs við Laugaveginn. Á föstudögum og laugardögum eru jafnan haldnir stuttir tónleikar í búðinni, þar sem margir af forvitnilegri tónlistarmönnum landsins hafa troðið upp.

Þeir Alex og Scott eru báðir Bandaríkjamenn. Alex er góður vinur Jónsa í Sigur Rós og er í stuttu stoppi hér á landi. Sýningin þeirra er innsetning sem samanstendur bæði af myndbandsverki og tónlist sem þeir félagar sömdu í sameiningu meðan þeir dvöldu á ónefndu fjalli á Ítalíu síðasta sumar.

„Við gerðum lítinn pakka með tveimur diskum, annars vegar er geisladiskur með 11 lögum og hins vegar diskur með tíu lögum,“ segir Alex, sem brátt þarf að hverfa af landi brott en ætlar að snúa aftur hið bráðasta.



**ALEX** Bandaríski tónlistarmaðurinn Alex lék í Smekkleysu Plötubúð í gær.

Í dag verða einnig tónleikar í búðinni og hefjast þeir klukkan 15. Þar verða á ferðinni tónlistarmaðurinn Þórir og raftónlistarmenn sem nefna sig ca. 1 og Potski.

### EKKI MISSA AF…

… sýningunni **Hratt og hömlulaust** í menningarmiðstöðinni Gerðubergi, sem lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni er leitast við að skyggnast inn í raunveruleika íslensku fjölskyldunnar.



… næstsíðasta **Hvíldardagskvöldinu** á Grand Rokk í vetur, sem verður annað kvöld. Sýndar verða heimildar- og tónleikakvikmyndir sem spanna 50 ár í sögu djassins. Gjörsamlega ómissandi fyrir djassgeggjara.

… leiksýningunni **Ausu** eftir Lee Hall, sem verður sýnd í síðasta sinn í Borgarleikhúsinu á sumardaginn fyrsta.

# Upplitað myrkur frá Gyrði

Tólfta ljóðabók Gyrðis Elíassonar er komin út hjá Máli og menningu. Bókin heitir Upplitað myrkur og hefur að geyma meira en fimmtíu ljóð á 68 blaðsíðum.

Gyrðir er eitt helsta skáld landsins og hefur áður sent frá sér fjölda verka af ýmsu tagi, ljóðabækur, skáldsögur og sagnasöfn. Hann er einnig ötull þýðandi, einkum bóka um og eftir ameríska frumbyggja, og hefur einnig þýtt þrjár af skáldsögum bandaríska rithöfundarins Richard Brautigan.

Gyrðir hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín, þar á meðal Stílverðlaun Þórbergs Þórðarsonar, Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000 fyrir Gula húsið og Menningarverðlaun DV fyrir bókmenntir. Þá hefur Gyrðir í tvígang verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. ■




**UPPLITAÐ MYRKUR** Ný ljóðabók Gyrðis Elíassonar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HILDUR Á PALLI** Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir lætur ýta fjórtán hljóðfæraleikurum á pöllum í kringum sig þegar verk hennar Merry Go Round verður frumflutt í Klink og Bank í dag.

# Klukka gerð úr hljóðum

Útskriftartónleikar Hildar Guðnadóttur frá Listaháskóla Íslands verða ekki beinlínis með hefðbundnu sniði. Fjórtán hljóðfæraleikarar flytja nýtt verk eftir hana, sem heitir Merry Go Round, og verða hljóðfæraleikararnir á hreyfanlegum pöllum sem ýtt er hringinn í kringum tónskáldið, sem sjálft leikur á selló og stjórnar raftónlistarþætti verksins.

„Ég er að búa til hljómklukku. Áhorfendur mynda skífu klukkunnar en ég verð í miðri skífunni. Ég er með eina hljóðið í verkinu sem er alltaf kyrrt. Hin hljóðfærin eru öll á hreyfingu og það sem áheyrendur heyra er mismunandi eftir því hvar þeir eru í salnum. Það er gert til að draga fram hvernig tíminn er í rauninni eins og vatnið, bara flæðir og flæðir.“

Hildur á ekki langt að sækja tónlistargáfuna né heldur frjótt ímyndunaraflið, því hún er dóttir þeirra Guðna Franzsonar tónskálds og klarinettuleikara og Ingveldar G. Ólafsdóttur dagskrárgerðarmanns hjá tónlistardeild Ríkisútvarpsins.

Verkið er útskriftarverk Hildar frá Nýmiðlabraut Listaháskólans. Hún er fyrsti nemandinn sem útskrifast frá Nýmiðlabrautinni, sem er tónsmíðabraut með sérstakri áherslu á raftónlist og aðra nýja miðla.

„Þetta er að miklu leyti spunaverk þar sem hljóðfæraleikararnir tákna í rauninni fólkið sem lifir í tímanum. Og þó mér finnist fólk þurfa að lifa mikið eftir klukku þá finnst mér samt að klukkan stjórni ekki því hvað maður gerir innan tímans. Ég vil sem sagt ekki stjórna fólkinu allt of mikið þó að ég stjórni klukkunni. Þetta verður því að miklu leyti lifandi spuni. Hljóðfæraleikararnir fá ákveðin fyrirmæli um hvað þeir eiga að spila en hafa samt um leið visst frelsi.“

Merry Go Round er viðamikil uppsetning, flutt í stórri hljóðmynd og dulmagnaðri lýsingu. Verkið tekur klukkustund í flutningi, eins og ætla má, þar sem áheyrendur eru faðmaðir hljóðum úr öllum áttum. Fjöldi aðstoðarmanna kemur að flutningnum, tæknimenn, ljósamenn og sleðahundar en einnig verður notast við nýjustu tækni – tölvur, hljóðkerfi og ljósabúnað.

„Ég hef verið að gera þetta mestallt sjálf. Ég hef verið að smíða pallana, verið bæði trésmiður og járnsmiður, en á síðustu metrunum bættust góðir vinir í hópinn og hjálpuðu mér með lýsingu og annað. Þetta hefur verið meiriháttar batterí að skipuleggja.“ ■




Mynd eftir Harold Bilson

Velkomin í Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Gallerii Fold við Rauðarárstíg og í Kringlunni.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalausu listmunalánunum.
Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Gallerii Fold
Opið laugardag, 11-16

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is


# Yndislegt indí

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Margir þekkja hina frábæru þætti Scrubs (Nýgræðingar), þar sem ungstirnið Zach Braff fer með aðalhlutverk sem viðkvæmur læknanemi með skothelt skopskyn. Enginn hafði efast um að hér væri kominn leikari sem ætti ágætis framtíð fyrir sér í sjónvarpi, og jafnvel kvikmyndum. En öllum að óvörum skrifaði hann heila bíómynd og leikstýrði henni ásamt því að leika aðalhlutverkið.

Þetta er kvikmyndin Garden State sem nú er sýnd hér á kvikmyndahátíð. Kvikmyndin fjallar um ungan leikara sem kemur aftur í heimabæ sinn eftir margra ára fjarveru til að vera viðstaddur jarðarför móður sinnar. Sökum sálarástands hefur hann verið á deyfilyfjum langmestan hluta ævi sinnar en ákveður við heimkomuna að hætta á þeim til að finna aðeins fyrir veruleikanum. Fyrir vikið kynnist hann gömlum vini sínum að nýju, verður skotinn í stelpu og sér einhvers konar tilgang í lífinu. Myndin hefur að vísu svolítið kunnuglega uppbyggingu en fallegar senur og hlýir karakterar skyggja nánast algerlega á þann smávægilega galla. Natalie Portman hittir í hjartastað að vanda og Peter Sarsgaard er einstaklega svalur sem besti vinurinn. Ég er viss um að stjarna hans er rétt byrjuð að rísa. Eitt er víst: Zach Braff kann að leikstýra. Hér er nefnilega á ferðinni frábært smábæjar-indí-drama sem á heima á sömu gæðahillu og You Can Count on Me og Virgin Suicides.

**Hugleikur Dagsson**



**GARDEN STATE**
SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
**LEIKSTJÓRI:** ZACH BRAFF
**AÐALHLUTVERK:** ZACH BRAFF, NATALIE PORTMAN, PETER SARSGAARD, IAN HOLM, METHOD MAN

**NIÐURSTAÐA:** Eitt er víst: Zach Braff kann að leikstýra. Hér er nefnilega á ferðinni frábært smábæjar-indí-drama sem á heima á sömu gæðahillu og You Can Count on Me og Virgin Suicides.

# Tilgangur lífsins

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

I Heart Huckabees er lauflétt gamanmynd sem fjallar um tilgang lífsins, en myndir sem taka fyrir þetta viðfangsefni verða eiginlega að vera gamanmyndir, því annars eiga þær á hættu að verða tilgerðarlegar. Þessi nýjasta mynd eftir David O. Russel, sem síðast gerði hina frábæru Three Kings, er það ekki. Hún er bara ótrúlega skemmtileg. Sem er merkilegt þar sem allar samræður myndarinnar eru existensíalískar vangaveltur og rökræður.

Þetta er svolítið eins og að vera fastur í heimspekitíma þar sem allir nemendurnir hafa eitthvað að segja og eru með skemmtilegan persónuleika. Jason Schwartzman leikur Albert, umhverfisverndarsinna í tilvistarkreppu sem leitar til existensíalískra einkaspæjara til að komast til botns í vandamálum sínum. Spæjararnir, sem leiknir eru af Lily Tomlin og Dustin Hoffman, vilja þá meina að krísa hans eigi rætur sínar að rekja til erkióvinar Alberts, Brad (Jude Law sem hér er í sinni fyrstu existensíalísku mynd síðan eXistenZ. Ha ha ha). Brad þessi er jakkaklæddur markaðsfulltrúi fyrir verslunarkeðjuna Huckabees og er reyndar sjálfur í tilvistarkreppu, þótt hann viti það ekki.



**I HEART HUCKABEES**

**LEIKSTJÓRI:** DAVID O. RUSSEL.
**AÐALHLUTVERK:** JASON SCHWARTZMAN, DUSTIN HOFFMAN, LILY TOMLIN, JUDE LAW, NAOMI WATTS, MARK WAHLBERG.

**NIÐURSTAÐA:** I Heart Huckabees er vægast sagt einstök mynd, þökk sé frábærri samvinnu handrits og leikara... Þetta er 106 mínútna heimspekinámskeið með Hollywood-stjörnum.

I Heart Huckabees er vægast sagt einstök mynd, þökk sé frábærri samvinnu handrits og leikara. Mark Wahlberg er sérstaklega fyndinn sem reiði slökkviliðsmaðurinn, Naomi Watts sýnir hér á sér enn eina hliðina sem brothætt fegurðardís og Dustin Hoffman verður bara betri og betri með aldrinum. Þetta er 106 mínútna heimspekinámskeið með Hollywood-stjörnum.

**Hugleikur Dagsson**

# Aðeins meiri kraft, takk

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

María Alvaraez er sautján ára gömul og býr við bág kjör ásamt móður sinni, systur og systursyni í smábæ í Kólumbíu. Hún vinnur í blómaverksmiðju sem er hálfgerð þrælakista, en sættir sig ekki við yfirgang verkstjórans og hættir. María er í tygjum við skussa sem hún vill, af skiljanlegum ástæðum, ekkert með hafa þegar hún verður ófrísk. Móðir hennar og systir treysta á hana til að framfleyta heimilinu og í örvæntingu sinni samþykkir hún að gerast burðardýr og smygla fíkniefnum til Bandaríkjanna. Maria kynnist Lucy, öðru burðardýri sem fer með til Bandaríkjanna, og þrátt fyrir lítil kynni myndast á milli þeirra sterk tengsl. Ferðin til Bandaríkjanna fer þó á annan og verri veg en til stóð.

Þetta er í stuttu máli söguþráður myndarinnar Maria, llena eres de gracia, eða María, full náðar eins og titillinn útleggst á íslensku. Þetta er fyrsta kvikmynd bandaríska leikstjórans Joshua Marston í fullri lengd. Marston er greinilega pólitískt þenkjandi og andi félagslegs raunsæis að hætti Ken Loach svífur yfir vötnum. Myndin lýsir á trúverðugan hátt ömurlegum aðstæðum unglings sem sér þann kost vænstan að stofna lífi sínu og framtíð í hættu til að brauðfæða fjölskyldu sína og reyna um leið að skapa sjálfri sér betri framtíð. Myndin er vissulega ádeilukennd þó Marston stígi sem betur fer aldrei í predikunarstólinn. Sterkustu atriði



**MARIA, LLENA ERES DE GRACIA**

SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
**LEIKSTJÓRI:** JOSHUA MARSTON
**AÐALHLUTVERK:** CATALINA SANDINO MORENO, YENNY PAOLA VEGA, GUILIED LOPEZ, JOHN ÁLEX TORO OG PATRICIA RAE.

**NIÐURSTAÐA:** Ágæt frumraun þó herslumuninn vanti. Bæði Joshua Marston og Catalina Sandino Moreno er trúandi til að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.

hennar eru þau sem sýna hvað burðardýr ganga í gegnum; sennilega varð öllum áhorfendum bumbult af því að horfa á Maríu kokgleypa 62 smokkahylki fyllt dópi, skila þeim af sér á baðkarsbrún og hreinsa með fingrunum.

Catalina Sandino Moreno leikur titilhlutverkið með prýði, en einn helsti ókostur myndarinnar er þó sá að það er erfitt að tengjast persónunum, ljósinu er frekar brugðið á aðstæðurnar. María, full náðar er ágæt frumraun og vel þess virði að sjá, en herslumuninn vantar til að hún dvelji lengi í huganum. Það er þó full ástæða til að hafa augun opin fyrir bæði Marston og Moreno í framtíðinni.

**Bergsteinn Sigurðsson**

## Viðburðir á IIFF 2005 í dag

**La mala educacion** eftir Pedro Almódóvar verður frumsýnd í Regnboganum klukkan **18.30**. Fele Martines, aðalleikari myndarinnar, mætir á staðinn og kynnir myndina.

Heimildarmyndin **Omagh,** eftir þá sömu og gerðu hina eftirminnilegu Bloddy Sunday, verður sýnd í Háskólabíói klukkan **20.00**. Myndin segir frá eftirmálum bílsprengjutilræðis í Omagh á N-Írlandi árið 1998. Aðalleikari myndarinnar Gerard McSorley og Michael Gallagher, sem missti son sinn í árásinni, verða viðstaddir sýninguna og svara spurningum áhorfenda.


# ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁRINNAR

**VILTU HAFA ÁHRIF?** **Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands boðar til ráðstefnu laugardaginn 11. júní 2005 á Hótel Loftleiðum.** Tilgangurinn er að leggja grunn að upplýstri umræðu um stjórnarskrána og umbætur á henni og kalla eftir hugmyndum frá félagasamtökum og almenningi sem munu nýtast þegar nefndin mótar tillögur sínar.

Að loknum almennum inngangserindum verða þrjár málstofur um málefni sem verða ofarlega á baugi í endurskoðunarvinnunni: Lýðræði, þrískiptingu ríkisvalds og stöðu Íslands í alþjóðlegu umhverfi.

Í hverri málstofu gefst almennum félagasamtökum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir sem vilja nýta þennan möguleika til formlegrar þátttöku eru beðnir um að senda bréf til nefndarinnar ekki síðar en **15. maí 2005** þar sem fram kemur (a) í hvaða málstofu þeir vilja taka þátt og (b) hver séu helstu stefnumál þeirra varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar.

## „STJÓRNARSKRÁ TIL FRAMTÍÐAR“

**Hótel Loftleiðum**
laugardaginn 11. júní 2005

**09.00** Setning ráðstefnunnar
Ávarp – Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar

**09.15** MEGINMARKMIÐ ENDURSKOÐUNAR
Til hvers stjórnarskrá?
– Páll Skúlason, prófessor
Stjórnarskráin í sögulegu ljósi: 1874–2005
– Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
Stjórnskipunarþróun í Evrópu frá stríðslokum
– Páll Þórhallsson, lögfræðingur
Umræður

**10.45** Kaffihlé

**11.00** 1. MÁLSTOFA: LÝÐRÆÐI Á UPPLÝSINGAÖLD
Inngangur - Eiríkur Tómasson, prófessor
Félagasamtök hafa orðið
Viðbrögð fulltrúa stjórnarskrárnefndar
Umræður

**12.30** Hádegisverðarhlé

**13.30** 2. MÁLSTOFA: ÞRÍSKIPTING RÍKISVALDS – PÓLITÍSK FORYSTA – VIRKT EFTIRLIT
Inngangur – Kristján Andri Stefánsson, lögfræðingur
Félagasamtök hafa orðið
Viðbrögð fulltrúa stjórnarskrárnefndar
Umræður

**15.00** Kaffihlé

**15.30** 3. MÁLSTOFA: ÍSLAND Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI
Inngangur – Björg Thorarensen, prófessor
Félagasamtök hafa orðið
Viðbrögð fulltrúa stjórnarskrárnefndar
Umræður

**17.00** Ráðstefnuslit
Ávarp – Geir H. Haarde, varaformaður stjórnarskrárnefndar



NEFND UM ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
Forsætisráðuneytið / Stjórnarráðshúsinu / 150 Reykjavík
Allar nánari upplýsingar á www.stjornarskra.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
EDITH PIAF
ÖRFÁ SÆTI LAUS Í MAÍ!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 17/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, sun. 8/5. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Sun. 17/4 **uppselt**, fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4 **uppselt**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 **uppselt**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**




# List leikarans

**LEIKLIST**
VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Koddamaðurinn**
Þjóðleikhúsið / Litla sviðið

**Höfundur:** Martin McDonagh **Þýðing:** Ingunn Ásdísardóttir **Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson **Leikmynd og búningar:** Vytautas Narbutas **Lýsing:** Björn Bergsteinn og Ásmundur Karlsson **Tónlist:** Sigurður Bjóla **Brúðugerð:** Bernd Ogrodnik **Leikarar:** Rúnar Freyr Gíslason, Arnar Jónsson, Sigurður Sigurjónsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Helga E. Jónsdóttir, Randver Þorláksson og Birna Sigurðardóttir

**NIÐURSTAÐA:** Leikur Rúnars Freys er ekkert annað en tær snilld og Þórhallur sýnir okkur hér að hann er einn okkar bestu leikstjóra.



**KODDAMAÐURINN** Í Koddamanninum leikur Rúnar Freyr Gíslason rithöfund sem er handtekinn vegna þess að atburðir í smásögum hans minna óþægilega mikið á hryllilega glæpi sem framdir hafa verið.

Á Litla sviðinu í kjallara íþróttahúss Jóns Þorsteinssonar má upplifa sterkt, áhrifamikið og áleitið leikrit ungs leikskálds. Martin McDonagh er mikill og góður sögumaður, rétt eins og Katurian í leikritinu. Hann hlífir hvorki sjálfum sér né samtíma sínum og skilur áhorfandann eftir með stórar spurningar.

Það væri sóun á plássi að fara náið út í efni leikritsins. Áhorfendur verða að fara í leikhúsið og upplifa það sjálfir. Þegar gengið er í salinn blasir við kaldranaleg sýn sem kveikir hugrenningatengsl um alræðisríki í Austur-Evrópu (nöfn persónanna gefa það sterklega til kynna) og gefur tóninn strax. Glettilega vel hönnuð leikmynd hjá Vytautas Narbutas sem virðist stækka rýmið og lýsingin ber Birni og Ásmundi fagurt vitni.

Verk höfundarins gerir gríðarlegar kröfur til listamannanna. Fyrst ber að nefna áheyrilega þýðingu Ingunnar á hinum magnaða texta skáldsins en svo hlýtur maður að beina sjónum að því hvernig leikstjórinn nálgast verkið. Fáir leikstjórar fara í skóna hans Þórhalls þegar kemur að gagnvirkri sköpun leikstjóra og leikara.

Hér sannast enn og aftur að það eina sem leikhúsið getur ekki verið án er leikarinn. Smærri hlutverk eru öll fagmannlega af hendi leyst en þessi sýning er fyrst og síðast sigur leikstjórans og þeirra leikara sem mest mæðir á. Leikstjórnin er hárfín, hvert atriði þaulhugsað og gegnumprófað á æfingum og augljóst að leikararnir hafa notað æfingatímann vel.

Sigurður Sigurjónsson var hreinasta afbragð og löngu kominn tími til að sjá hann í alvöru dramatískum hlutverkum. Ekki þar fyrir að hann væri ekki fyndinn líka. Það stafaði ógn af honum allan tímann og honum fataðist hvergi í túlkun sinni á grimmdarseggnum Ariel.

Arnar Jónsson var lævís, lipur og áreynslulaus í Tupolski. Hann naut þess að vera sá sem valdið hefur og eins og flinkum leikara sæmir vafði hann textanum um sig eins og fínu áferðarfallegu sjali. Hann íklæddist persónu sinni og átti áhrifaríkasta augnablikið í sýningunni í lengstu og má vera einu dramatísku þögninni í allri sýningunni.

Þröstur Leó Gunnarsson fór með hlutverk Michals sem telst vera með þroskafrávik. Í þessu hlutverki hefði verið auðvelt að ofleika með grettum og geiflum en Þröstur fer aðra og mun fallegri leið í sköpun sinni á hinum veika bróður Katurians og senan milli þeirra bræðra er falleg og vel skrifuð. Michal vekur með manni bæði samúð og óhug. Þröstur spilar á alla strengi leikarans og skilar persónunni heilli í höfn á listilega hófstilltan hátt.

Rúnar Freyr Gíslason leikur Katurian, aðalpersónu verksins. Katurian er rithöfundur sem hefur skrifað margar smásögur sem allar eru óbirtar utan ein. Leikritið snýst um yfirheyrslur yfir honum um hvort sögur hans séu orsök morða sem framin eru eða hvort hann sjálfur sé ef til vill ódæðismaðurinn. Ofnotkun stórra lýsingarorða hefur tilhneigingu til að verðfella merkingu þeirra en ég verð að segja að leikur Rúnars Freys er ekkert annað en tær snilld. Hann lifir persónu sína fullkomlega með sterkri líkamlegri nærveru, tilfinningaríkri túlkun og mátulegri þjáningu. Svona öguð og sterk einbeiting er hverjum leikara nauðsyn til að komast í gegnum svona rullu en ég trúi líka að hann hafi notið styrkrar leikstjórnar af hálfu Þórhalls, sem sýnir okkur hér að hann er einn okkar bestu leikstjóra. Um það verður ekki deilt.

Brúður Bernds Ogrodnik eru svo kapítuli út af fyrir sig en fæst orð bera minnsta ábyrgð. Sjón er sögu ríkari. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir*
*Í kvöld* kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **UPPSELT,**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14, Su 1/5 kl 14
Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 17/4 kl. 20, Fö 22/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,** Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,** Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fi 5/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Í kvöld kl 20, Fö 22/4 kl 20,
Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

■ **TÓNLIST**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**TONY THE PONY** Frá vinstri: Jakob Pálmi Pálmason (gítar), Rafnar Orri Gunnarsson (söngur og gítar), Reynir Aðalsteinn Hannesson (trommur) og Bjarni Sigurólí Jakobsson (bassi).

# Styrktartónleikar vegna rokk.is

Húsvíska hljómsveitin Tony the Pony spilar á tónleikum í Hellinum, Tónlistarþróunarmiðstöðinni í kvöld ásamt Jakobínarínu, sem vann Músíktilraunir á dögunum, Lokbrá, Coral, Mammút og Big Kahuna ásamt leynigesti.

Um er að ræða styrktartónleika vegna heimasíðunnar rokk.is í tilefni þess að nýlega var 2000. lagið sent inn á síðuna til hlustunar. Ákváðu liðsmenn Tony the Pony að skipuleggja tónleikana en þeir þekkja vel þann sem starfrækir síðuna, sem einnig er Húsvíkingur. „Þessi síða er algjörlega nauðsynleg og mjög gott framtak," segja liðsmenn Tony, sem sjálfir hafa sett inn nokkur lög á síðuna. „Það er fullt af böndum sem hafa grætt mikið á síðunni og fengið góða umfjöllun. Það er líka nýkomið gagnrýnendakerfi sem virkar mjög vel," segja þeir.

Tony the Pony er skipuð fjórum 16-18 ára piltum og var stofnuð fyrir þremur árum. Sveitin náði þriðja sæti í Músíktilraunum í fyrra og tók upp lagið Sýnþín í kjölfarið. Er það að finna á fyrstu stuttskífu sveitarinnar, ÍPÍ, sem kom út skömmu fyrir jólin. „Við erum núna að æfa og taka upp fyrir breiðskífu," segja þeir. Vinnan fer fram í þeirra eigin stúdíói, Pony, enda er sveitin ekki enn komin með útgáfusamning á borðið.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 19.00 og er aðgangseyrir 800 krónur. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**
13 14 15 **16** 17 18 19

**Fimmtudagur**

### ■ ■ KVIKMYNDIR

☐ 16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir í Bæjarbíói, Hafnarfirði, ítölsku kvikmyndin **Anna** frá árinu 1951 eftir Alberto Lattuada. Myndin sýnd var í Bæjarbíói árið 1954 og er ein af goðsögnunum í sýningarsögu bíósins.

### ■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 15.00 **Þórir** og **ca. 1 og Potski** spila í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

☐ 15.00 Karlakórinn **Fóstbræður** heldur sína árlegu vortónleika í Langholtskirkju. Með kórnum syngja einsöng þeir **Davíð Ólafsson, Stefán Helgi Stefánsson, Þorsteinn Guðnason, Þráinn Sigurðsson** og **Friðrik Snorrason**. Stjórnandi kórsins er **Árni Harðarson**, en **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** leikur á píanó.

☐ 17.00 **Elísabet Waage** hörpuleikari og **Kolbeinn Bjarnason** flautuleikari halda tónleika í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði. Tónlistin er að mestu samin austur í Asíu.

☐ 19.00 **Mammút, Jakobínarína, Big Kahuna, Tony the Pony, Coral** og **Lokbrá** koma fram ásamt sérstökum leynigesti á styrktartónleikum fyrir rokk.is, sem haldnir verða í Hellinum, Tónlistarþróunarmiðstöðinni úti á Granda.

☐ 20.00 Útskriftartónleikar **Hildar Ingveldardóttur Guðnadóttur** frá Listaháskóla Íslands verða haldnir í Klink og Bank, þar sem 14 hljóðfæraleikarar frumflytja hljómklukkuna Merry Go Round í stórri hljóðmynd og dulmagnaðri lýsingu.

☐ Hljómsveitin **Bermuda** spilar á **Gauki á Stöng**.

■ LISTSÝNING

# Rósettur og sterkir litir

Þessa dagana stendur yfir sýning á verkum Ólafar Bjargar á veggjum veitingastaðarins Energia í Smáralind. Þar sýnir Ólöf Björg akrýlverk á striga.

„Ég hef verið að nota rósettur og ýmsa hluti í myndirnar. Sumar þeirra eru mjög stílhreinar, en aðrar snúast meira um konur og tilfinningar. Það eru sterkir litir í þeim, bleikt og rautt og svart.“

Ólöf Björg hefur lært myndlist bæði hér á landi, á Spáni og í Suður-Kóreu þar sem hún var jafnan nefnd „Jetinn“.

Sýningin stendur til loka aprílmánaðar. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÓLÖF BJÖRG** Sýnir verk sín í Smáralind.

■ MYNDLISTARSÝNING

# Farfuglar í Norræna húsinu

Í Norræna húsinu hefur undanfarnar vikur staðið yfir sýning á verkum sex norrænna listamanna. Þar sýna Íslendingarnir Björg Þorsteinsdóttir og Kristín Jónsdóttir, Danirnir Torben Heron og Felix Pedersen og Finnarnir Kirsi Jaakkola og Timo Lintula.

„Aldurinn á sýnendum er frá 28 til sjötugs og það eru jafn margir karlar og konur, þannig að með okkur er mikið jafnræði, bæði í aldri og kynjum,“ segir Björg Þorsteinsdóttir, sem fékk það hlutverk að sjá um framkvæmd sýningarinnar hér á landi.

„Við höfðum flest sýnt saman í útlöndum. Finnarnir höfðu svo mikinn áhuga á Íslandi og þessi sýning spannst síðan utan um þennan áhuga þeirra.“

Á sýningunni eru málverk og verk unnin á pappír með blandaðri tækni.

Það sem sameinar þátttakendur er tengsl þeirra við náttúruna. Það er þó ekkert eitt sem vekur áhuga þeirra; það getur verið endurtekin hringrás lífs og dauða, hið dulda og óræða í náttúrunni eða varðveisla hennar sem verður þungamiðjan í verkunum. Í meðförum sumra er náttúruhugtakið víkkað og nær til hins manngerða umhverfis. Aðrir sjá náttúruna í endurteknum hreyfingum og formum eða samspili lita og ljóss.

Sýningin verður opin í eina viku í viðbót. Henni lýkur 24. apríl. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÍSLENSKU FARFUGLARNIR** Björg Þorsteinsdóttir og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá eru fulltrúar Íslands á samsýningu norrænna listamanna í Norræna húsinu.

## ■ OPNANIR

☐ 14.00 Sýningin **Ung og efnileg: myndasögur framtíðarinnar** verður opnuð í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi. Á sýningunni sýna á annan tug ungra myndasöguhöfunda og -teiknara verk sín.

☐ 14.00 **Baldvin Ringsted** opnar myndlistarsýningu á Café Karólínu í Listagilinu á Akureyri.

☐ 14.30 Sýningin "Vatnsheimar" á verkum **Mireyu Samper** verður í galleríinu og listverslunni YZT að Laugavegi 40.

## ■ SKEMMTANIR

☐ 21.00 Tríóið **Cuesta Arriba** frá Buenos Aires leikur á tangóballi í Iðnó.

☐ **Bogomil Font** og **Milljónamæringarnir** skemmta í Oddvitanum á Akureyri.

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit leika á Ránni í Keflavík.

☐ Rokksveitin **Svörtu Zapparnir** mun troða upp á skemmtistaðnum Amsterdam.

☐ Dúettinn **Halli og Kalli** skemmta á Ara í Ögri.

☐ **Tveir snafsar** skemmta á Celtic Cross með lifandi tónlist og gömlu og góðu lögin.

☐ Hljómsveitin **Pónik** og **Einar** leika fyrir dansi á Kringlukránni.

## ■ FYRIRLESTRAR

☐ 14.00 **Þorsteinn Vilhjálmsson** fjallar um Einstein og söguna í fyrirlestri sínum í Háskólabíói í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá því Einstein setti fram afstæðiskenningu sína.

## ■ FUNDIR

☐ 13.00 Málþing um akstur utan vega verður haldið á vegum Umhverfisstofnunar og Landverndar í Norræna húsinu í Reykjavík.

☐ 16.00 Samtökin **Vinir Afríku** verða með kynningarfund fyrir sjálfboðaliða á Litla ljóta andarunganum í Lækjargötu 6b. Allir velkomnir.

## ■ SAMKOMUR

☐ 13.00 **Félag áhugafólks og aðstandenda Alzeimerssjúklinga** og annarra skyldra sjúkdúma (FAAS) efnir til hátíðarfundar í safnaðarheimili Háteigskirkju í tilefni af 20 ára afmæli félagsins. Flutt verða stutt erindi er snerta málefni heilabilaðra, skemmtiatriði og veitingar í boði afmælisbarnsins.

☐ 22.00 Vorfagnaður **Breiðfirðingafélagsins** verður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. **Miðaldamenn** frá Siglufirði sjá um fjörið. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

PIZZERIA BAR & GRILL

Hinir einu sönnu Pónik og Einar um helgina

www.kringlukrain.is

Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund í mat og drykk

Fimmtudagur 21. apríl FRUMSÝNING kl. 14.00
- Sumardagurinn fyrsti

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| - Uppstigningardagur | | | |
| Laugardagur | 7. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 8. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

MIÐASALAN hefst 1. apríl á www.borgarleikhus.is og í síma 568 8000

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Sveppi er KALLI Á ÞAKINU
Eftir Astrid Lindgren

Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

Glucomed
BYGGIR UPP LIÐBRJÓSK

Fyrir fólk með liðkvilla vegna slitgigtar eða yfirálags



Fæst í apótekum

dans í klink&bank



Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins í samstarfi við KlinK&BanK sýnir

játningar minnisleysingjans

eftir Jóhann Frey Björgvinsson

Sunnudaginn 17. apríl
klukkan 17.00 í KlinK&BanK
Miðaverð 500 kr. Greitt við inngang
*Aðeins þessi sýning!*

KlinK&BanK
Landsbankinn
[id] íslenski dansflokkurinn

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Koddamaðurinn
Hryllilegt og fyndið!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓLA-BANKINN AUGLÝSIR:



Fundarstóll
Verð: Kr. 4,900,-
Auðvelt að stafla



Verð: Kr. 12,450,-
Roma



Wien
Verð: Kr. 12,450,-



Hilton
Verð: Kr. 12,450,-



Myra
Verð: Kr. 7,450,-



Klasik
Verð: Kr. 7,450,-



Franz
Verð: Kr. 7,450,-



Tuana
Verð: Kr. 7,450,-



Violet
Verð: Kr. 7,450,-

Gullrún ehf.
sími: 577 2577
Fax: 577 2575
Bíldshöfða 16 - Reykjavík
e-mail: eikin@islandia.is













# Jude og Sienna gengin í það heilaga?



**JUDE LAW OG SIENNA MILLER** Leikkonan unga virðist hafa áttað sig á kostum þess að vera eiginkona Jude Law og heimildir herma að þau hafi gift sig í laumi.

Samkvæmt fréttum frá Englandi eru Jude Law og Sienna Miller loksins gift. Mikil leynd mun hafa hvílt yfir athöfninni en sjónarvottar segjast hafa séð gullhring á baugfingri Miller. Koma þessar fréttir nokkuð á óvart því ekki er langt síðan Miller lýsti því yfir að henni fyndist þau hafa farið of geyst og að hún vildi taka hlutunum með meiri ró. Virðist Law því hafa getað sannfært Miller um að lífið væri ekki búið þó að í hjónabandið væri komið og að hann væri heppilegur eiginmaður fyrir hana. Hafði Law áður varað unnustu sína við því að eyða ekki of miklum tíma í skemmtanalíf London og lagði ríka áherslu á að hann vildi stofna fjölskyldu með leikkonunni ungu. Hjónakornin eru nú í óða önn að koma sér fyrir í fjögurra herbergja íbúð í Maida Vale í London. ■






## STÖÐ 2 BÍÓ



**Vanilla sky. David Aames (Tom Cruise) tekur ríkidæmið sitt sem sjálfsagðan hlut en fljótt skipast veður í lofti.**

**6.15** Cocktail (Bönnuð börnum) **8.00** Home Alone 4 **10.00** Tuck Everlasting **12.00** Pokémon 3: The Movie **14.00** Home Alone 4 **16.00** Tuck Everlasting **18.00** Pokémon 3: The Movie **20.00** Cocktail (Bönnuð börnum) **22.00** Vanilla Sky (Bönnuð börnum) **0.15** Highlander: Endgame (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** XXX (Bönnuð börnum) **4.00** Vanilla Sky (Bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **13.00** Bravó **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **16.00** Bravó **18.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Næturssjónvarp

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**CATE LEIKUR Í VERONICA GUERIN Á STÖÐ 2 KL. 21.10 Í KVÖLD.**

## *Réð ríkjum í Ástralíu*

Catherine Elise Blanchett fæddist 14. maí árið 1969 í Melbourne í Ástralíu. Hún á ástralska móður og föður frá Texas þannig að hún kynntist mismunandi menningarheimum í uppvextinum.

Cate kynntist leiklistinni fyrst þegar hún gekk í leiklistarhóp í miðskóla. Í háskólanum í Melbourne lærði Cate listasögu áður en hún ákvað að flytjast til Englands að læra meira. Eftir Englandsdvölina ferðaðist hún um Egyptaland og fékk aukahlutverk í mynd sem var tekin þar. Eftir ferðalagið byrjaði Cate í virtum leiklistarskóla í Sidney. Hún útskrifaðist með miklum sóma en eitt af fyrstu tækifærum hennar í leikhúsi var þegar hún lék með Geoffrey Rush í Oleanna þar sem hún fékk gagnrýnendaverðlaun í Sidney fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

Hún réð ríkjum í áströlsku leikhúsi og sjónvarpi en árið 1997 uppgötvuðu Bandaríkjamenn hana þegar hún lék í Oscar og Lucinda á móti Ralph Fiennes.

Aðeins ári seinna lék hún Elísabetu Englandsdrottningu í Elizabeth og vann hún mörg verðlaun fyrir það hlutverk og var tilnefnd til Óskarsverðlauna.



Eftir Elizabeth fékk Cate hvert hlutverkið á fætur öðru og árið 1999 lék hún í Pushing Tin, An Ideal Husband og The Talented Mr. Ripley. Næsta ár voru það kvikmyndirnar The Gift, The Man Who Cried og Bandits, Charlotte Gray og The Shipping News árið eftir. Síðan þá hefur frægðarsól hennar aðeins risið og fékk hún Óskarsverðlaun á árinu fyrir hlutverk sitt í The Aviator.

**Þrjár bestu myndir Cate:** **Elizabeth** – 1998 **The Lord of the Rings: The Two Towers** – 2002 **The Aviator** – 2004



▶ **21.00** *Söngur*

**Söngkeppni Félags framhaldsskólanema. Bein útsending frá keppninni sem fer fram í íþróttahöllinni á Akureyri.**



▶ **21.10** *Bíó*

**Veronica Guerin. Blaðakonan Veronica Guerin starfaði hjá Sunday Independant í Dyflinni og rannsakaði eiturlyfjakónga.**



▶ **14.00** *Fótbolti*

**Enski boltinn. Bein ústending frá leik Liverpool og Tottenham.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga **8.12** Bubbi byggir **8.22** Brummi **8.35** Komdu að leika (1:26) **9.01** Fræknir ferðalangar (33:52) **9.25** Ævintýri H.C Andersens (23:26) **9.57** Kattalíf (2:6) **10.05** Gæludýr úr geimnum (12:26) **10.30** Stundin okkar

**11.00** Kastljósið **11.30** Óp **12.00** Ljóti greifingjahundurinn **13.35** Fjölskyldan fer í fríið **15.10** Skipstjórinn og skonnortan hans **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta. Úrslitakeppnin, undanúrslit kvenna, oddaleikur, bein útsending. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40** **Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

**20.30** **Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

▶ **21.00** **Söngkeppni Félags framhaldsskólanema** Bein útsending frá keppninni sem fram fer á Akureyri. Dagskrárgerð og stjórn útsendingar: Helgi Jóhannesson og Ragnar Santos.

**23.25** Elskhugi að atvinnu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **0.50** Að vera John Malkovich **2.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Jellies, The, Póstkort frá Felix, Músti, Í Erlilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Engie Benjy 1 + 2, Ronja ræningjadóttir)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Joey (8:24) **14.10** Það var lagið **15.05** Kevin Hill (2:22) **15.50** Eldsnöggt með Jóa Fel IV **16.20** Sjálfstætt fólk **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Íþróttir og veður**

**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?)

**19.40** **Right on Track** (Á beinu brautinni) Systurnar Erica og Courtney eiga þá ósk heitasta að verða kappaksturshetjur. Þær taka þátt í kvartmílukeppnum fyrir krakka en fordómarnir eru miklir. Sumum finnst að stelpur eigi bara að vera í dúkkuleik! Aðalhlutverk: Beverly Mitchell, Brie Larson, Jon Lindstrom. Leikstjóri: Duwayne Dunham. 2003.

▶ **21.10** **Veronica Guerin** Blaðakonan Veronica Guerin starfaði hjá Sunday Independant í Dyflinni. Í hálft annað ár rannsakaði hún umsvif og aðferðir eiturlyfjakónganna í borginni en upplýst var um starfsemi þeirra árið 1996. Aðalhlutverk: Cate Blanchett, Gerard McSorley, Ciarán Hinds. Bönnuð börnum.

**22.45** **The Fisher King** (Bilun í beinni útsendingu) Sjálfumglaður útvarpsmaður lendir í ræsinu eftir að hafa átt hlut að harmleik og kemst í kynni við sérlundaðan furðufugl sem hefur búið um sig í undirheimum stórborgarinnar. Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Robin Williams, Amanda Plummer. Leikstjóri: Terry Gilliam. 1991. Stranglega bönnuð börnum.

**1.00** Behind Enemy Lines (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** La Tregua (Bönnuð börnum) **4.35** Fréttir Stöðvar 2 **5.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.10** Þak yfir höfuðið (e) **13.00** Upphitun (e) **13.30** Á vellinum með Snorra Má ▶ **14.00** Liverpool – Tottenham **16.05** Charlton – Bolton **18.00** Djúpa laugin 2 (e)

**19.00** **Survivor Palau (e)**

**20.00** **Girlfriends** Joan en þó aðallega vinkonur hennar halda að hún sé ólétt.

**20.20** **Ladies Man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.

**20.40** **The Drew Carey Show** Lewis og Oswald koma Drew í vanda á kaffiteríunni með því að gefa honum bjór. Drew verður leiður á öllum leiðindunum og ákveður að hætta.

**21.00** **Spies Like Us** Gamanmynd frá 1985 með Dan Aykroyd og Chevy Chase í aðalhlutverkum. Skrifstofublókir hjá leyniþjónustu, sem eru orðnir hundleiðar, vilja fá alvöru njósnarastarf. Ósk þeirra rætist en þá verður fjandinn laus.

**22.40** **The Swan – tvöfaldur úrslitaþáttur (e)**

**0.10** Jack & Bobby (e) **0.55** Judge Dredd **2.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**

Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**

**12.30** Motorcycling: Grand Prix Portugal **14.15** Motorcycling: Master of Endurance Le Mans 24 Hours France **14.45** Snooker: World Championship Sheffield **16.30** Motorcycling: Master of Endurance Le Mans 24 Hours France **17.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.45** Tennis: WTA Tournament Charleston **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**

**12.00** Doctors **14.00** The Good Life **14.30** Dad's Army **15.00** Top of the Pops **15.30** Top of the Pops 2 **15.55** The Weakest Link:eurovision Special **16.45** Friends Like These **17.40** Casualty **18.30** Born to Be Wild: Chimpanzee Challenge With Nicholas Lyndhurst **19.30** Kathleen Ferrier: an Ordinary Diva **20.30** Happiness **21.00** Shooting Stars **21.30** Top of the Pops **22.00** Top of the Pops 2 **22.30** The Office **23.00** Percy Pilcher's Flying Machine **0.00** Antarctica **1.00** Brain and Behaviour

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Seven Deadly Strikes **13.00** The Beauty of Snakes **14.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Pet Star **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** The Most Extreme **19.00** Profiles of Nature **20.00** The Jeff Corwin Experience **21.00** O'Shea's Big Adventure **22.00** Dolphinmania **23.00** Growing Up... **0.00** Big Cat Diary

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When the Whales Came **14.00** Megastructures **15.00** Air Crash Investigation **16.00** Great Bear Rainforest **17.00** Battlefront **18.00** Seconds from Disaster **19.00** Great Bear Rainforest **20.00** Atanarjuat – The Fast Runner **23.30** Kandahar

**DISCOVERY**

**12.00** Ray Mears' Extreme Survival **13.00** Mythbusters **14.00** Speed Machines **15.00** Flying Heavy Metal **15.30** Rivals **16.00** Super Structures **17.00** Blue Planet **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** World Biker Build-Off **22.00** Trauma **23.00** The History of Plastic Surgery **0.00** Mind Body and Kick Ass Moves

**MTV**

**12.00** Cribs **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Cribs **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Made **22.00** So '90s **23.00** Just See MTV

**VH1**

**15.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Retro Sexual **20.00** When Playboy Ruled the World **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**

**12.10** Spectacular Spas **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** It's a Girl Thing **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** The Race **0.00** Fashion House **0.30** Vegging Out

**E! ENTERTAINMENT**

**12.00** Gastineau Girls **13.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Love is in the Heir **19.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Gastineau Girls **0.00** Love is in the Heir

**CARTOON NETWORK**

**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**

**12.20** Digimon I **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**

**12.05** Stranger,the **13.40** Martin's Day **15.20** Pieces of Dreams **17.00** To Kill for **18.35** Midsummer Night's Sex **20.05** I Start Counting **21.50** War Hunt, the **23.15** Betsy, the **1.20** Rosebud

**TCM**

**19.00** They Were Expendable **21.15** The Fighting 69th **22.35** Ada **0.20** Boys Town **1.45** Murder Ahoy **3.15** No Guts, No Glory: 75 Years of Stars










## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANEMA *Rúv* kl. 21.00

## Á þriðja tug skóla taka þátt

*Anna Katrín Guðbrandsdóttir, Idol-stjarna, vann keppnina árið 2003.*


Anna Katrín Guðbrandsdóttir.

Í kvöld verður bein útsending frá hinni árlegu Söngkeppni Félags framhaldsskólanema sem fram fer í Íþróttahöllinni á Akureyri. Þetta er í sextánda sinn sem Félag framhaldsskólanema stendur fyrir söngkeppninni og jafnoft hefur Sjónvarpið sýnt frá henni. Mikið er lagt í keppnina að þessu sinni og mun á þriðja tug skóla senda fulltrúa í hana. Fjöldi þjóðþekktra söngvara hefur stigið sín fyrstu spor í sviðsljósinu í þessari keppni og það er aldrei að vita nema ný stjarna fæðist í kvöld.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„That kiss belongs in a box, so I can show my grandkids one day."**

**Svar:** Imogen úr kvikmyndinni Down to You frá árinu 2000.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Dýraþátturinn e.

**16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar **18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Frá hugmynd að veruleika **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Gylltir fjötrar **15.20** Með skaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Með tónlistina að vopni

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Rölt á milli grafa **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Flugufótur **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**8.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Henný Árna

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bjarni Ólafur - Danspartý Bylgjunnar

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**11.00** *Íþróttir*

**Undanúrslit bikarkeppninnar. Bein útsending frá leik Arsenal og Blackburn.**

## SÝN

**9.40** Veitt með vinum **10.30** Enski boltinn **11.00** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Arsenal og Blackburn Rovers í undanúrslitum bikarkeppninnar.

**13.10** Bestu bikarmörkin **14.10** UEFA Champions League (Meistaradeildin – (E)) **15.50** Fifth Gear **16.20** Inside the US PGA Tour 2005 **16.45** The World Football Show **17.15** World Supercross **18.10** Enski boltinn (Arsenal – Blackburn)

**19.50** **Spænski boltinn** (La Liga) Bein útsending frá spænska boltanum en um helgina mætast eftirtalin félög: Albacete – Malaga, Atl. Madrid – Espanyol, Barcelona – Getafe, Racing – Bilbao, Sociedad – Deportivo, Sevilla – Osasuna, Zaragoza – Numancia, Levante – Real Madrid, Mallorca – Valencia og Villarreal – Betis.

**21.50** **Hnefaleikar** (Erik Morales – Manny Pacquiao) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru fjaðurvigtarkapparnir Erik Morales og Manny Pacquiao. Áður á dagskrá 19. mars 2005.

### HALLMARK

**12.45** Love Or Money **14.15** Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart **16.00** The Flamingo Rising **17.45** Just Cause **18.30** MacShayne: Final Roll of the Dice **20.00** Arthur Hailey's Detective **21.30** My Own Country **23.15** Arthur Hailey's Detective **0.45** MacShayne: Final Roll of the Dice **2.15** My Own Country

### BBC FOOD

**12.00** Sophie's Weekends **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Wild and Fresh **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **15.30** Ready Steady Cook **16.00** James Martin Delicious **16.30** Worrall Thompson **17.00** Sophie's Sunshine Food **17.30** Tamasin's Weekends **18.00** Jancis Robinson's Wine Course **18.30** Capital Floyd **19.00** Sophie's Sunshine Food **19.30** Nigella Bites **20.00** Nigel Slater's Real Food **20.30** Ainsley's Meals in Minutes **21.00** Who'll Do the Pudding? **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.00** Det perfekte par **13.30** Muppet Show **14.00** Boogie Listen **15.00** Ungefair **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Den hvide sten **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Tæt på Dyrene **18.00** aHA! **18.45** S¢nnen fra Vingården **20.15** Columbo **21.50** On the Edge **23.10** Boogie Listen

### SV1

**12.00** Djursjukhuset **12.30** Mat/Niklas **13.00** Helt historiskt **13.30** Innebandy: SM-final **16.00** BoliBompa **16.01** Disneydags **17.00** Livet enligt Rosa **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Wild Kids **19.00** Ulveson och Herngren **19.30** Kalla spår **20.15** Hitler – ondskans natur **21.45** Rapport **21.50** Sixties **22.20** Up at the Villa **0.15** Sändningar från SVT24





Hobby
Vinsælustu hjólhýsi Evrópu



Glæsilegar innréttingar einkenna Hobby hjólhýsin

Sýning um helgina
Hjólhýsi, húsbílar og pallhýsi



Hobby

Sýningin er í Knarrarvogi 4
Opið laugardag frá kl. 13.00–17.00
og sunnudag frá kl. 13.00–17.00



McLOUIS



Sun-Lite

Njóttu íslenskrar náttúru í þægilegu umhverfi

Hjá okkur færðu fyrsta flokks Hobby hjólhýsi með öllum þægindum. Innréttingarnar eru einstaklega fallegar og vandaðar. Undraverð hjólhýsi á betra verði en við mætti búast.

Komdu og sjáðu vönduðu pallhýsin frá Sun-Lite. Það er skemmtilegt að geta breytt pallbílnum í þægilegan ferðabíl.

Húsbílarnir frá McLouis eru góð lausn fyrir þá sem eru mikið á ferðinni og vilja njóta fyrsta flokks gistingar hvar sem þeir eru.

NETSALAN
Þitt ferðaval

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Netsalan ehf · Knarrarvogi 4 · 104 Reykjavík · Sími: 517 0220 · Fax: 517 0221 · info@netsalan.com · www.netsalan.com



## HRÓSIÐ

*...fær hljómsveitin Trabant fyrir að endurvekja stemningu níunda áratugarins en á nýrri plötu Trabant, Emotional, má heyra tónlist í anda þess tímabils og minnir hljómurinn helst á hinn mikla Prince.*

## INNI



**Vortónlist.** Sum tónlist er alveg upplögð til þess að hlusta á þegar líða tekur á vorið. Núna eru einungis nokkrir dagar í sumardaginn fyrsta svo það hlýtur að vera komið vor. Besta vortónlistin er The Shins, Belle and Sebastian, The Zombies, Polyphonic Spree, Simon and Garfunkel, Kings of Convenience og bara öll tónlist sem kemur manni í sólskinsskap.



**Sumarkjólar.** Kannski ef allar konurnar í Reykjavík koma saman á Austurvelli í fallegum sumarkjólum í skærum litum ná þær að kveða burt veturinn sem virðist alltaf birtast aftur á hverjum morgni. Lóunni virðist að minnsta kosti ekki ganga nógu vel við þetta verk. Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir hverja konu að eiga fallegan sumarkjól þegar sólin loksins kemur.



**Skilrúm í kínverskum stíl** er hægt að nota á mjög smekklegan hátt til þess að skipta upp rýmum í íbúð. Á kínversku heitir þetta húsgagn „pingfeng“ sem þýðir „að skýla fyrir vindinum“. Skilrúmin er hægt að fá í mörgum stærðum og gerðum hvort sem á þeim eru kínverskar skrautmyndir eður ei og þau geta hrist skemmtilega upp í lúkkinu á venjulegum íbúðum.

## ÚTI



**Latínópopp.** Marc Anthony, Ricky Martin, Enrique Iglesias, Shakira, þarf að segja meira? Ef það er til gott latínópopp fáum við allavega ekki mikið að heyra af því. Flest af því er hryllingur og þó svo að sumarið sé að nálgast skulum við vona að latínópoppið komi ekki með því.



**Sólgleraugu í geimstíl.** Straumlínulöguð með speglagleri, helst í einhverjum afbrigðilegum litum. Þetta er ekki svo smart. Ef fólk er atvinnuhjólreiðamenn eða mikið fyrir geimlúkkið eru þessi gleraugu í góðu lagi en annars ekki. Þau minna á fluguaugu eða einhvers konar skordýr, sem er varla nokkuð sem fólk er að sækjast eftir eða hvað?



**Of minimalískar íbúðir.** Þegar íbúðir eru svo hrikalega mikið í stíl og einu litirnir sem mega sjást inni eru hvítur, svartur og grár myndast einhver furðulega ópersónuleg spítalastemning. Það er ekki stíll sem fólk ætti að sækjast eftir heima hjá sér. Íbúðir með karakter eru málið! Innanhússhönnuðurinn í Queer Eye for the Straight Guy veit hvað hann syngur þegar hann velur skemmtilega liti og innréttingar sem hæfa einstaklingnum. Meira svona, takk!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:** 1 vindur, 5 jór, 6 eink. st., 7 fleirtala, 8 á flíkum, 9 langdregið hljóð, 10 verkfæri, 12 maka, 13 ártíð, 15 til, 16 fyrirtæki, 18 eyðir.

**Lóðrétt:** 1 var kaupstaður, 2 heit tilfinning, 3 í röð, 4 voð, 6 skorta, 8 fugl, 11 lausung, 14 fljótfærni, 17 ullarhnoðrar.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 kári, 5 ess, 6 ve, 7 ft, 8 laf, 9 sónn, 10 al, 12 ata, 13 vor, 15 að, 16 ísal, 18 sóar.

**Lóðrétt:** 1 keflavík, 2 ást, 3 rs, 4 vefnaður, 6 vanta, 8 lóa, 11 los, 14 ras, 17 ló.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. 75 ára.
2. 40 hið minnsta.
3. Jón Arnór Stefánsson.

» FASTUR birta » PUNKTUR

STÓRLEIKARINN VALUR SNÆR HILMARSSON: KENNIR FULLORÐNUM KURTEISI OG MANNASIÐI

# Má ekki segja ljótt í umferðinni

Þetta er Valur Snær Hilmarsson, óknyttastrákurinn á þríhjólinu í auglýsingum Umferðarráðs, sem vakið hafa snörp skoðanaskipti undanfarna daga. Valur er fimm ára og eyðir hvunndeginum á leikskólanum Klettaborg í Grafarvogi, þar sem hann er alltaf eins og ljós og algjör andstæða við götustrákinn í auglýsingunni. Skemmtilegur strákur og klár ljúflingur, þótt hann eigi sitt skap eins og aðrir og viti oftast hvað hann vill.

„Valur Snær er búinn að fá mikla og í níutíu prósentum tilvika mjög jákvæða athygli,“ segir móðir hans Eydís Hauksdóttir, sem skráði snáðann á umboðsskrifstofuna Casting fyrir nokkru. Þetta er þó fyrsta verkefni Vals Snæs í leikarasporum fyrir Eskimo Models.

„Auk vina, ættingja og samfélags barna og foreldra á leikskólanum hafa ótalmargir labbað upp á Val Snæ til að gefa sig á tal við hann og spyrja hvort hann sé ekki strákurinn í auglýsingunni, bæði börn og fullorðnir. Drengurinn tekur því með stakri ró, vill sem minnst ræða þennan stórleik og æsir sig ekki upp við athyglina,“ segir Eydís og bætir við að Valur Snær sé með sín eigin svör á takteinum þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi verið svona ókurteis og dónalegur í auglýsingunni.

„Þá svarar hann um hæl og í einlægni: „Ég gerði þetta til að kenna fullorðna fólkinu mannasiði og að segja ekki ljótt í umferðinni. Það má nefnilega ekki haga sér svona.“ Og hann apar síst eftir þessa hegðun, enda flestum stundum prúður og stilltur piltur,“ segir móðirin stoltri röddu.

Sjálfur segist Valur Snær hafa haft gaman af því að leika í auglýsingunni.

„Ég leik kannski í fleirum seinna, en ég þekki samt engan sem hefur leikið í auglýsingu,“ segir hann um leið og Eydís mamma hans skýtur því inn í að amma hans hafi nú gert það.

„Já, en kannski verð ég sjálfur leikari þegar ég verð orðinn stór,“ segir hann hugsi og íbygginn, og vonandi segjum við hin því strákurinn Valur Snær hefur stolið senunni í auglýsingatímum sjónvarpsins, rétt eins og hin börnin syrpunnar líka. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GÓÐ FYRIRMYND** Valur Snær Hilmarsson er andlit auglýsingaherferðar Umferðarráðs: „Ert þú góð fyrirmynd?“ Hann er andstæðan við götustrákinn á þríhjólinu; ljúflingur með kláran koll.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Guðrún Eva Mínervudóttir** rithöfundur hefur sagt skilið við bókaútgáfuna Bjart og mun gefa út næstu skáldsögu sína, *Sirkus*, hjá Eddu útgáfu undir merkjum Máls og meningar. Guðrún Eva er einn frambærilegasti rithöfundurinn af yngri kynslóðinni þannig að hér er um mikinn happafeng að ræða fyrir Mál og menningu sem væntir mikils af samstarfinu við Guðrúnu Evu.



Guðrún Eva vakti strax mikla athygli þegar smásagnasafnið hennar Á meðan hann horfir á þig ertu María mey kom út hjá Bjarti en hún hefur verið afkastamikil á undanförnum árum og Bjartur hefur gefið út fjórar skáldsögur eftir hana; júlí ljúlí, Fyrirlestur um hamingjuna, Albúm og Sagan af sjóreknu píanóunum. Þá stóð til að Sirkus kæmi út hjá Bjarti í fyrra en vistaskiptin breyta því þó Bjartur sitji kannski ekki endilega eftir með sárt ennið þar sem hann hefur enn gullkálfana **Harry Potter** og **Dan Brown** á sínum básum.

Gríndávaldurinn **Sailesh** sló í gegn á Íslandi í fyrra en er kominn aftur til landsins og ætlar nú að dveljast hér í tvær vikur. Hann er kolfallinn fyrir landi og þjóð og segist hvergi annars staðar í heiminum hafa lent í því að vera meðhöndlaður eins og rokkstjarna. Hann vonast til þess að geta séð jökla, Gullfoss og Geysi í þessari heimsókn og fullyrðir að hann muni koma hingað aftur, ef ekki til að skemmta þá sem venjulegur ferðamaður. Þegar Sailesh kom hingað í fyrra fór hann í sjónvarpsviðtal og hitti þá á göngum Stöðvar 2 tvær ungar stúlkur sem voru með foreldrum sínum í vinnunni vegna kennaraverkfallsins. Þær gáfu honum armband sem þær sögðu honum að myndi vernda hann fyrir öllu illu. Sailesh segist þá hafa sannfærst um að Ísland væri töfraland og hann hefur ekki tekið armbandið af sér síðan.



Alltaf í leiðinni

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

# Einokun áfram á klámblöðum

Ritfanga- og skrifstofuverslanakeðjan Office 1 hóf í vikunni sjálfstæðan innflutning á erlendum tímaritum í samkeppni við Pennann – blaðadreifingu og býður þekkt tímarit á lægra verði en áður hefur þekkst á Íslandi. Sem dæmi má nefna að Cosmopolitan UK mun kosta 495 krónur hjá Office 1 en kostar annars staðar yfir 1.000 krónur.

Penninn – blaðadreifing hefur setið einn að tímaritamarkaðnum en Fjölvar Darri Rafnsson, framkvæmdastjóri Office 1, segir verðlækkunina hafa vakið mikla athygli og það sé á köflum örtröð í verslunum þar sem fólk kaupi heilu blaðabunkana. Meðal titla sem þegar fást á lækkuðu verði eru GQ, Esquire, Now, Vogue, OK og Empire.

Klámblöðin sem verma efstu hillur bókaverslana eru ekki þarna á meðal. „Við erum ekki farnir að kaupa inn klámblöð og selja á lækkuðu verði,“ segir Darri, sem útilokar þó ekki að karlablöðin Hustler, Cheri og fleiri verði einhvern tíma í blaðarekkum Office 1 á niðursettu verði.

Hann telur víst að eftirspurnin eftir klámblöðunum sé umtalsverð. „Ég hef fengið mikið af fyrirspurnum um þetta og það hefur mikið verið hringt og spurt hvort við komum til með að selja klámblöð á lægra verði. Þetta eru allt karlmenn sem hafa hringt og áhuginn er greinilega umtalsverður. Við höfum ekki ákveðið neitt í þessum efnum og klámblöðin eru ekki á leiðini inn hjá okkur en ég hef ekki lokað á neitt. Ég get vel hugsað mér að taka klámblöðin inn en það strandar svolítið á innkaupastjóranum mínum, sem er kona og vill alls ekki kaupa þessi blöð.“ ■



**KLÁMBLÖÐ** Kaupendur erlendra glans- og fagtímarita geta nú keypt lesninguna á verulega lækkuðu verði hjá Office 1. Klámblöðin eru enn einungis á könnu Pennans – blaðadreifingar og eru því enn í hærri kantinum þegar kemur að verðlagningu.



# LANDSINS MESTA ÚRVAL?

Eitt mesta úrval landsins af heimilistækjum.

Allt í eldhúsið og meira til frá virtum framleiðendum s.s.

PHILIPS — Whirlpool — DēLonghi — Bompani

Bauknecht — BEKO — UNITED — INDESIT

GeneralFrost — TecnoWind — VESTFROST

***ÚTLITSGALLAÐ:*** *Lítið útlitsgallaðar vörur seldar með góðum afslætti.*

***GASELDAVÉLAR:*** *15-30% afsláttur af gaseldavélum.*

ÓDÝRARI
HEIMILISTÆKI

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000







BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Góð hugmynd

Tillaga Agnesar Bragadóttur um að fólk hói sig saman og stofni almenningshlutafélag til þess að kaupa Símann telst samkvæmt mínum kokkabótum vera barasta nokkuð góð hugmynd. Í ofanálag finnst mér það ansi hreint skemmtilegt að hugmyndin skyldi ekki hafa stöðvast á hugmyndastiginu eins og oft vill verða um góðar hugmyndir – maður fær yfirleitt góðar hugmyndir á kvöldin, hættir svo við þær að morgni, en hvað um það – heldur hafi semsagt verið ákveðið að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Ja hérna, segi ég. Stórkostlegt. Athyglisvert. Þetta er gaman að sjá.

**ÞAÐ** að almenningur eignist Landssímann er auðvitað á ákveðinn hátt byltingarkennd hugmynd miðað við það hvernig tískan er, en tískan gerir jú frekar ráð fyrir að einir, tveir, þrír kallar eignist svona fyrirtæki og reyni síðan í krafti þess að auka auð sinn enn frekar þar til þeir verða ríkari en Englandsdrottning og heilagri en Páfinn. En hins vegar er hugmyndin ekki svo byltingarkennd út frá því sjónarmiði, að þjóðin hefur jú átt Símann hingað til – eins og bent hefur verið á – og er því hér einungis leitast við að þjóðin eigi hann í sem mestum mæli áfram.

**SEM** er jú kannski byltingarkennt, ef út í það er farið. Að þjóðin kaupi aftur það sem hún á. Mér hefur reyndar runnið svo mikið kapp í kinn við þessa tilburði og er orðinn svo fullur ákafa að ég sé enga ástæðu til þess að almenningshlutafélagið væntanlega láti sér nægja að kaupa einungis Símann. Ég sé fleiri möguleika.

**ÞJÓÐIN** getur keypt mun meira. Ég sé fyrir mér að fyrir hagnaðinn af rekstri Símans, sem verður auðvitað umtalsverður, muni almenningshlutafélagið til dæmis slá til og kaupa fiskimiðinn. Hví ekki það? Þá myndi þjóðin eignast það sem margir segja reyndar að hún eigi, semsagt fiskinn í sjónum. Og fyrir hagnaðinn af fiskimiðunum, sem yrði umtalsverður, gæti hlutafélagið gerst sér lítið fyrir og keypt bankana aftur. Hví ekki það? Og fyrir hagnaðinn af þeim, sem verður bara á þessu ári skrilljón trilljónir, mætti nú gera ýmislegt, kæru vinir. Ýmislegt.

**ÞEGAR** allt þetta fé verður farið að skila sér í kassann boðar hlutafélagið að sjálfsögðu til almenns hluthafafundar eins og því verður uppálagt að gera. Halda mætti slíkan fund á Þingvöllum enda öll þjóðin hluthafar (allir taka þátt, því þetta er svo sniðugt), og þar sé ég fyrir mér að margar skynsamlegar ákvarðanir yrðu teknar. Til dæmis myndi félagið örugglega sjá ástæðu til þess að verja fénu í góða spítala, gott menntakerfi og góðar samgöngur svo dæmi sé tekið. Svona þetta helsta sem fólkið vill til þess að geta lifað mannsæmandi og góðu lífi. Semsagt velferðarkerfi. Og það held ég að sé bara ansi hreint góð hugmynd. Barasta mjög góð hugmynd, þótt hún sé reyndar ekki alveg ný af nálinni. ■

